



Borgarleikhúsið

Ray Cooney
Beint í æð!
Íslensk heimfærsla
Gísli Rúnar Jónsson

Borgarleikhúsið 2014-2015

FYRRI ÞÁTTUR

Aðsetur lækna á Sjúkrahúsinu á Ísafirði. Leikurinn gerist á „rauntíma“ u.þ.b. tveggja klukkustunda á bilinu 10.45 árdegis til 12.45 eftir hádegi.

JÓN BORGAR *ræskir sig, ávarpar ímyndaða tilheyrendur og tekur brátt að ganga um gólf*

JÓN BORGAR: (frh. > *Hækkar róminn.*) „... og því er það nú svo, á þessum óvissutímum, er heilbrigðisstofnanir á vesturlöndum og heilbrigðisstéttirnar ekki síður, sæta ómaklegri gagnrýni ...“ (frh.) „... að almenningur lítur vonaraugum til þjónustuhollra fagmanna í heilbrigðisgeiranum, þ.e.: Þeirra sem helgað hafa líf sitt göfugri köllun sinni, ntt. að hlúa að og bjarga mannslífum - eftir liðveislu, leiðsögn og fagmennsku er byggir á veglyndum metnaði, sem og þekkingu ...“ (frh.) „... og því bið ég ykkur virðulegu starfsbræður að rifja upp eiðinn, sem í árdaga var svarinn af föður vestrænnar læknisfræði, engum öðrum en sjálfum ...“

Dymar opnast og GRÍMUR BRIEM birtist í miðju samtali við einhvern, stansar.

GRÍMUR: (Kallar fram.) ... gestirnir skera hangikjötið bara sjálfir. Þú færð að misbeita hnífnum í uppskurðinum á eftir. Múha!

HANN skellir hurðinni og snýr sér að JÓNI sem hvessir á HANN augun. Meðan eftirfarandi samtal á sér stað, gengur HANN að skrifborðinu, dengir kassanum og skálinni á borðið, lætur fara talsvert fyrir sér, dregur þrífót úr kassanum og fær sér piparköku

GRÍMUR: (frh.) Góðan daginn. Má bjóða þér piparköku? Hún Bekka á smit bakaði þær.

JÓN hrekkur aftur við.

JÓN BORGAR: (Önugur.) Grímur minn! Sérðu ekki að ég er alveg á kafi?

GRÍMUR: (frh.) ... ég líka og aðeins þrír dagar í Þorabrólót. (Flissar.) Við enn að æfa skemmtiatriðin og varla byrjaðir að taka upp myndbandið.

JÓN BORGAR: (Önugur.) Væri þér sama? Ég er að reyna að læra þetta utanbókar!

GRÍMUR: Var hún Jórunn nokkuð búin að koma með búningana?

JÓN BORGAR: Jórunn, hvað!? Þetta er aðsetur fyrir lækna, ekki hjúkrunarkonur!

GRÍMUR: Ertu að æfa þig fyrir Minni kvenna?

JÓN BORGAR: (Móðgaður.) Nei! Ég er að æfa fyrirlesturinn fyrir ráðstefnuna á eftir. GRÍMUR: (Missir áhugann.) Nú. Það.

JÓN BORGAR: (Pirraður og uppskafinn.) Já, það! Gerirðu þér grein fyrir því, Grímur Briem, að þrjátíu erlendir taugalæknar eru komnir alla leið til Íslands, bara til þess að hlusta á mig flytja Hippókratesarfyrirlesturinn hér í Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. Og Guðmundur Fertram verður í salnum!

GRÍMUR: Ég er ekki hissa á því: Fyrir frítt flug og hótél í viku, myndi ég fara á fyrirlestur með Snorra Más á suðurskautslandinu! (Dokar. Síðan.) Heyrðu kallinn, var búið að gefa ok á búið? (Hækkar róminn.)

Undir eftirfarandi reynir JÓN að hefja æfingu ræðunnar á ný. GRÍMUR tínir búninga og gervi upp úr körfunni. Gervi á vegum GRÍ eru öll í vandaðri kantinum. HANN kveikir á vídeótökuvélinni. Þá setur HANN upp hárkollu Harley Quinn og kylfu og ber tilheyrandi búning sem snöggvast við sjálfan sig og gerir þvínæst hið sama við búning ELPHÖBU úr Wicked. Loks skilar HANN Harley-búningnum og fáeinum öðrum ofan í körfuna, en setur

ELPHÖBU-búninginn ásamt restinni ofan í pappakassann

GRÍMUR: (*frh.*) Og klukkan hvað byrjar þessi taugafyrirlestur?

JÓN BORGAR: Klukkan tólf á hádegis.

GRÍMUR: Rétt rúm klukkustund í lokauppgjörið. Gangi þér vel.

JÓN BORGAR: Þakka þér fyrir.

GRÍMUR: Nervös? [Taugastrekkur?]

JÓN BORGAR: Já!

GRÍMUR: Mjög algengt hjá taugalæknum.

JÓN BORGAR: (*Fer með ræðuna.*) „... og því bið ég ykkur virðulegu starfsbræður á sviði taugarannsóknna, hingað komnir víðsvegar að, frá Ameríku ...”

Dynnar opnast og SÚSANNA eiginkona JÓNS birtist. HÚN er fremur formföst en aðlaðandi, á svipuðum aldri og eiginmaðurinn, klædd merkjavöru og yfirhöfn í takt við veður. HÚN gengur inn fyrir - og lokar á eftir sér

SÚSANNA: (*Á leiðinni.*) Fyrirgefðu, Nonni minn ...

JÓN BORGAR: (*Hrekkur við.*) Agh!

SÚSANNA: ... ég ætla ekkert að trufla.

JÓN BORGAR: Súsí mín, hvað nú?

GRÍMUR: Hæ.

SÚSANNA: Hæ. (*Við JÓN.*) Mig vantar bílastæðaskiltið.

JÓN BORGAR: Sérðu ekki að ég er að reyna að einbeita mér hérna?

SÚSANNA: Fljótur elskan. Ég lagði bílnum upp á gangstétt.

GRÍMUR: Ertu að koma á fyrirlesturinn?

SÚSANNA: Ég færi nú varla að missa af svo stórum degi hjá eiginmanninum.

JÓN BORGAR: Stóri dagurinn hjá eiginmanninum verður algjört flopp, ef hann fær ekki að æfa ræðuna sína í friði.

SÚSANNA: Láttu ekki svona, þú kunnir hana afturábak í gærkvöldi.

Undir eftirfarandi fer GRÍMUR með skálina til SÚSÖNNU og fær sér köku á leiðinni

GRÍMUR: Í alvöru! (*Við JÓN.*) Værirðu til í að taka hana afturábak fyrir okkur á þorrablótinu? (*Við SÚSÖNNU.*) Fáðu þér piparköku.

SÚSANNA: Nei, takk.

GRÍMUR: Mjög góðar. Hún Elín á smitsjúkdómadeildinni bakaði þær.

SÚSANNA: Ég á þær inni þangað til á Þorrablótinu. (*Við JÓN.*) Jón. Jón Borgar!

JÓN BORGAR: (*Andvarpar.*) Grímur, átt þú ekki svona skilti? (*Við SÚSÖNNU.*)

Af hverju kemurðu svona snemma?

GRÍMUR rótar í skúffu og dregur upp STÆÐISKORT FYRIR HREYFIHAMLADA

SÚSANNA: Æi, hún Árný Margrét var eitthvað að tala um að við myndum vera við dynnar uppi á ráðstefnusal og bjóða gestina velkomna.

GRÍMUR: Dugir þetta?

SÚSANNA: Frábært. (*Við JÓN.*) Ef ég sé þig ekki á undan, þá bara: Gangi þér vel.

JÓN BORGAR: Takk.

SÚSANNA: Þú rústar þessu, elskan.

JÓN BORGAR: Takk.

SÚSANNA: Nervös?

JÓN BORGAR: Já!

SÚSANNA: (Við GRÍM.) Ætlaðu ekki að koma upp á sal á eftir?

GRÍMUR: Iss, nei, ég hef allt annað og þarfara að gera.

JÓN BORGAR: Þakka þér kærlega fyrir!

GRÍMUR: Í alvöru, við erum á fullu að æfa grínið fyrir þorablótsmyndbandið.

SÚSANNA: Ókei. (Við JÓN.) Og ætla þú að vera með núna?

JÓN BORGAR: Með í hverju?

SÚSANNA: Nú, fara með minni kvenna eins og í fyrra?

HÚN tekur upp skotthúfu úr búningahrúgunni. Undir eftirfarandi kinkar GRÍMUR kolli bak við JÓN og glennir sig framan í SÚSÖNNU til marks um að hlutverkaskipan sé afráðin.

JÓN BORGAR: (Pirraður.) Það eina sem ég hef hugann við er þessi fyrirlestur, þrjátíu erlendir taugalæknar

SÚSANNA hlær, JÓN horfir kuldalega á HANA og snýr sér aftur að ræðunni. GRÍMUR fer aftur að óhreinatauskörfunni, tekur að gramsa.

SÚSANNA: Ég held það væri gaman fyrir fleiri en mig að sjá þig með hana þessa.

SÚSANNA kastar frá sér skotthúfunni og gengur út. HÚN lokar á eftir sér. GRÍMUR tekur að raula fyrir munni sér

JÓN BORGAR: (Niðursokkinn.) Grímur, af hverju notar þú ekki tækifærið og gufar upp?

(Fer með ræðuna.) „... að ég bið ykkur virðulegu starfsbræður um að rifja upp eiðinn- ...”

Dymar opnast, GRETTIR SIG gengur inn - og dymar lokast sjálfkrafa á eftir honum

GRETTIR: (Hárri raust á leiðinni.) Ó, þarna ertu þá, vinur.

JÓN BORGAR: (Hrekkur við og hrópar.) Æ, and-skotans!

Undir eftirfarandi samtali gengur GRETTIR að fatahenginu, færir sig úr slopp og hettu og skiptir út fyrir jakka og hálsbindi

GRETTIR: (Á leiðinni við GRÍM.) Blessaður, vinur.

GRÍMUR: Ekki svo ég viti. Heyrðu, þú kemur á æfinguna á eftir, er það ekki?

GRETTIR: (Á leiðinni.) Ha? Jú, jú, ég kem. (Við JÓN.) Langaði bara til að óska þér góðs gengis.

(Híkar. Síðan.) Stór dagur hjá mínum?

JÓN BORGAR: (Niðursokkinn.) Já.

GRETTIR: Nervös?

JÓN BORGAR: Já!

GRÍMUR: Iss, piss. Þrjátíu taugasérfræðingar í salnum - og allir á róandi.

GRETTIR: Ó ... (Einlægur við JÓN.) Vantar þig róandi?

JÓN BORGAR: Nei, Grettir! Ég er að reyna að æfa fyrirlesturinn.

GRETTIR: Ég læt þig þá bara í friði. (Dokar.)

JÓN BORGAR: Jú! Þakka þér fyrir.

GRETTIR: (Dokar. Síðan.) Ertu að læra allan fyrirlesturinn utanbókar?

JÓN BORGAR: Ég er að reyna það, já!

GRETTIR: (Aðdáunarfullur.) Ja-hérna. Ég sem á í vandræðum með að læra þessa einu setningu sem ég á að segja í myndbandinu. Ég á sko að leika Amöbu.

GRÍMUR: Elphöbu.

GRETTIR: Já, ég sagði það. (Ögn sár við JÓN.) Þínulítið hlutverk. Ég er eiginlega hálfgerður sadisti.

GRÍMUR: Stadisti.

GRETTIR: Ég sagði það. Og Jórunn yfirhjúkka leikur hetjuna en ég er illmennið, og ég á að koma

svona aftan að henni, lyfta pilsfaldinum, kíkja upp undir hana og segja

...

HANN dregur upp krumpaðan minnismiða

GRETTIR: (frh. > Les.) „Þetta er eins og að stinga hausnum í steininn!“ (Við GRÍM.) Ertu viss um að það verði hlegið að þessu?

JÓN BORGAR: (*Grípur fram í.*) Grettir, átt þú ekki að vera á stofugangi?

GRETTIR: Nei, ég var að koma úr uppskurði. Ja-hérna, ekki grunaði mig það, Jón Borgar, þegar við vorum kandídatar á deildinni hér í denn, að einn daginn myndir þú flytja Hippókratesarfyrirlesturinn.

HANN hrekkur við. Sama gerir JÓN.

JÓN BORGAR: Ef þú hættir ekki þessu blaði, kem ég ekki til með að flytja neitt. Nema úr landi!

GRETTIR: Það er satt. Fyrirgefðu vinur.

JÓN sökkvir sér aftur ofan í ræðuna. GRÍMUR gengur aftur fyrir JÓN og mátar skotthúfuna á höfði HANS meðan GRETTIR fer að kaffivélinni SV og skenkir sér í mál

GRETTIR: (frh. > *Á leiðinni.*) Viltu kaffi, vinur?

JÓN BORGAR: Nei, takk!

GRÍMUR: Fyrirgefðu, ég veit að minni kvenna er stórt dæmi, en ekki værirðu til í að leika líka lík í lokaatriðinu?

JÓN BORGAR: Grímur Briem! Viltu gjöra svo vel og láta þig hverfa!

GRÍMUR: Ég spurði Árnýju Margréti hvort við gætum fengið lánað úr líkhúsinu. Hún var eitthvað voða treg.

Dynnar opnast, JÓRUNN yfirdeildarhjúkrunarfræðingur birtist - og dynnar lokast á eftir henni.

HÚN ýtir á undan sér líkbörum með einhverju sem virðist vera lík, hulið laki. HÚN stefnir að dyrunum en stansar. JÓRUNN er sérlega yfirveguð, umfangsmikil og þunglamaleg kona, klædd samkvæmt stétt og stöðu

JÓRUNN: (*Á leiðinni.*) Fyrirgefiði. Bara aðeins að ...

JÓN BORGAR: (*Önugur.*) Fólk er rápandi hér út og inn eins og ... eins og- ...

GRÍMUR: ... -göngusjúklingar á kynsjúkdómadeild.

JÓRUNN: (*Ögn háðsk.*) Nú? Verður minni kvenna flutt með þessum derring á þorablótinu?

JÓN BORGAR: Fyrirgefðu Jórunn, en þetta á að heita aðsetur lækna, ekki umferðarmiðstöð fyrir hjúkkur.

JÓRUNN: Hjúkrunar-fræðinga.

JÓN BORGAR: Whatever!

JÓRUNN: Bara að stytta mér leið.

GRETTIR: (*Hluttekningarsamur.*) Hver var að deyja?

JÓRUNN lyftir einu horninu á lakinu, og virðir fyrir sér það sem blasir við henni (einni)

JÓRUNN: (*Pirruð.*) Oh, þessir kaþólikkar!

GRETTIR: (*Agndofa.*) Er þetta kaþólikki?

JÓRUNN sviptir lakinu alveg af - og í ljós koma þorabakkar og trog, sem fyrir einskæra tilviljun hefur verið raðað í mót er minnir á mannslíkama. HÚN hristir höfuðið

JÓRUNN: (*Pirruð.*) Veitingar fyrir þorablótið!

GRETTIR: (*Við JÓRUNNI.*) Viltu að ég hjálpi þér með þetta?

JÓRUNN kinkar kolli. Undir eftirfarandi ganga JÓRUNN og GRETTIR með börurnar á milli sín, HÚN á undan, HANN á eftir.

GRÍMUR: (*Við JÓRUNNI.*) Og þú manst að æfingin byrjar eftir nokkrar mínútur.

JÓRUNN: (*Á leiðinni.*) Æfingin?

GRÍMUR: Já, Jórunn mín: Skemmtiatriðin og upptakan á myndbandinu

JÓRUNN: (*Á leiðinni.*) Góði, ég má ekkert vera að því.

GRETTIR: (*Á leiðinni.*) Heyrðu Jórunn, getur þú sagt mér hvað er svona fyndið við ...

„Þetta er eins og að stinga hausnum í steininn?“

PAU *hverfa út - og dyrnar lokast sjálfkrafa á eftir þeim. Undir eftirfarandi gengur JÓN með ræðuna og snýr baki í GRÍM, sem tekur að leita í óhreinatauskörfunni og finnur þar tvo græna kvenhatta frá 3. áratugnum, þeirrar gerðar er minna á sundhettur, ásamt grænu sjali í stíl. HANN setur á sig sjalið og annann hattinn, heldur á hinum, gengur að speglinum, skoðar sig og prófar hattana á víxl*

GRÍMUR: Guð, ég vona að ég þurfi ekki að útskýra alla brandarana fyrir honum Gretti.

JÓN BORGAR: Grímur, viltu gjöra svo vel og hafa þögn - eða pilla þig á þessa æfingu!

Dyrnar opnast og ÁRNÝ MARGRÉT birtist.

ÁRNÝ MARGRÉT: (*frh.*) Hvað ert þú að vilja hér? Hver ert þú?

GRÍMUR *snýr sér við og hneigir sig*

GRÍMUR: (*Kvenlegum róm.*) Grímur Briem. Vinn í pulsugerðinni.

ÁRNÝ MARGRÉT: (*Grípur fram í.*) Farðu út drengur. Ég þarf að ræða við hann Jón Borgar.

HÚN *heldur áfram að gjóa augunum á áfengið - en hraðar sér síðan að kaffivélinni og fær sér kaffi í mál meðan GRÍMUR sækir pappakassann*

GRÍMUR: (*Með uppgerðar hátíðleika.*) Veistu, mig langaði bara til að óska þér gleðilegra...

ÁRNÝ MARGRÉT: (*Grípur fram í.*) Út með þig!

GRÍMUR *fer með pappakassann að dyrunum, opnar - stansar í gættinni, milli vængjahurða, og snýr sér við*

GRÍMUR: (*„Einlægur.“*) Fyrirgefðu Árný, ekki vænti ég þess að þú værir til í að taka að þér hlutverk á litlujólunum?

ÁRNÝ MARGRÉT: Ha?

GRÍMUR: Okkur vantar galdranorn.

JÓN BORGAR: Grímur!

GRÍMUR *þykist leita í kassanum*

JÓN BORGAR: (*Grípur fram í hárri raust.*) ... gufaðu upp!

GRÍMUR *lætur sig hverfa út - og dyrnar lokast sjálfkrafa á eftir honum*

JÓN BORGAR: (*frh. > Stimamjúkur.*) Jæja Árný, þá er það bara- ...

ÁRNÝ MARGRÉT: (*Grípur hranalega fram í.*) Já, já, ókei, ókei!

JÓN BORGAR: Já, ókei.

ÁRNÝ MARGRÉT: Ég þarf vonandi ekki að minna þig á það hversu mikilvægur

Hippókratesarfyrirlesturinn er ...

JÓN *tekur skotthúfuna afsakandi ofan og leggur á skrifborðið ÁRNÝ dreypir á kaffinu og gjóar augum á áfengið. Undir eftirfarandi gengur JÓN uppsviðs, svipast um eftir stól fyrir ÁRNÝJU, sem sætir lagi, skrófar tappa af áfengisflösku og gerir sig líklega til að hella í málið*

ÁRNÝ MARGRÉT: (*frh.*) ... og sem formaður nefndarinnar og yfirlæknir hér á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða var ég í kjörstöðu og svo gott sem einráð við val á fyrirlesaranum í ár og ég get sagt þér það Jón Borgar og ég held að það sé ekkert leyndarmál að þú varst ekki fyrsti valkostur okkar í nefndinni.

JÓN kemur auga á stól , snýr sér FS og nálgast með stólinn. PÁLL neyðist til að slá skenkingunni á frest

JÓN BORGAR: (Jákvæður.) Njaa, ég hafði svo sem heyrt því fleygt að ég hafi ekki verið alveg efstur á blaði ...

ÁRNÝ MARGRÉT: Þú varst neðstur!

JÓN BORGAR: Einmitt.

ÁRNÝ MARGRÉT: Hvað um það, úrvalið var nú ekki beint glæsilegt. En taugalækningar urðu fyrir valinu sem þema, þú ert yfir taugadeildinni, við erum skuldbundnir Dönum fyrir læknalánið og þú hálfur Dani, þannig að - ergó: Jón Borgar Eskildsen flytur fyrirlesturinn fyrir Íslands hönd, ekki satt?

JÓN rennir stólnum undir ÁRNÝJU skammt undan lyfjaborðinu

JÓN BORGAR: Árný Margrét, ég mun ekki bregðast þér.

ÁRNÝ MARGRÉT: Guð hjálpi þér ef þú gerir það! Ertu með eitthvað um ríkisstjórnina? JÓN

BORGAR: Í ræðunni? Nei, að sjálfsögðu ekki.

ÁRNÝ MARGRÉT: (Öskupirruð.) Þá skaltu kippa því í liðinn strax!

JÓN BORGAR: Að sjálfsögðu!

ÁRNÝ MARGRÉT: Bjálfi geturðu verið.

JÓN BORGAR: Sammála.

HANN hraðar sér að skrifborðinu, og á meðan sætir ÁRNÝ lagi, teygir sig í flöskuna og hellir í málið

JÓN BORGAR: (frh. > Á leiðinni.) Eitthvað sérstakt sem þú vilt að ég komi inn á?

ÁRNÝ MARGRÉT: Nú, auðvitað eitthvað jákvætt, andskotinn hafi það! Heilbrigðisráðherra situr á fremsta bekk.

JÓN tekur að leiðrétta jöfnum höndum ræðublöðin og forritið í tölvunni. ÁRNÝ þambar úr málinu

JÓN BORGAR: Jákvæðar athugasemdir skulu það vera Árný Margrét, ekki málið.

ÁRNÝ MARGRÉT: Og talaðu um fjárskort.

JÓN BORGAR: Fjárskort?

ÁRNÝ MARGRÉT: Já. Okkur vantar nýjan heilaskanna.

JÓN BORGAR: Gotcha. Fjárskortur.

ÁRNÝ MARGRÉT: En ekki láta þessi útlendingsviðrini halda að við séum einhver kreppulýður.

JÓN BORGAR: Nei, nei, alls ekki.

ÁRNÝ MARGRÉT: En kvartaðu samt yfir blankheitum og mundu að hafa þetta stutt: Það er ekkert jafn taugatrekkjandi og langlokur um taugalækningar.

HÚN rís á fætur, lýkur úr málinu, sýnir á sér fararsnið, en gjóar augunum á lyfjaborðið og tómt málið

ÁRNÝ MARGRÉT: (frh.) Hittu mig svo á skrifstofunni minni eftir fimm mínútur. Eins gott að ég yfirfari þetta ræðutrums.

JÓN BORGAR: Höfðinglega boðið! Fimm mínútur, sagði hann.

ÁRNÝ slær för sinni enn á frest. Undir eftirfarandi fer HÚN kringum lyfjaborðið eins og köttur í kringum heitan graut, fylgist grannt með JÓNI út undan sér, og bíður eftir rétta augnablikinu

ÁRNÝ MARGRÉT: Þú veist að ég læt bráðum af embætti yfirlæknis hér á stofnuninni ...

JÓN BORGAR: Já, það var einhver að segja það.

ÁRNÝ MARGRÉT: ... og Hippókratesarfyrirlesturinn hefur löngum verið talinn stökkipallur í yfirlæknisstöðuna.

JÓN BORGAR: Ég hafði nú ekki áttað mig á því.

ÁRNÝ MARGRÉT: Þú lýgur því.

JÓN BORGAR: Njaa ...

ÁRNÝ MARGRÉT: Hvernig heldurðu að ég hafi orðið yfirlæknir hérna?

JÓN BORGAR: (*Sakleysislega.*) Ég hef einmitt oft velt því fyrir mér.

HÚN *hefur gefist upp á að komast óséð í áfengið og er komin að dyrunum, afspyrnu gröm*

ÁRNÝ MARGRÉT: Fimm mínútur!

JÓN BORGAR: Ekki málið! (*Muldrar.*) Blankheit ... fjárskortur ...

ÁRNÝ *hverfur út með tómt málið meðferðis - og dyrnar lokast sjálfkrafa. Undir eftirfarandi ávarpar JÓN „áhorfendur“ með nýskrifaða minnispunkta til hliðsjónar og reynir ítrekað að koma forritinu í gang*

JÓN BORGAR: (*frh.*) „Hér í þessu landi ... njótum við félagslegs kerfis sem er ... og hefur verið ... þess fjárhagslega megnugt að ... að viðhalda þróttmiklu heilbrigðisstarfi

...“ (*Skellir á skrið.*) „En hvað um það, ég sé að heilbrigðisráðherra er hér á meðal vor og hvað honum viðkemur sérstaklega vil ég bera við fátækt ... nei peningaleysi, fjárskorti, nei blankheitum ...“ (*Pirraður.*) Nei, nei!“ (*Ræskir sig og eykur hraðann.*) „Nú, enda þótt mér sé uppálagt að vera hraðmæltur, stuttmæltur, stutturð- ...“ Oh! (*Hækkar róminn.*) Andskotans!

HANN *hrekkur við og glímir við forritið meðan dyrnar opnast hægt að baki HANS og DÍANA skýtur kolli milli stafs og hurðar. HÚN er liðlega fertug krúttleg kona, klædd í takt við veður og með handtösku*

JÓN BORGAR: (*frh.*) „... vildi ég gjarnan bera lof á núverandi ríkisstjórn fyrir framúrskarandi fordæmi ...“

DÍANA: Fyrirgefðu ...

JÓN BORGAR: (*Hrekkur við.*) Ah! Helvítis- ...

HANN *lítur upp. DÍANA stendur enn í dyrunum*

DÍANA: Fyrirgefðu, ég ætlaði nú ekki að- ...

JÓN BORGAR: (*Grípur fram í önnur.*) Þetta er A.L.-sex!

DÍANA: Já, ég veit ...

JÓN BORGAR: Já! Aðsetur lækna! Það er aðstaða fyrir gesti við endann á ganginum.

DÍANA: ... ég ætlaði nú reyndar að hitta þig.

JÓN BORGAR: Nú? Allt í lagi. Gefðu þig fram við stúlkurnar í móttökunni - en þú verður að vera með tilvísun frá heimilislækni.

HANN *kinkar kolli og sökkvir sér á ný ofan í ræðuna. DÍANA stendur sem fastast í dyragættinni*

DÍANA: Jón? Jón Borgar. Þetta er ég. Díana.

JÓN BORGAR: (*Lítur upp, úti á þekju.*) Díana? (*Dok. Síðan.*) Djís! DÍA Thors ... á skurðeild?

DÍANA: (*Brosir.*) Ég ætlaði alls ekki að gera þér bylt við.

HÚN *gengur inn fyrir og hallar hurðinni, án þess að loka*

JÓN BORGAR: Já ... nei ... ég meina ... (*Á ekki orð.*) Djís-! Heitasta helv- ...

DÍANA: Soldið langt síðan? Sautján ár.

JÓN BORGAR: (*Á enn ekki orð.*) Djís-! Heitasta helv- ... Þú hefur bara ekkert breyst.

DÍANA: (*Glottir.*) Nú, var það þess vegna sem þú þekktir mig strax?

JÓN BORGAR: Njaa ... nei ... ég bara man ekkert eftir þér ... í þessum fötum.

DÍANA: Manstu yfirhöfuð nokkuð eftir mér í fötum?

JÓN BORGAR: (*Ræskir sig.*) Ha? (*Síðan hátíðlega.*) Maður gleymir þér nú ekki svo glatt. Þú varst ... langhuggulegasta hjúkkan á deildinni.

DÍANA: Það sagðirðu líka við allar hinar hjúkkurnar.

JÓN BORGAR: Nei, nei. Alls ekki! (*Hátíðlega.*) Þú varst alltaf lang- ... uh ... í það minnsta hvað mér viðkom, lang-duglegust ... á vaktinni, sko!

DÍANA: Hvað þér viðkom, var ég lang-þægilegust í umgengni. Á nætur-vaktinni.

JÓN BORGAR: Uss! Segðu þetta ekki!

JÓN *sprettur á fætur, hraðar sér að dyrunum og lokar. Meðan á eftirfarandi orðaskiptum stendur, kaupir HANN sér gálgaðfrest frá augnaráði DÍÖNU, gengur að kaffivélinni og fær sér hressingu í mál*

JÓN BORGAR: (frh. > *Á leiðinni.*) Sko, þú mátt ekki halda að ég hafi gert ... þarna ... það sem við gerðum ... þarna ... með öllum hjúkkunum.

DÍANA: Nú? Bara sumum?

JÓN BORGAR: Sko ... Díana ... þú gerir þér grein fyrir því að ég er harðgiftur maður.

DÍANA: Það varstu nú líka fyrir sautján árum.

JÓN BORGAR: Já! Ég var það. Og er enn. (*Ræskir sig.*) Ég man nú ekki betur en að þú hafir verið bara alveg ... sæmilega svona ... til í tuskið sjálf!

DÍANA: Nú, auðvitað. (*Dreymandi háðsk.*) Stemningin hérna á skurðeildinni var svo rosalega rómantísk ... og sexí. Soldið svona eins og blá útgáfa af rauðu læknasögunum. Næturvakt, kaffipása og svo í morgunsárið: Smá skrens bak við svæfingavélina.

JÓN BORGAR: Jæja. (*Ræskir sig.*) Segirðu ekki annars allt gott? Ánægjulegt að sjá þig eftir allan þennan tíma.

DÍANA: (*Skyndilega.*) Ó, Guð! (*Stynur.*) Ég verð að setjast ...

JÓN BORGAR: Hvað?

DÍANA: Ég fékk bara í hnén.

JÓN *flissar óöruggur, tvístígur og lítur örvæntingarfullur á veggklukkuna meðan DÍANA sest*

JÓN BORGAR: Ef ég á að segja alveg eins og er, þá er ég í dálítilli tímaþröng. Ég á að flytja alþjóðlegan fyrirlestur, bara núna rétt á eftir.

DÍANA *rís skyndilega á fætur og undir eftirfarandi leggur HÚN frá sér handtöskuna, klæðir sig í rólegheitum úr yfirhöfninni, leggur hana frá sér á stólbakið SH og gefur til kynna að HÚN sé síst á förum*

DÍANA: (*Annars hugar.*) Vá, sautján ár ... Ég hefði auðvitað átt að segja þér frá þessu á sínum tíma.

JÓN BORGAR: Frá hverju?

DÍANA: Fannst þér aldrei neitt skrítið að ég skyldi hætta hérna á spítalanum, bara alveg upp úr þurru? Og án þess að kveðja?

JÓN BORGAR: Tjaa ... jú, ég man að mér þótti það bera svolítið svona ... brátt að.

DÍANA: Það var vegna þess að ég átti von á ... [híkar]

JÓN BORGAR: Von á hverju?

DÍANA: Nú, eftir það sem við gerðum ... hverju heldurðu að ég hafi átt von á?

JÓN BORGAR: Varla kauphækkun! (*Flissar nervös.*)

DÍANA: (*Eftir stutt dok, afar blátt áfram.*) Ég sagði upp til þess að flytja til foreldra minna austur á Höfn, vegna þess að ég átti von á barni.

JÓN BORGAR: (*Bregður hóflega.*) Barni?

DÍANA: Já!

JÓN BORGAR: Með hverjum? (*Áttar sig.*) Með mér? Við? Saman!?

DÍANA: Æi, ég gat svo sem sjálfri mér um kennt: Ekki beint gáfulegt af nýútskrifuðum hjúkrunarfræðingi að verða ólétt.

JÓN BORGAR: (*Veður nett á honum.*) Kannski ekki beint gáfulegt af nýútskrifuðum lækni heldur ... ég meina ... æ, þú veist hvað ég meina. Ég held ég verði að tylla mér.

HANN *sest* SV. DÍANA *svipast um*

DÍANA: Get ég fært þér eitthvað?

JÓN BORGAR: (*Meinlega.*) Meinarðu vindil og konfekt? Já, takk!

HANN *lyftir málinu kaldhæðnislega og „skálar“ - en sprettur síðan á fætur*

JÓN BORGAR: (*frh.*) Djís-! Ég á að hitta Árnýju Margréti eftir fimm mínútur og konan mín getur komið hingað á hverri stundu og ... Oh! Konan mín! Heitasta helv-! Þetta er nú meiri djö-! (*Fær hugmynd.*) Það er auðvitað ekki útilokað að einhver annar eigi það. Barnið, sko.

DÍANA: Nei, Jón Borgar: Það var enginn annar.

JÓN BORGAR: (*Ánægður.*) Það er nú gott.

HANN *ætlar að setjast en hættir við*

DÍANA: (*Grípur fram í.*) Æi, ég var svo oft „næstum því“ búin að segja þér frá þessu.

(*Annars hugar.*) En ég hugsaði sem svo, að það væri ástæðulaust að eyðleggja þitt líf líka

...

DÍANA: ... þú varst svo rosalega metnaðarfullur. Ætlaðir í sérnám. Kannski ekkert sérlega feminískur hugsunarháttur.

DÍANA *kímir*. JÓNÍ *verður litið á armbandsúrið sitt og síðan á veggklukkuna*

JÓN BORGAR: (*frh.*) Veistu, Díana, það stendur alveg einstaklega illa á hjá mér í augnablikinu ... og ... af hverju datt þér í hug að segja mér frá þessu akkúrat núna.

DÍANA: Það var nú bara út af Maríon.

JÓN BORGAR: Ha?

DÍANA: Barninu okkar.

JÓN BORGAR: Barninu okkar? Já! Ókei. Uh ... Maríon?

DÍANA: Æi, já, ég hef alltaf haldið svo mikið upp á Arnald ... og að það var sem sagt þess vegna, sem hán var skírt- ...

JÓN BORGAR: (*Botnar.*) Erlendur?

DÍANA: Nei. Maríon. Ég sagði hán að faðir hans hafi fallið frá þegar hán var þriggja ára.

JÓN BORGAR: (*Blátt áfram.*) Sniðugt.

DÍANA: Í fjallgöngu á Vatnajökli.

JÓN BORGAR: Á Vatnajökli?

DÍANA: Já. Mér fannst það notaleg tilhugsun fyrir lítið barn sem er að vaxa úr grasi, að hafa þá ímynd af föður sínum að hann væri svona ... rómantísk hetja.

JÓN BORGAR: (*Blátt áfram.*) Mhm. Snilld.

HANN *gerir sig líklegan til að setjast*

DÍANA: En svo í gær, þá sagði ég háni sannleikann.

JÓN *hættir við að setjast*

JÓN BORGAR: (*Sleginn.*) Háni?

DÍANA: Háni.

JÓN BORGAR: Og sagðirðu háni hvað?

DÍANA: Hán átti sko afmæli í gær.

JÓN BORGAR: Og gafstu háni það í afmælisgjöf?

DÍANA: Nei, nei, ég var löngu búin að ákveða að segja háni sannleikann þegar hán yrði sautján.

JÓN BORGAR: (*Þrumu lostinn.*) Díana!

DÍANA: Ég sagði háni ekki nákvæmlega hver það væri.

JÓN BORGAR: Nú? Hvað sagðirðu háni - nákvæmlega?

DÍANA: Bara, að ég hefði verið að dingla með ungum lækni hér á spítalanum þegar ég var að læra ...

JÓN BORGAR: Og?

DÍANA: ... að hann væri hálf danskur og að hann hefði verið giftur.

JÓN BORGAR: Það var nú alveg saklaust.

DÍANA: Ne-hei, þvert á móti. Hán talaði ekki um annað en pabba sinn í allan gærdag. Get svo svarið það, hef aldrei séð hán svona. Hán hló og grét til skiptis, greyið litla ...

JÓN BORGAR: Heitasta helv- ...!

DÍANA: Nú, þetta var afmælið hans, svo ég bauð upp á smá bjór. En ekki varð það nú til að bæta stemninguna.

JÓN BORGAR: En þú sagðir háni ekki nákvæmlega hvað ég hét?

DÍANA: Nei, en í morgun var ástandið alveg hræðilegt á barninu. Hán sagðist hafa tekið inn einhverjar pillur af því að hán átti erfitt með að sofna - og þegar þær virkuðu ekki, kláraði hán allan bjórinn ...

JÓN BORGAR: Djís-!

DÍANA: ... og skolaði restinni af svefntöflunum niður með pela af vodka.

JÓN *tyllir sér sem snöggvast, mjög hugsi*

DÍANA: Get svo svarið það, aumingja Manni litli ...

JÓN BORGAR: Manni litli?

DÍANA: ... hán var alveg ómögulegt greyið og alveg með það á hreinu að þetta væri allt saman þér að kenna.

JÓN *sprettur á fætur*

JÓN BORGAR: Mér að kenna?

DÍANA: Já! Að dömpa mér og skilja hán eftir föðurlaust.

JÓN BORGAR: Dömpa ...? Uh ... ég meina ... ég var nú bara fyrst að heyra um „Manna litla“ fyrir fimm mínútum!

HANN *tekur að æða um gólf*

DÍANA: Æi, hán er eitthvað svo ráðvillt, greyið ...

JÓN BORGAR: Er hán ráðvillt, já?

DÍANA: Þú hefðir átt að sjá hán í morgun ... Ég hefði auðvitað átt að skipa háni að vera áfram í rúminu, ég meina, hán er ekki einu sinni komið með bílpróf eða neitt.

JÓN *snarstansar í sporunum og dokar*

JÓN BORGAR: Haaa?

DÍANA: Nei, bara leyfi til æfingaaksturs. En ég réði ekkert við hán, í alvöru. Hán bara hótaði að fara hingað á spítalann, og komast að því hver faðir hans væri.

JÓN BORGAR: (*Sleginn.*) Haaa!?

DÍANA: Og áður en ég vissi af, var hán rokið út í bíl og lagt af stað vestur. Svo ég tók auðvitað leigubíl ...

JÓN BORGAR: Leigubíl, frá Reykjavík!? Krakkaandsk.- ...!

DÍANA: Hán er hérna niðri í móttöku.

JÓN BORGAR: Haaaaa!?

DÍANA: Nærðu þessu ekki? Krakinn er búinn að átta sig á því, að pabbi hans er ekki dauður uppi á Vatnajökli, heldur sprellifandi á Ísafirði - og hægt að hafa upp á honum hér, á aðsetri lækna.

JÓN *æðir nett-hysterískur að skrifborðinu, leggur frá sér málið og sækir snjallsímann*

JÓN BORGAR: Ó, nei! Það getur vel verið að pabbi hans sé sprellifandi, en það er sko ekki hægt að hafa upp á honum hér, á aðsetri lækna! (*Upp á háa c-ið.*) Ég er að fara að flytja Hippókratesar-fyrirlesturinn ...

HANN *lítur nervös á úrið og veggklukkuna*

JÓN BORGAR: (*frh.*) ... og það er tæpur klukkutími þangað til!

DÍANA: Leyfðu hán að segja við þig eitt orð - bara í fimm mínútur?

JÓN BORGAR: Ég get það ekki! Árný Margrét bíður eftir mér, tilbúin að tæta í sig fyrirlesturinn minn og ... Hvað er síminn hjá þér? Ég skal hringja í þig seinna í dag.

DÍANA: Nei, það dugir ekki.

JÓN BORGAR: Það er það besta sem ég get boðið. Þú verður að koma barninu í burtu héðan, strax!

DÍANA: Ég get það ekki. Löggan er með hán í haldi.

JÓN BORGAR: (*Sýpur hveljur.*)

DÍANA: Nú, já lögreglumaður frá Reykjavík. Það var hann sem stoppaði hán ...

JÓN BORGAR: Stoppaði hán ...?

DÍANA: ... já, og tók hán fast, ölvað undir stýri próflaust á 130 kílómetra hraða á sumardekkjum ...

JÓN BORGAR: Á sumardekkjum!?

DÍANA: ... og fyrir að ráðast á lögregluþjón.

JÓN BORGAR: Heitasta helv-! En hvað er lögregluþjónninn að þvælast með barninu til Ísafjarðar?

DÍANA: Hann náði hán ekki fyrir en í Álfafirði!

JÓN *hlammar sér niður við skrifborðið. Dyrnar opnast og GRETTIR birtist milli vængjahurða*

GRETTIR: (*Varfærnislega.*) Jón Borgar ...

JÓN BORGAR: (*Við bældan suðupunkt.*) Grettir! Ekki núna!

GRETTIR: Árný Margrét sagði að ... (*Við DÍÖNU.*) Ó, fyrirgefðu. (*Við JÓN.*) Hún sagðist enn vera að bíða eftir þér inni á skrifstofunni sinni.

JÓN BORGAR: Segðu henni að ég sé alveg að koma.

GRETTIR: Ókei, vinur. En málið er bara að ég er rosalega tímabundinn.

JÓN BORGAR: (*Nett-sleppir sér.*) Farðu bara og segðu henni að ég hafi þurft að maríó ... farí að svara í símann! Oh! Farðu! (*Sárbiðjandi.*) Viltu segja henni að ég sé á leiðinni.

GRETTIR: Því miður vinur, við erum í miðri æfingu á myndbandinu fyrir þorablótið ...

HANN *færir grænt gervinef sem snöggvast upp að andlitinu, til sönnunar. Nefið tilheyrir gervi hans fyrir Elphöbu*

GRETTIR: (*frh.*) „Þetta er eins og að stinga hausnum í steininn!“ Grímur útskýrði skrátluna fyrir mér.

HANN *flissar feimnislega - en hættir svo skyndilega að flissa, tekur niður nefið og stingur því á sig*

GRETTIR: (*frh.*) Ja-hérna! (*Lækkar róminn, við JÓN.*) Ég get svarið það, þetta er hún Día á skurðdeild!

JÓN BORGAR: (*Hikar; síðan formlega.*) Er þetta ... hver segirðu?

GRETTIR *gengur inn úr gættinni, stansar - og dyrnar lokast á eftir honum*

GRETTIR: (*Hvíslar.*) Er þetta ekki Díana Thors?

JÓN BORGAR: (*Hikar; síðan hátíðlega.*) Jú, þetta er hún Díana. Ég vissi reyndar ekki að þið þekktust.

GRETTIR: (*Hissa.*) Ha? Vissirðu ekki að við ...? Við sem vorum öll saman hér á deildinni í denn! Manstu ekki? (*Flissar sakleysislega.*) Þið tvö alltaf að laumupokast eitthvað.

JÓN BORGAR: (*Hátíðlega.*) Ekki minnst ég þess.

GRETTIR: Jú! Alltaf að stríða hvort öðru á næturvaktinni, svoliðis eins og jójó inn og út af skurðstofunni.

DÍANA: (*Kímir.*) Vá. Alveg meiriháttar að sjá þig, gamli.

GRETTIR: (*Flissar feimnislega.*) Meiriháttar að sjá þig líka. (*Himinglaður við JÓN.*) Ja-hérna, það er aldeilis glaðningur sem hún færir okkur hún Díana.

JÓN BORGAR: (*Blátt áfram.*) Já, ég fékk einmitt mjög óvæntan pakka frá henni rétt áðan. Hálfgerða bóndadagsgjöf.

GRETTIR: (*Grifinn.*) Ha? Í alvöru?

HANN *skimar í kringum sig*

JÓN BORGAR: Já, nei, hún skildi hana eftir niðri í móttöku.

HANN *strýkur lófa yfir þunnhærðan hvirfilinn*

GRETTIR: Ha? (*Flissar góðlátlega.*) Ja-hérna hér. Og hvað er eiginlega orðið langt síðan? JÓN

BORGAR: (*Að bragði.*) Sautján ár.

GRETTIR: Sautján ár!?

DÍANA: (*Blátt áfram.*) Og níu mánuðir.

GRETTIR: Ja-hérna. Og hvað ertu að gera á gamla vinnustaðnum þínum? Eitthvert sérstakt tilefni eða bara upp á grín?

JÓN *rís snögglega á fætur*

JÓN BORGAR: Upp á grín!

Samtímis }

DÍANA: Sérstakt tilefni.

JÓN BORGAR: (*frh.*) Já, svona fiftí-fiftí. Hún kom til að óska okkur gleðilegs bóndadags: Það var sko grín-parturinn. Tilefnið var hins vegar að athuga hvort það væri eitthvað laust handa henni hér á deildinni. En ég sagði henni að það væri því miður ekkert laust.

GRETTIR: En okkur sárvantar hjúkrunarfræðinga á- ...

JÓN BORGAR: (*Grípur fram í.*) Já, í yngri kantinum! (*Við DÍÖNU.*) Ég var búinn að segja þér það líka, var það ekki? Ekkert laust fyrir eldri hjúkkur.

HANN *grípur yfirhöfn DÍÖNU af stólbakinu og undir eftirfarandi gerir HANN ítrekaðar tilraunir til að klæða HANA í, en HÚN víkur sér jafnharðan undan, eins og fyrir tilviljun*

JÓN BORGAR: (*frh.*) Jæja, Díana, verst að þú skulir vera á svona mikilli hraðferð. Gleymdu samt ekki að koma við í móttökunni og taka litla pakkið ... þakkann með þér.

GRETTIR: Hún getur alveg staldrað við og fengið sér smá þorrabjór með okkur.

JÓN BORGAR: (*Að bragði.*) Nei, hún drekkur ekki.

GRETTIR: Ég man nú ekki betur en hún hafi gert það hér í denn ...

JÓN BORGAR: (*Að bragði.*) Hún gerði ýmislegt hér í denn sem hún dauðsér eftir núna.

HANN *tekur piparkökuskálina af skrifborðinu sem JÓN hrifsar af HONUM og skilar aftur á borðið*

GRETTIR: Ja-hérna, muniði öll partíin, maður? Vá. Við höfðum varla tíma til að sinna sjúklingunum.

(*Flissar. Síðan.*) Alveg þori ég að veðja að þú hefur nælt þér í góðan eiginmann.

DÍANA: Sko ...

JÓN BORGAR: Já, hún gerði það raunar.

GRETTIR: Grunaði ekki gvend.

JÓN BORGAR: (*Afgreiðandi.*) Þaldénú.

GRETTIR: (*Glaðbeittur.*) Og hvað gerir hann?

JÓN BORGAR: Mest lítið.

GRETTIR: Nú?

JÓN BORGAR: Já. Hann er dáinn.

GRETTIR: (*Sýpur hveljur.*) Dáinn!?

JÓN BORGAR: Já, hann hrapaði í fjallgöngu.

GRETTIR: Í fjallgöngu?

JÓN BORGAR: Já. Á Vatnajökli.

GRETTIR: Vatnajökli?

JÓN BORGAR: Jebb. (*Afgreiðandi.*) Þaldénú.

GRÍMUR: En hræðilegt. (*Við DÍÖNU.*) Ég samhryggist þér.

JÓN BORGAR: Já, þetta var mjög sorglegt.

GRÍMUR: (*Við DÍÖNU.*) Og ... ertu búin að ná þér?

JÓN BORGAR: Njaa, hún er auðvitað enn svona ... hálf - „down.”

GRETTIR: Ókei ... (*Blíðlega við DÍÖNU.*) Og hvað hét hann?

JÓN BORGAR: (*Að bragði.*) Hálf dán.

GRETTIR: Hálf dán?

JÓN BORGAR: (*Að bragði.*) Já, Thors. Hún var að enda við að segja mér frá því.

GRETTIR: Ja-hérna. (*Við DÍÖNU.*) Og er langt síðan þessi atburður- ...

JÓN BORGAR: (*Grípur fram í.*) Já, já, já, mjög langt síðan!

GRETTIR: Æ, æ. (*Við DÍÖNU.*) Og eignuðust þið einhver- ...

JÓN BORGAR: (*Grípur fram í.*) Nei, engin! Hún sagði mér líka allt um það. Engin börn. Og engan son heldur! Hún á eiginlega enga fjölskyldu, sem tekur því að minnast á. (*Lækkar róminn.*) Satt að segja hefur hún átt alveg ömurlega ævi, hún sagði mér líka frá því alveg í smáatriðum - og ég fékk bókstaflega tár í augun.

GRETTIR: (*Lækkar líka róminn.*) Æ, en leiðinlegt.

JÓN BORGAR: (*Að bragði.*) Ekkert mál, ég er búinn að jafna mig.

HANN *tekur að þoka* GRETTI *að dyrunum.* GRETTIR *veitir vinsamlegt viðnám*

JÓN BORGAR: (frh. > *Hækkar róminn.*) Jæja Grettir minn, nú ert þú að verða of seinn á æfingu.

Drífa sig, vera röskur!

GRETTIR: (*Við DÍÖNU.*) Viltu ekki doka rétt á meðan Jón Borgar flytur fyrirlesturinn? DÍANA:

(*Glettnislega.*) Jú, veistu, ég var einmitt að hugsa um að gera það ...

JÓN BORGAR: En svo mundi hún allt í einu að hún má ekki vera að því: Hún á eftir að kaupa í trogið handa fjölskyldunni.

HANN *hraðar sér með yfirhöfn* DÍÖNU *og „viðrar” flíkina þar til marks um að mál sé að „drífa sig”*

GRETTIR: Þú sagðir að hún ætti enga fjölskyldu?

JÓN BORGAR: (*Á leiðinni.*) Hún á alveg mökk af vinum - sem eru henni alveg eins og fjölskylda.

HANN *opnar , kíkir milli vængjahurða og leikur (fremur illa) að hann sé að tala við einhvern*

GRETTIR *tekur á rás út- og dyrnar lokast á eftir honum. Undir eftirfarandi réttir JÓN DÍÖNU yfirhöfnina og sækir snjallsímann sinn á skrifborðið*

JÓN BORGAR: (*frh.*) Ókei! Hvað sagðirðu aftur að númerið þitt væri? DÍANA: 674 3105.

JÓN BORGAR: (*Muldrar.*) Sex, sjö, fjórir ...

DÍANA: En hvað með Manna?

JÓN BORGAR: Ég skal gera mitt besta til að hringja í ykkur.

DÍANA: En lögregluþjóninn?

JÓN BORGAR: Ég skal gera mitt besta til að hringja í hann líka. Bíddu ... hvað sagðirðu að hann hétu aftur?

DÍANA: Loftur.

JÓN BORGAR: Og hvað veit hann mikið?

DÍANA: Ekkert um þig. Marion sagði honum bara það sem hán veit: Að pabbi hans væri læknir hér á spítalanum ...

JÓN BORGAR: Snilld.

DÍANA: ... en honum var nokk sama um það ...

JÓN BORGAR: Enn betra.

DÍANA: ... eina sem hann hefur áhuga á er að komast sem fyrst niður á lögreglustöð og láta barnið blása í áfengismæli ...

JÓN BORGAR: Snilldarhugmynd.

DÍANA: ... en Marion snapaði það upp einhvers staðar, að hann eigi rétt á því að vera í fylgd föður síns, þegar hán verður yfirheyrð ...

JÓN BORGAR: Andskotans besservisser!

DÍANA: ... þannig að lögregluþjónninn, sem er sko ekkert smá ferkantaður, skipaði mér að fara hingað upp og athuga hvort þú værir við.

JÓN BORGAR: Já, og nú er komið í ljós að ég er það ekki! Og þú getur sagt Marion að ef hán fari ekki með löggunni strax, gæti hán lent í fangelsi.

HANN *opnar dyrnar og heldur þeim opnum fyrir DÍÖNU*

JÓN BORGAR: (*frh.*) Og ef ég klúðra þessum fyrirlestri, skrifast það á reikning Manna!

SÚSANNA *birtist í dyrunum og gengur rակleitt inn. HÚN er enn í yfirhöfn og með handtösku*

JÓN BORGAR: (*frh. > Við DÍÖNU.*) Og kvenna - líka! Þessi einkenni gera vart við sig jafnt meðal manna og kvenna. Gott að mér gafst tækifæri til að ræða það aðeins við þig ... þarna ... já. (*Við SÚSÖNNU.*) Nei, hæ, elskan!

HANN *sleppir takinu á hurðinni, hraðar sér til SÚSÖNNU, snýr baki í dyrnar, tekur hana í fangið og kyssir, um leið og HANN gefur DÍÖNU bendingu, fyrir aftan bak, um að fara. HÚN snýst á hæl, gengur að dyrunum og skellir hurðinni aftur. JÓN heldur að HÚN sé farin og losar um takið á SÚSÖNNU. HANN snýr sér við, kemur auga á DÍÖNU og þagnar. Síðan ...*

JÓN BORGAR (*frh.*) Einmitt. Þetta er hún ... uh ... DÍANA: (*Glottir.*) Dána Thors.

JÓN BORGAR: Einmitt. Og þetta er kona mín ... uh ...

SÚSANNA: (*Þurrlega.*) Súsanna Ósk.

JÓN BORGAR: Einmitt.

SÚSANNA: (*Jafn þurrlega.*) Sæl.

JÓN BORGAR: (*Yfirmáta glaðlega.*) Jæja, Súsí mín. Og hvað er svo verið að bauka? SÚSANNA: (*Forviða.*) Bauka!? Ég var að leggja bílnum.

JÓN BORGAR: Flott! Haltu því áfram! Um að gera! Aldrei of mikið af því!

JÓN *faðmar* SÚSÖNNU *aftur og endurtekur bendinguna til DÍÖNU, sem kímir og sest. JÓN gefst upp og losar um faðmlagið*

JÓN BORGAR: (*frh.*) Jæja.

SÚSANNA: (*Við DÍÖNU.*) Vinnur þú hérna eða ...?

DÍANA: Nei, ég- ...

JÓN BORGAR: (*Grípur fram í.*) Nei, hún var að heimsækja manninn sinn. Hann er S.Í.I.

SÚSANNA: Essí- ...?

JÓN BORGAR: Sjúklingur í innlögn. Það er hann þarna ... uh ...

DÍANA: (*Glottir.*) Marion.

JÓN BORGAR: (*Við DÍÖNU.*) Já, hún náði því, óþarfi að margendurtaka það. (*Við*

SÚSÖNNU.) Hann liggur á deild B. (*Við DÍÖNU.*) Eða var það ekki annars?

DÍANA: (*Að bragði.*) Jú.

JÓN BORGAR: (*Við SÚSÖNNU.*) Já, deild B. En ... sko ... uh ... þegar hún var á leiðinni út, blossuðu skyndilega upp æðaprengsli í miðri móttökunni. (*Híkar. Síðan.*) Þegar ég segi að það hafi blossað upp æðaprengsli í miðri móttökunni, á ég auðvitað við að hún hafi verið í miðri móttökunni þegar æðaprengslin blossuðu- ...

SÚSANNA: (*Grípur pirruð fram í.*) Ég veit vel hvað þú átt við, Jón Borgar! (*Við DÍÖNU.*)

Dyrnar opnast, ÁRNÝ MARGRÉT strunsar inn, með málið í höndunum - og dyrnar lokast á eftir henni.

ÁRNÝ MARGRÉT: Jón Borgar!

JÓN BORGAR: (*Glaðlega óðamála.*) Ah, Árný, komdu fagnandi, ég er alveg að koma, ég var bara aðeins að Marí, svarí ... tala í símann! Þú sagðir nefnilega- ...

ÁRNÝ MARGRÉT: (*Grípur fram í.*) Ég sagði „fimm mínútur!”

JÓN BORGAR: Þú gerðir það, ég man það vel, því þú stóðst þarna og- ...

ÁRNÝ MARGRÉT: (*Grípur fram í.*) Og það var fyrir tíu mínútum!

JÓN BORGAR: Þetta er Súsanna, konan mín.

ÁRNÝ MARGRÉT: (*Önugur.*) Ég veit vel að hún er konan þín!

SÚSANNA: (*Við Árnýju.*) Blessuð.

JÓN BORGAR: Og þessi kona er hún hérna ... (*Ræskir sig og lækkar róminn.*) ... skirillbomm.

ÁRNÝ MARGRÉT: Ha?

JÓN BORGAR: (*Hækkar róminn afgreiðandi.*) Þal dhénú.

DÍANA: (*Við PÁL.*) Díana.

JÓN BORGAR: Já. Díana ... (*Ræskir sig og lækkar róminn.*) ... skirillbomm. (*Hækkar róminn við DÍÖNU.*) Og þetta er yfirlæknir spítalans, Árný Margrét ... (*Lækkar róminn.*) ... skirillbomm ... (*Hækkar róminn.*) ... dóttir! (*Við PÁL.*) Smá vandamál, hún Díana hérna varð vör við lítilsháttar æðaprengsli í móttökunni. Samt ekkert til að hafa áhyggjur af.

PÁLL gónir á JÓN og lítur síðan rannsakandi á DÍÖNU. SÚSANNA tekur JÓN afsíðis

ÁRNÝ MARGRÉT: (*Við DÍÖNU.*) Díana segirðu? Hm ...

HÚN réttir DÍÖNU nafnspjald. JÓN hrífsar tóm málið af HENNI og fyllir það af áfengi

JÓN BORGAR: Uss! Þetta er ekkert sem þú hefur drukkið í dag.

ÁRNÝ MARGRÉT: (*Sakbitin en pirruð.*) Ég hef ekkert drukkið í dag!

JÓN BORGAR: (*Á leiðinni.*) Einmitt það sem ég var að segja. Já, fyrirlesturinn er alveg að verða tilbúinn. Sko pólitíski parturinn, þú veist: Dúnmjúkur ballans á milli örbirgðar og gjaldþrots ... ég meina kreppu, ég meina, æi þú veist hvað ég meina!

HANN gerir sér upp hlátur og réttir ÁRNÝJU málið, sem tekur afsakandi við því og „lyftir glasi“

ÁRNÝ MARGRÉT: Nú, jæja ... það sakar ekki. (*Ræskir sig.*) Hippókratesarfyrirlesturinn er bara á fimm ára fresti. (*Við SÚSÖNNU.*) Þú kannski sendir manninn þinn inn til mín að ræða fyrirlesturinn, þegar hann er búinn að fást við æðaprengslin í móttökunni.

JÓN BORGAR: Af hverju tekurðu ekki konuna mína frekar með þér og ræðir það við hana?

ÁRNÝ *hvesir augun á HANN, hverfur síðan með málið út- og dýrnar lokast á eftir henni*

SÚSANNA: Þú varst ekki nærri svona nervös þegar þú fórst að heiman í morgun.

HÚN *hengir yfirhöfnina ásamt handtöskunni við fatahengið SH. JÓN sendir DÍÖNU meinlegar augngotur*

JÓN BORGAR: Nei. Það fór ekki að segja til sín fyrr en núna rétt áðan! (*Við DÍÖNU.*) Jæja, mér sýnist þú vera búin að ná þér þokkalega af þarna ... æða- ... Já. Ég skal fylgja þér fram í lyftuna.

DÍANA: En hvað eigum við að gera í sambandi við Loft?

SÚSANNA: Loft?

JÓN BORGAR: (*Híkar. Síðan.*) Já. Ég skal sjá til þess að maðurinn þinn fái nóg ferskt loft. Annars þarf hann bara að liggja fyrir ef hann á að ná F.B.

SÚSANNA: Eff-bé?

JÓN BORGAR: Fullum-bata. Já, ég gleymdi að segja þér að hún vildi fá mig til að gefa sérálit á ástandi makans.

SÚSANNA: Sérálit?

JÓN BORGAR: Já, hún er búin að missa alla trú á læknum sem annast hann. (*Afgreiðandi.*) Þaldénú!

SÚSANNA: Hvaða læknir er það?

JÓN BORGAR: (*Ofur kurteislega.*) Uh ... hvað áttu við með því?

SÚSANNA: Hvaða læknir sér um makann hennar!?

JÓN BORGAR: ... Grettir Sig.

SÚSANNA: Grettir Sig? (*Við DÍÖNU.*) Þá geturðu andað rólega: Grettir Sig er mjög hæfur læknir.

DÍANA: (*Við JÓN.*) Þú hlýtur að geta séð af fimm mínútum til að- ...

SÚSANNA: (*Grípur fram í.*) Þú getur rætt þessi vandamál við vakthafandi hjúkrunarfræðing á deildinni.

DÍANA: Ég vil ekki ræða þetta við vakthafandi hjúkrunarfræðing.

JÓN BORGAR: Vertu bara ekkert að ræða þetta sérstaklega fyrir framan konuna mína, hún er mjög viðkvæm fyrir allri umræðu.

DÍANA: (*Við JÓN.*) Farðu og talaðu við Árnýju Margréti og ég skal fylgja konunni aftur inn á deild B ...

JÓN BORGAR: Nei, það held ég að sé ekki góð hugmynd.

SÚSANNA: (*Við DÍÖNU, tölum við bara við Gretti sjálfan.*)

JÓN BORGAR: Ég held að Díana ætti ekkert að vera að tala við Gretti sjálfan.

SÚSANNA: (*Pirruð.*) Maki hennar er sjúklingur hjá honum!

JÓN BORGAR: En hún hefur enga trú á honum.

SÚSANNA: (*Dauðpirruð.*) Hvaða rugl er þetta, hann Grettir Sig er afburðafær!

JÓN BORGAR: Grettir Sig er fífl!

Dýrnar opnast og svarið við spurningu Súsönnu birtist í dyrunum, m.ö.o. GRETTIR SIG.

HANN er að koma beint af æfingu, búinn að festa á sig nef Elphöbu, gengur óhikað inn - og

dyrnar lokast á eftir honum

GRETTIR: (Við SÚSÖNNU.) Ó! Þú? Sæl.

SÚSANNA: Blessaður, vinur.

JÓN BORGAR: (Yfirdrifið hýrlega.) Við erum upptekin, Grettir minn!

Undir eftirfarandi hraðar GRETTIR sér að óhreinatauskörfunni, opnar, gramsar, finnur gervi Harley Quinn, virðir það fyrir sér andartak, skilar því og gramsar áfram uns eyru Elphöbu koma í leitirnar. HANN lokar, gengur, með nefið á sér, og er með það allan tímann sem HANN dvelur við, en stingur eyrunum á sig

GRETTIR: (Á leiðinni.) Já, vinur. Ég er nú bara að leita að eyrunum fyrir Amöbu.

JÓN BORGAR: Elphöbu.

GRETTIR: (Á leiðinni.) Já, ég sagði það. (Við DÍÖNU.) Nú? Þú ert enn hérna. Það er nú gott.

SÚSANNA: Já, hún er hálf miður sín. Makinn, sko.

GRETTIR: Já, ég er nú ekkert hissa á því.

SÚSANNA: (Við GRETTI.) Það er uh ... þarna ... uh ... Marion.

GRETTIR: Marion?

SÚSANNA: Já. Á deild B.

GRETTIR: (Eftir andartaks dok.) Er ... hver?

SÚSANNA: Nú, maki Díönu!

GRETTIR: (Blátt áfram.) Maki Díönu er dáinn.

DÍANA áveður að róa með, leggur yfirhöfnina á stólbak FS og snýr sér undan „harmi slegin“

DÍANA: (Kjökrar.) Ohhhh ...

SÚSANNA: Ó, Guð minn góður!

JÓN BORGAR: Grettir! Í alvöru talað!

GRETTIR: Hvað?

JÓN BORGAR: Þetta var mjög andstyggilegt ...

GRETTIR: Hvað?

JÓN BORGAR: ... að færa henni fréttirnar svona.

GRETTIR: Fréttirnar?

SÚSANNA: Já, ég verð að segja það, Grettir, þetta var ansi hreint fyrir neðan belti! (Við DÍÖNU.) Ég held að þú ættir að setjast.

JÓN BORGAR: (Að bragði.) Nei. Ég held hún ætti ekki að setjast.

DÍANA: Það er kannski ekki svo slæm hugmynd að ég setjist meðan ég er að jafna mig á þessum ótíðindum ...

HÚN ætlar að setjast en JÓN togar hana á fætur og veður á HONUM

JÓN BORGAR: Jú, það er einmitt mjög slæm hugmynd að setjast þegar maður er að jafna sig á ótíðindum. Svona, svona: F.L!

Undir eftirfarandi samtali reynir HANN að draga DÍÖNU í átt að dyrunum

SÚSANNA: F.L?

JÓN BORGAR: Já: Ferskt loft! Og mikið af því - og það strax!

GRETTIR: (Við DÍÖNU.) Hvað kom eiginlega fyrir?

SÚSANNA: Maki hennar er dáinn! Í Guðs almáttugs bænum!

GRETTIR: (Blátt áfram.) Já, ég veit. Hrapaði í fjallgöngu á Vatnajökli.

JÓN BORGAR: (Við DÍÖNU.) Djís-!

SÚSANNA: (Agndofa.) Hrapaði hvar?

GRETTIR: Á Vatnajökli.

SÚSANNA: (*Höggdofa.*) Vatnajökli? Hvernig í ósköpunum komst hann þangað?

GRETTIR: (*Blátt áfram.*) Bara, fótgangandi held ég.

SÚSANNA: En hann var hér á spítalanum fyrir fimm mínútum!

GRETTIR: Hver?

SÚSANNA: Vertu ekki svona tregur, Grettir minn: Makinn hennar Díönu!

GRETTIR: (*Úti á þekju.*) Var makinn hennar Díönu hér á spíta- ...

JÓN BORGAR: (*Grípur hávær fram í.*) Þetta er allt í lagi, Grettir minn. Það hefur átt sér stað smá misskilningur hérna. Maki Díönu féll reyndar frá í blóma lífsins, á mjög sorglegan hátt, í fjallgöngu þarna á ... uh ...

GRETTIR: Vatnajökli.

JÓN BORGAR: Ein-mitt. En það var annar maki ... fyrri maðurinn hennar.

GRETTIR: Hálf dán?

JÓN BORGAR: Ein-mitt. (*Hátíðlega.*) Það er seinna hjónabandið sem hún vitnar til núna, við Marion.

SÚSANNA: (*Léttir mjög.*) Nú, seinna hjónabandið?

GRETTIR: (*Forviða.*) Seinna hjónabandið?

JÓN BORGAR: Já. Viðkomandi er S.Í.I. hér á spítalanum. Góðu fréttirnar eru, að sá er ekki látinn, heldur á framúrskarandi batavegi ...

DÍANA: Guði sé lof!

JÓN BORGAR: ... svo hún getur yfirgefið spítalann með gleði í hjarta og lítin patta ... þakka.

JÓN BORGAR: Ein-mitt!

GRETTIR: (*Hýrlega við DÍÖNU.*) Ja-hérna, svo það var þá það sem þú varst að vilja hingað? Þú varst að koma í heimsókn?

JÓN BORGAR: Það er rétt Grettir - og nú er heimsóknartíminn búinn.

GRETTIR: Og ég sem hélt hún hefði komið til að heilsa upp á okkur.

JÓN BORGAR: Auðvitað kom hún til að heilsa upp á okkur! Hvað átti hún annað að gera, maðurinn hennar er sjúklingur hjá okkur! (*Við SÚSÖNNU.*) Eða hjá Gretti, sko.

GRETTIR: Er það? Bíddu við ... og hver er- ...

SÚSANNA: (*Grípur fram í.*) Nú, þessi Marion, á deild-B.

JÓN BORGAR: Súsi mín, það skiptir ekki máli á hvaða deild ...

GRETTIR: (*Við DÍÖNU.*) Sagðirðu að viðkomandi hét Marion?

DÍANA: (*Glottir til JÓNS.*) Já. Marion.

GRETTIR: Ég er vanalega mjög góður með nöfn, en ég man samt ekki eftir neinum Marion. (*Hugsi.*)

GRETTIR *horfir forviða á ÞÆR á víxl og flissar síðan vandræðalega*

GRETTIR: Til hvers var viðkomandi lagður inn?

JÓN BORGAR: Í rannsókn!

Samtaka }

DÍANA: Í uppskurð!

GRETTIR *gónir á JÓN og DÍÖNU á víxl*

JÓN BORGAR: Já, sko, Díana tjáði okkur að heimilislæknirinn hefði mælt með rannsókn - en við ákváðum að skera hann upp.

SÚSANNA: Ó, Guð minn almáttugur.

GRETTIR: (*Við JÓN.*) Sagðirðu að viðkomandi hefði komið í rannsókn?

JÓN BORGAR: Já. Ekkert alvarlegt. Hugsanlega ... þvagsýrugigt.

GRETTIR: (*Við DÍÖNU.*) Og við skárum hann?

DÍANA: (*Blátt áfram.*) Já, við gyllinæð.

JÓN *hversir augun á DÍÖNU sem sendir HONUM prakkaralegt augnaráð um hæl*

SÚSANNA: Jesús minn!

GRETTIR: (*Sleginn.*) Haaa? Var hann lagður inn með þvagsýrugigt, en við- ...

JÓN BORGAR: (*Grípur fram í.*) ... skárum hann, vegna þess að við uppgötvuðum að hann var líka með gyllinæð. (*Gremjulega.*) Við erum vanir að vera rosalega nákvæmir með allt svona, í Guðs bænum hættu þessu þrasi!

Móðurstöðin á skrifborðinu hringir. GRETTIR *tekur upp tólið, en gervinefið stendur honum fyrirþrifum*

GRETTIR: (Í símann.) A.L.-sex. - Díana? - Já. - Marion? Nei. - Jú annars, bíddu aðeins.

(Við DÍÖNU.) Þetta er í móttökunni niðri. Ég held að þau séu að spyrja um þig.

DÍANA: Takk. (Í símann.) Halló?

SÚSANNA: (Við JÓN.) Ég hélt hún væri Thors?

DÍANA: (Í símann.) Díana!

JÓN BORGAR: Já. Hún heitir sko- ...

DÍANA: (Í símann.) Díana Thors!

JÓN BORGAR: (Að bragði.) Díana Thors, því náunginn sem geispaði golumni á Vatnajökli, var nefnilega- ...

DÍANA: (Í símann.) Thors!

JÓN BORGAR: (Að bragði.) Thors - og þess vegna er hún kölluð Díana- ...

DÍANA: (Í símann.) Thors!

JÓN BORGAR: (Að bragði.) Akkúrat!

DÍANA: (Í símann.) Nei, Marion!

JÓN BORGAR: (Að bragði.) Og stundum líka Marion.

DÍANA: Nei, hvorugt!

JÓN BORGAR: (Að bragði.) Og stundum líka hvorugt.

SÚSANNA: (Ringluð.) Ha?

GRETTIR: Fyrirgefðu, ertu að tala um Díönu gömlu hjúkkuna okkar?

JÓN BORGAR: Þegi þú einu sinni Grettir.

SÚSANNA: Díönu gömlu hjúkkuna ykkar?

JÓN BORGAR: (*Nett örugur.*) Já! Við vorum einu sinni með eldgamla hjúkku hérna sem hét Díana og við kölluðum hana alltaf Díönu gömlu hjúkkuna okkar ...

GRETTIR: (*Forviða.*) Ja-hérna, ég man ekkert eftir- ...

JÓN BORGAR: (*Grípur fram í.*) Grettir!

DÍANA: (Í símann.) Já. Ég bíð bara.

JÓN BORGAR: (*Við SÚSÖNNU.*) ... og við erum sem sagt ekki að tala um hana. (*Við DÍÖNU.*) Þú ættir í alvöru ekki að vera að hringja privatsímtöl hérna inni á lækna- ...

DÍANA: (*Grípur fram í.*) Það er komið upp smá vandamál ...

JÓN BORGAR: Í sambandi við?

DÍANA: Loft.

SÚSANNA: Loft?

JÓN BORGAR: (*Við SÚSÖNNU.*) Já. Hún var að biðja um að maðurinn hennar fengi ferskt loft. (*Við DÍÖNU.*) Og hvað? Fær hann ekki nóg loft!?

DÍANA: (Við JÓN.) Bíddu aðeins. (Í símann.) Hvað segirðu?

JÓN BORGAR: (Ásakandi.) Grettir, þú verður að sjá þess að maðurinn fái nóg loft.

GRETTIR: Ha, ég?

JÓN BORGAR: Já, þú! Það er nýbúið að skera manninn.

DÍANA: (Í símann.) Ó, Guð! (Við JÓN.) Hvað heldurðu: Manni er alveg að missa sig aftur.

GRETTIR: Manni!?

JÓN BORGAR: Já, hundurinn hennar.

GRETTIR: Hundurinn hennar?

DÍANA: (Í símann.) Ókei, þú hefur þá auga með honum þangað til ég kem niður.

JÓN BORGAR: (Við SÚSÖNNU.) Greinilega alveg neurótískur þessi hundur, sko.

DÍANA: (Í símann.) Já, ég kem strax.

DÍANA leggur tólið á stöðina og tekur saman dótið sitt

DÍANA: (frh. > Við JÓN.) Ég var búin að segja þér að Marion ætti eftir að missa sig.

JÓN BORGAR: (Urrandi.) Nú, farðu þá með hán heim og reyndu að róa hán!

GRETTIR: Marion?

JÓN BORGAR: (Afsíðis, við GRETTI og SÚSÖNNU.) Já. Stundum kallar hún hundinn Marion og stundum kallar hún *hán* Manna. Það er engin sérstök regla á því hjá henni!

SÚSANNA: (Við DÍÖNU svolítið háðsk.) En getur það ekki valdið misskilningi, ef maki þinn heitir líka Marion?

DÍANA: (Blátt áfram.) Jú, en bara þegar ég flauta á hann. (Við JÓN.) Ertu viss um að þú viljir ekki kíkja aðeins á hán?

SÚSANNA: (Önug.) Hann er ekki dýralæknir!

JÓN BORGAR: (Við DÍÖNU.) Ég skal hafa samband fljótlega og kíkja á litla skinnið.

SÚSANNA: (Misboðið.) Í alvöru, Jón Borgar!

JÓN BORGAR: Allar skepnur jarðar eru jafnar!

SÚSANNA: Haaa?

JÓN BORGAR: (Við DÍÖNU.) En alls ekki láta þessa taugabíluðu skepnu koma hingað upp. (Við SÚSÖNNU.) Þú ættir allavega ekki að fara niður í móttöku fyrr en kvikindið er farið. Grettir, hvað stendur á skiltinu hérna niðri í móttöku?

GRETTIR: Heilbrigðisstofnun Vestfjarða.

JÓN BORGAR: (Öskupirraður.) Nei! „Hundar bannaðir!”

GRETTIR: Já, það.

SÚSANNA: (Við GRETTI.) Viltu ekki fylgja konunni fram í lyftuna?

JÓN BORGAR: Já, en alls ekki lengra! Þú verður að drífa þig aftur á æfinguna.

GRETTIR *opnar dyrnar og* DÍANA *hrifsar yfirhöfnina af stólbakinu*

DÍANA: (Við JÓN.) Við skulum alveg búa okkur undir það að hán taki annað æðiskast.

GRETTIR: Hefur ykkur aldrei dottið í hug að láta gelda hann?

JÓN BORGAR: Frábær hugmynd!

DÍANA *hvesir augun á HANN, strunsar út um dyrnar - og GRETTIR á eftir henni*

JÓN BORGAR: (frh. > *Hrópar.*) En Grettir - bara að lyftunni! Ekki niður. Helvítis hundskvikindið er greinilega stórhættulegt.

GRETTIR *lokar á eftir sér. JÓN tyllir sér við skrifborðið og tekur að umstafla ræðublöðunum*

SÚSANNA: (*Hugsí.*) Þetta var alveg hreint makalaus kona.

JÓN BORGAR: Tjaa ... (*Eftir örstutt dok.*) Maður hefði allavega haldið að hún hefði meiri áhyggjur af

maka sínum en þessu hundskvikindi.

SÚSANNA: Jæja, reyndu að hraða þér, Árný Margrét bíður ...

JÓN BORGAR: Ég hef nú meiri áhyggjur af taugasérfræðingunum sem bíða.

Dyrnar opnast, JÓRUNN birtist. HÚN staldrar snöggvast við í gættinni milli vængjahurða

JÓRUNN: Fyrirgefiði. Jón Borgar ... Árný Margrét bað mig að skila því að hún væri orðin mjög pirruð.

JÓN BORGAR: (*Yfirdrifið vinsamlega við suðumörk.*) Ég er á leiðinni, Jórunn mín.

SÚSANNA: (*Við JÓRUNNI.*) Heyrðu meðan ég man, þekkir þú nokkuð til sjúklings á deild B, sem heitir Marion?

JÓRUNN *stígur inn fyrir - og dyrnar lokast á eftir henni*

JÓN BORGAR: (*Við SÚSÖNNU.*) Þetta kemur okkur ekkert við, elskan mín.

JÓRUNN: Marion?

SÚSANNA: Marion!

JÓRUNN: Við erum með einn Flórían, en ég man ekki eftir neinum sem heitir Marion.

JÓN BORGAR: Jórunn, þetta skiptir engu máli.

SÚSANNA: Jú! Ekki viljum við að konan geri allt vitlaust hérna í miðjum fyrirlestri. Mér sýndist hún vera alveg jafn neurótísk og hundurinn hennar.

JÓRUNN: Hundurinn hennar?

JÓN BORGAR: (*Yfirmáta blíður.*) Vilt þú gjöra svo vel og fara aftur á vaktina, Jórunn mín.

Undir eftirfarandi samtali dröslar SÚSANNA JÓNI á fætur. HANN rétt nær að kippa jakkanum af stólbakinu og ræðubunkanum af skrifborðinu, áður en HÚN teymir HANN

SÚSANNA: Svona, af stað með þig! (*Á leiðinni við JÓRUNNI.*) Þú kannski kannar þetta fyrir okkur? Viðkomandi aðili var lagður inn með þvagsýrugigt, en skorinn upp við gyllinæð.

JÓRUNN: (*Gáttuð.*) Var hann lagður inn með- ...

JÓN BORGAR: (*Hárri raust á leiðinni.*) Þvagsýrugigt - já!

JÓRUNN: (*Gáttuð.*) Og skorinn upp við- ...

JÓN BORGAR: (*Æpir.*) Gyllinæð! Ekki segja mér að þú hafir aldrei heyrt um gyllinæð Jórunn! Það eru æðahnútar í endaparmi!

SÚSANNA: (*Á leiðinni.*) Jón Borgar!

JÓRUNN hraðar sér að skrifborðinu, tekur upp tólið á móðurstöðinni og styður á takka

SÚSANNA: (frh. > *Við JÓRUNNI.*) Hann er bara nervös. Þú veist - fyrirlesturinn.

JÓN og SÚSANNA hverfa út - dyrnar lokast á eftir þeim og í sömu andrá fær JÓRUNN samband

JÓRUNN: (Í skrifborðssímann.) Já, Jórunn hérna. Flettu upp í tölvunni fyrir mig og gáðu hvort þú finnur S.Í.I. á deild B ... uh ... - Nei. Ég fékk ekki fullt nafn. - Ég er bara ekki viss. Þvagsýrugigt eða gyllinæð. Veldu bara ... Ég veit ekki, annaðhvort að fornafrni eða eftirnafni.

JÓN BORGAR birtist aftur- og dyrnar lokast á eftir honum. HANN er kominn í jakkann, heldur enn á ræðunni og undir eftirfarandi hraðar HANN sér að skrifborðinu

JÓRUNN: (frh. > Í skrifborðssímann.) Ókei, þú lætur mig vita um leið og þú finnur hann. JÓN BORGAR: (*Á leiðinni.*) Af hverju ert þú ekki farin aftur á vaktina?

JÓRUNN leggur tólið á og hraðar sér að dyrunum. JÓN tekur usb-lykilinn úr tölvunni og stingur á sig

JÓN BORGAR: (frh. > *Muldrandi við sjálfan sig.*) Skil ekki hvað gengur að mér eiginlega ...

JÓRUNN: (*Á leiðinni.*) Kannski æðahnútar í endaparmi?

JÓN BORGAR: (*Missir af trakteringunum og muldrar áfram.*) Blankheit ... fjárskortur ... illa staddir ... en ekki kreppulýður.

JÓRUNN *hverfur út - og dyrnar lokast á eftir henni.* JÓN *gengur áleiðis muldrandi parta úr ræðunni, er móðurstöðin á skrifborðinu hringir.* HANN *stansar, hika, en ákveður loks að svara og tekur upp tólið*

JÓN BORGAR: (*frh. > Í skrifborðssímann.*) Já? - Díana! Af hverju ert þú ekki farin? - Marion? - Ekki í móttökunni? Nú? - Leita að þér? Og hvernig í fjandanum slapp hán frá löggunni? - Sparkaði'ann í hann hvar? - Ó, djís-! Heitasta! - Nei, hán hefur ekki sést hér- ...

HANN *þagnar er dyrnar opnast og MARION birtist, lafmótt og tryllingslegt.* HÁN *kemur auga á JÓN og stansar. HÁN er klætt (og klippt) samkvæmt glæfralegustu tísku líðandi stundar, kynhlutlaust, en ekki í takt við veður.* ÞAU *virða hvort annað fyrir sér*

JÓN BORGAR: (*frh. > Lágvæð í skrifborðssímann.*) Ég vildi gjarnan fá að umorða þetta síðasta sem ég sagði ... við tækifæri.

MARION: Er þetta hérna ... „aðsetur“ fyrir læknihrana?

JÓN *sest ofurhægt við skrifborðið, enn með tólið í annarri og ræðubunkann í hinni.* Það tekur HANN *smá stund að meðtaka þá staðreynd að HANN stendur nú í fyrsta skipti andspænis barni sínu. Ekki er heldur laust við að HANN sé ögn smeykur við stálpið, en gerir sitt besta til að virðast pollrólegur*

JÓN BORGAR: („Pollrólegur.”) Mhm. Þetta er A.L.-sex. Og hingað er engum heimill aðgangur öðrum en ... læknihrum.

MARION *gengur inn - lokar, tekur þá á rás, opnar allar DYR og rannsakar í snatri hvað býr að baki, uns HÁN stillir sér upp andspænis JÓNI sem leggur tólið lúshægt á stöðina.* ÞAU *virða hvort annað fyrir sér*

MARION: (*Loks.*) Ég er að leita að mömmu minni ...

JÓN BORGAR: Mömmu þinni? Hm. Komstu upp stigann?

MARION: Já, hún fór hingað að reyna að leita að einum lækni sem vinnur hérna.

JÓN BORGAR: Það var kona hérna á leiðinni út, þegar ég kom inn. Hún hefur sennilega farið niður með lyftunni.

HANN *gefur MARIONI vinsamlega merki um að HÁN „megi“ fara*

MARION: Ert þú lækni hérna?

JÓN BORGAR: (*Hika. Síðan yfirmáta kurteis.*) Uh ... er ég hvað?

MARION: (*Hækkar róminn.*) Ert þú lækni hérna?

JÓN BORGAR: (*Vinsamlega.*) Hérna? Nei. Ég er ekki lækni hérna. Satt að segja er ég ... sjúklingur hérna.

JÓN BORGAR: Jú, sko, ég er sjúklingur í hægum bata. Eftir þvagsýrugigt og gyllinæð. Samkvæmt nýjustu sparnaðarleiðum heilbrigðisráðherra, er til þess ætlast, ef maður er í hægum bata, að maður sinni smá bókhaldsvinnu fyrir Ríkisspítalana á meðan.

HANN *veifar ræðubunkanum og leggur hann á skrifborðið - en snýr honum síðan á hvolf, til öryggis*

JÓN BORGAR: (*frh.*) Viltu þá ekki bara halda áfram að leita að mömmu þinni?

MARION: Djöfuls boomer.

HÁN *fórnar höndum.*

JÓN BORGAR: (*Ekki alveg eins pollrólegur.*) Fyrirgefðu?

MARION: Þessi pabbi minn, hann er með allt niðrum sig!

JÓN BORGAR: (*Sefandi róm.*) Nei, nei, hann er það ábyggilega ekki.

MARION: (*Ógnandi.*) Hvernig veist þú það?

JÓN BORGAR: (*Kyngir.*) Bara. Pabbar eru yfirleitt ekkert svo mikið svona...að gyrða niðrum sig.

MARION: Jú, pabbi minn. Ef hann væri hérna myndi ég berja hann.

JÓN BORGAR: Nei, nei, þú myndir nú varla fara að- ...

MARION: (*Grípur fram í.*) Jú, víst! Og ég ætla að bíða hérna, þangað til ég er búinn að tala við alla læknira sem vinna á þessum spítala.

JÓN BORGAR: Viltu ekki fara og bera það undir hana móður þína?

MARION *svipast um í ráðleysi HÁN stappar fæti í gólfíð og steytir hnefa framan í JÓN sem er brugðið. HÁN rís á fætur, langt frá því að vera pollrólegt - og tekur upp piparkökuskálina.*

MARION *hlammar sér þvermóðskufullt niður í stól*

MARION: Nei! Mér er flökurt!

JÓN *tekur viðbragð og hraðar sér til HÁNS með skálina í höndunum*

JÓN BORGAR: Flökurt? Heitasta- ...! Ókei, stattu þá upp!

MARION: Mér er flökurt!

JÓN BORGAR: Ef þér er flökurt, væri betra fyrir þig að vera hjá mömmu þinni!

MARION: Nei, ég vil hitta pabba minn.

MARION *lyppast allt í einu fram af stólnum, niður á gólfíð, fellur á hnén og grípur utan um fótleggi JÓNS*

JÓN BORGAR: (*frh.*) Svona, svona. Ég skal fylgja þér fram í lyftuna.

HANN *reynir að losa sig, en MARION heldur HONUM pikkföstum*

MARION: (*Aumur.*) Ég ætla ekkert að berja hann í alvöru.

JÓN BORGAR: Heitasta helv-...! Viltu gjöra svo vel og sleppa mér!

JÓRUNN: (*Á leiðinni.*) Fyrirgefðu, en ég ætlaði bara að- ...

JÓN BORGAR: (*Síðan.*) Þetta er allt í lagi, móðir hans er hérna á sjúkrahúsinu.

JÓRUNN *snarar sér inn fyrir - og dymnar lokast á eftir henni*

JÓRUNN: Nú? (*Við MARION.*) Á hvaða deild liggur hún?

JÓN BORGAR: Ég skal sjá um það!

MARION: Ég er að leita að pabba mínum.

JÓRUNN: (*Við MARION.*) Á hvaða deild liggur hann?

JÓN BORGAR: Ég er að leysa þetta, Jórunn mín! (*Við MARION.*) Það er sko hluti af bókhaldsendurhæfingunni.

JÓRUNN: Bókhaldsendur- ...?

JÓN BORGAR: (*Grípur fram í.*) Já, B.H.E! Nýtt prógramm. Haltu bara áfram að vinna! JÓRUNN: Já en fyrirgefðu Jón Borgar,

JÓRUNN: Ég kom til að biðjast afsökunar á þessari dónalegu athugasemd ...

JÓN BORGAR: Gleymt og grafið!

JÓRUNN: Þakka þér fyrir það, þetta var mjög gróft ...

JÓN BORGAR: Afsökunarbeiðni tekin til greina!

JÓRUNN: Ég hef alltaf sagt að þú værir færasti sérfræðingurinn okkar hérna á tauga- ...

JÓN BORGAR: (*Grípur fram í.*) Úpsadeisi! Drífa sig á vaktina, vera rösk!

HANN *skondrar JÓRUNNI út - og dymnar lokast sjálfkrafa. HANN hikar og brosir til*

MARIONS

MARION: (*Tortrygginn.*) Hún sagði að þú værir sérfræðingur ...

JÓN BORGAR: Heyrðist þér það?

MARION: Og hún kallaði þig doktor! Þú sagðist vera sjúklingur.

JÓN BORGAR: Já. Ég er sjúklingur. Sem er doktor. Í guðfræði. Og sérfræðingur. Í opinberunarbókinni.

MARION: Opinberunar ... bókinni?

JÓN BORGAR: (*Hlær.*) Já. Þú veist náttúrulega ekkert hvað það er?

MARION: Uh ... ertu prestur?

JÓN BORGAR: (*Eins og dómari í spurningakeppni.*) Það var rétt! Ég er prestur. (*Síðan alvarlegur.*)

MARION: Af hverju ertu þá ekki með neitt svona ... drasl um hálsinn?

JÓN BORGAR: Það er af því að ég er ... B.K.P.

MARION: Bé ká pé?

JÓN BORGAR: Já. Borgaralegur klæddur prestur.

HANN *setur upp skotthúfuna og tekur ekki niður um sinn.*

JÓN BORGAR: (*Setur á fullt.*) Jæja, nú skalt þú fara og finna mömmu þína.

MARION: Glætan! Ég fer ekkert fyrr en ég er búinn að tala við pabba minn!

HÁNN *sest á gólfíð*

JÓN BORGAR: (*Prestlega skipandi.*) Vert þú ekki með neinn munnsöfnuð við mig, barnið mitt ... barn Guðs!

Dyrnar opnast. GRETTIR birtist, með eyru ELPHÖBU á höfðinu, tilheyrandi græna hanska á höndum, en heldur á nefinu

GRETTIR: (*Á leiðinni.*) Jaaa, sem það var gaman að hitta hana aftur hana- ... Ó!

HANN *kemur auga á MARION og stansar í gættinni*

JÓN BORGAR: Hán er að jafna sig. Móðir hans var hér á deildinni.

JÓN BORGAR: En hún var farin þegar hán kom.

GRETTIR: (*Hluttekningarsamur.*) Ja-hérna! Og úr hverju fór hún, blessunin?

JÓN BORGAR: Skiptir ekki máli!

Undir eftirfarandi gengur GRETTIR inn - lokar dyrunum, stingur nefinu á sig og nálgast

MARION

GRETTIR: (*Við MARION.*) Ég votta þér mína dýpstu- ...

JÓN BORGAR: (*Grípur fram í.*) Skiptir ekki máli! Hjálpaðu mér að koma hán niður í móttöku.

MARION: (*Við GRETTI.*) Þú snertir mig ekki! Og viltu segja þessum presti að hætta að böggja mig!

GRETTIR: Presti?

HANN *svipast um eftir prestinum og lítur síðan á JÓN, sem gerir hið sama, eitt andartak, uns*

HANN *ákveður að vinna öðruvísi úr þessu*

JÓN BORGAR: Uh ... Já! B.K.P. Sá sem á að jarðsyngja á morgun ...

HANN *gerir krossmark út í loftið og bendir GRETTI út um gluggann* US. GRETTIR „*nær*“ *samhenginu*

GRETTIR: Ó? Ég skil. (*Hvumsa við JÓN.*) Það hefur greinilega sett hán alveg út af laginu, þetta með móður hans.

MARION: Við erum að tala hér um pabba minn!

GRETTIR: Ó, nei, ekki er pabbi háns farinn líka!

JÓN BORGAR: Nei, nei, nei! Þau bara fórust á mis.

Undir eftirfarandi nálgast GRETTIR MARION sem verður starsýnt á eyrun og hanskana og spreittur á fætur

GRETTIR: (*Við JÓN.*) Guði sé lof fyrir það. (*Við MARION.*) Tíminn læknar öll sár.

HÁN bendir ómeðvitað á gervieyru GRETTIS eins og því til staðfestingar og signir sjálft sig. JÓN veifar handleggjum og hristir höfuðið bak við MARION í von um að GRETTIR hætti að tala af sér. En HANN misskilur vísbendinguna. Undir eftirfarandi horfir MARION felmtri sleginn á GRETTI taka niður eyrun, og „saxa loftið” með þeim, orðum sínum til áherslu, í grænum hanskaklæddum höndunum. MARION hörfar undan

JÓN BORGAR: Ókei, ókei, en hjálpaðu mér að koma barninu á fætur!

GRETTIR reynir að handsama MARION sem verst, meðan JÓN nálgast úr gagnstæðri átt JÓN nær taki á MARION aftan frá - og hífir HÁN upp úr gólfinu. HÁN berst um á hæl og hnakka. GRETTIR stingur eyrunum á sig. Dyrnar opnast, SÚSANNA gengur inn fyrir - og dyrnar lokast sjálfkrafa. HENNI er mikið niðri fyrir

SÚSANNA: (*Á leiðinni.*) Jón Borgar, það- ...

SÚSANNA starir forviða á MARION sem hangir sprikklandi í lausu lofti í fangi JÓNS eins og ódælt smábarn. JÓN sleppir MARION, sem hlunkast í gólfið, og gengur síðan rakleitt til SÚSÖNNU

JÓN BORGAR: (*Vinsamlega.*) Já, hvað var það?

SÚSANNA: Hver er þetta?

HÚN ætlar að ganga til MARIONS en JÓN gengur í veg fyrir HANA

JÓN BORGAR: Segi þér það seinna! Allt í lagi, og hvað er málið?

SÚSANNA: Nú, hvað heldurðu maður, Árný Margrét, auðvitað!

MARION: (*Himinlifandi við SÚSÖNNU.*) Árný Margrét!?

SÚSANNA: (*Við GRETTI og JÓN.*) Já, ég skil ekki hvað setti hana svona út af laginu ...

MARION: (*Vantrúaður, við SÚSÖNNU.*) Fór hún út af laginu?

SÚSANNA: (*Við GRETTI og JÓN.*) ... hún var alveg gjörsamlega á háa c-inu!

MARION: (*Við SÚSÖNNU.*) Já, hún er með mjög breitt raddsvið.

JÓN BORGAR: (*Skipandi.*) Grettir, viltu sjá um þetta!

HANN grípur í SÚSÖNNU og leiðir HANA, meðan GRETTIR tekur MARION að sér

JÓN BORGAR: (*frh.*) Ókei! Og hvað sagði hún?

SÚSANNA: Hún sagðist vera steinhætt við að hjálpa þér með ræðuna og ef þú gerðir mistök í fyrirlestrinum, væri þér óhætt að biðja Guð að hjálpa þér.

JÓN BORGAR: (*Hækkar róminn sérstaklega fyrir MARION.*) Já, Guð er minn hirðir. (*Við SÚSÖNNU.*) Jæja, farðu nú upp og reyndu að ná þér í almennilegt sæti ...

GRETTIR stumrar enn yfir MARIONI, sem er hætt að veita viðnám og byrjað að snökta

SÚSANNA: Hvað er eiginlega með þennan krakka?

GRETTIR skilur MARION eftir og gengur til JÓNS og SÚSÖNNU

GRETTIR: (*Við SÚSÖNNU - dramatískur.*) Það er móðir hans. Hún var að fara, blessunin. JÓN

BORGAR: Grettir!

SÚSANNA: Ó, nei! Æ, æ. (*Við MARION.*) Svona, svona: „Drottinn gaf og Drottinn tók.”

JÓN BORGAR: Þakka þér fyrir Súsanna!

MARION: Ég villlllll hitta pabba minn!

SÚSANNA: Já, það er gott fyrir þig að hafa pabba þinn hjá þér á þessari erfiðu stund.

JÓN BORGAR: Vertu ekki of viss um það.

MARION tekur að væla eins og smábarn

SÚSANNA: (*Samúðarfull.*) Úúúooo ...

JÓN BORGAR: Súsanna! Láttu okkur um þetta ... ég meina, láttu Gretti um þetta, hann er nú einu sinni læknir!

SÚSANNA: Lá hún hér á deildinni?

JÓN BORGAR: Nei, nei, nei, hún var D.V.K.

GRETTIR: Guð minn góður.

SÚSANNA: Var hún ... D.V.K?

GRETTIR: (*Útskýrandi.*) Já. Dáin - við - komu.

SÚSANNA: Ég get svo svarið það ... Og hvað var að henni?

JÓN BORGAR: (*Gefst upp.*) Hún varð fyrir strætó!

GRETTIR: Strætó!?

JÓN BORGAR: Jááá! Inn í fjörð. Holtahverfisvagninum.

SÚSANNA: Guð minn almáttugur!

SÚSANNA og GRETTIR gera sig líkleg til að leiða MARION að baðherberginu. Dyrnar opnast, GRÍMUR gengur inn - og dyrnar lokast. HANN er kominn í hálfvænngervi að neðanverðu, þ.e. pils, nælonsokkabuxur og háa hæla, en er enn borgaralega klæddur að ofan (á skyrtu, vest og með hálsbindi). HANN virðist önnu kafinn, heldur á stórum skærum, hraðar sér að óhreinatauskörfunni og opnar hana. Útgangurinn á HONUM vekur enga eftirtekt kunnugra, en MARION verður starsýnt

GRÍMUR: (*Á leiðinni.*) Hey, Gretti, viltu gjöra svo vel og drífa þig! Við erum í miðri æfingu og það er allt stopp, bara út af þér ...

SÚSANNA bendir á MARION sem hangir hálfpartinn á GRETTI

SÚSANNA: Uss! Móðir hans var að fara yfirum.

GRÍMUR: What! (*Samúðarfullur við GRETTI.*) Ó, Guð, fyrirgefðu. Ég samhryggist þér.

JÓN BORGAR: Oh! Grímur!

Undir eftirfarandi hraðar GRÍMUR sér og skilur taukörfuna eftir opna

SÚSANNA: (*Við MARION.*) Er pabbi þinn einhvers staðar hér á sjúkrahúsinu?

MARION: Já! Mamma var að tala við hann rétt áðan.

VIÐSTADDIR horfast í augu. Síðan ...

SÚSANNA: Að ... tala við hann?

JÓN kyngir - og dregur SÚSÖNNU afsíðis. GRÍMUR og GRETTIR elta. HANN gengur til

MARIONS, og krýpur við hlið HÁNS JÓN grefur andlitið í höndum sér

MARION: (*Hikar.*) Þegar hún ... hvað? (*Ringlaður.*) Er mamma dáin?

GRETTIR: (*Við JÓN.*) Ég held að hún sé enn í sjokki.

JÓN BORGAR: Ég veit nákvæmlega hvernig hún líður.

MARION: (*Úti á þekju.*) Talaði mamma við pabba ... og ... dó svo?

SÚSANNA: Já, en hún var mjög friðsæl.

MARION: (*Brjálást.*) Drap hann mömmu mína!?

JÓN BORGAR: Rólegan æsing ...

HANN hörfar undan. MARION virðist á barmi taugaáfalls

GRETTIR: Nei, það var Holtahverfisvegninn.

MARION: Holtahverfisvagninn?

GRETTIR: Já, sem fer inn í fjörð.

MARION: Drap hann hana á strætisvagni!?

GRETTIR: Nei, þetta var slys!

MARION: Einmitt slys! - þetta hefur verið morð!

HÁN *sprettur á fætur, en* GRETTIR *gómar* HÁN. GRÍMUR *leggur skærin frá sér á skrifborðið, hraðar sér á vettvang og grípur í* MARION *sem berst froðufellandi um í höndum* GRETTIS

JÓN BORGAR: (*Andstuttur við SÚSÖNNU.*) Viltu biðja hana Jórunni um að koma hingað strax með Haldól!

SÚSANNA: Halldór? Hvaða Hall- ...?

JÓN BORGAR: (*Grípur fram í*) af Haldól - halóperidólim!

SÚSANNA: Róandi?

JÓN BORGAR: Já. 50 milligrömm. Nei, annars, segðu henni að hafa það 100 - og drífa sig hingað ei-ess-ei-pí!

HANN *hrekur SÚSÖNNU á undan sér út um dyrnar. HANN og SÚSANNA hverfa út - og dyrnar lokast á eftir þeim*

MARION: Ég þarf að æla!

GRÍMUR: Hey, svona, komdu þá!

HANN *og* GRETTIR *taka höndum saman og draga* MARION *áleiðis að baðherberginu*

MARION: Yfirgefur hana, talar ekki við hana í sautján ár, og keyrir svo yfir hana á strætó!

GRETTIR: Það var ekki við föður þinn að sakast, vinur, vina, vin... t.

Dyrnar opnast, JÓN BORGAR svífur aftur inn - og dyrnar lokast á eftir honum

MARION: (*Vælir.*) Ömurleg týpa!

JÓN BORGAR: (*Á leiðinni.*) Æi, góði þegiðu einu sinni!

GRETTIR: Jón Borgar, ekki- ...

MARION (*grípur frammí*): Ég veit að ef hann væri hérna núna, myndi hann ábyggilega vilja drepa mig líka.

JÓN *kinkar ákaft kolli, framangreindu til samþykkis. Skyndilega slítur* MARION *sígr frá* GRETTI *sem tekst á loft og endurkastast á stjórnlausu lágflugi yfir skrifborði, millilendir standandi á skrifborðsstólnum - sem rúllar af stað á fullri ferð, með* GRETTI *innanborðs, uns hann stöðvast með skelli á þéanlegri fyrirstöðu, GRETTIR flýgur fram af - og lendir standandi á gólfinu. JÓN hörfar óttasleginn undan, heldur sig til hlés og fylgist með* GRÍMI *sem á fullt í fangi með* MARION

MARION: (frh. > *Við* GRÍM.) Ég rústa honum!

GRÍMUR: Guð! Rólegur! (*Við* JÓN.) Hey, hán er alveg missa það. Ég get þetta ekki einn!

GRETTIR *nálgast* GRÍM *og* MARION *af mikilli varúð aftan frá. GRÍMUR biðlar til* JÓNS

GRÍMUR: Hvað er í gangi!? (*Gefst upp.*) Ókei, ég skal þá fara með hán inn á bað!

GRETTIR *stendur fyrir aftan* ÞÁ *og er að gera upp við sig hvort* HANN *eigi að láta til skarar skriða er. GRÍMUR tekur að draga* MARION *inn á baðherbergi*

MARION: (*Æsir sig á nýjan leik.*) Og hver leyfði honum að vera á þessum strætó?

HÁN *slæmir út annarri höndinni orðum sínum til áherslu, en óvart - beint framan í* GRETTI *sem tekst á loft, flýgur á heljarstökki aftur fyrir sig og steypist ofan í óhreinatauskörfuna (opin frá því Grímur skildi við hana). Lokið skellist aftur, í sömu andrá og* GRÍMUR, *sem misst hefur af óhappinu, hverfur með* MARION *inn á baðherbergið, og* JÓN, *sem missti líka af óhappinu, snýr sér og rekur í rogastans er* HANN *uppgötvar að* ALLIR *eru horfnir. HANN snýr sér frá og svipast um, meðan* GRETTIR *gægist vankaður upp úr körfunni bak við* HANN *og heldur um nafið. JÓN lítur aftur og hrekkur í kút er* HANN *sér* GRETTI *standa á nákvæmlega sama stað og* HANN *stóð áður en hann „hvarf.“* Móðurstöðin *á skrifborðinu* hringir. JÓN

hrekkur aftur við, en hraðar sér síðan að borðinu, meðan GRÍMUR hleypur í ofboði inn á baðherbergið og er að loka á eftir sér, er JÓN tekur upp tólið

JÓN BORGAR: (frh. > Í skrifborðssímann.) Jón Borgar. - Díana? - Hver? - Loftur? - Hingað upp? Heitasta helv-! Ég hélt að þú ætlaðir að reyna að halda honum þarna niðri! - Ókei, ókei! - Nei! Vertu áfram þar sem þú ert.

HANN er að leggja á, er dyrnar opnast og JÓRUNN birtist með sprautu á bakka JÓRUNN: (Á leiðinni.) Fyrirgefðu, en konan þín sagði að þú hefðir beðið um að ég gerði klára sprautu af Haldól, fyrir ungan pilt í ójafnvægi.

JÓN BORGAR: Glimrandi.

Dyrnar hafa vart lokast á eftir JÓRUNNI er þær opnast á ný, SÚSANNA birtist, gengur inn fyrir - og dyrnar lokast á eftir henni. HÚN heldur sig til hlés en fylgist grannt með JÓRUNN: Þú veist að þetta er alveg þvert á allar reglugerðir ...

JÓN BORGAR: Ekkert þras núna!

JÓRUNN: (Sauðþrá.) Já, en ég hef ekki einu sinni séð sjúkraskýrsluna hans eða neitt.

JÓN BORGAR: (Skipandi beittur.) Jórunn! Gerðu bara eins og þér er sagt! Af stað með þig! Grímur og Grettir bíða með krakkann inn á baði.

Dyrnar að baðherberginu opnast og GRÍMUR birtist. HANN gengur inn - og hallar án þess að loka

GRÍMUR: Hey, hann er að kasta upp. Grettir er að hjálpa honum ...

JÓRUNN: (Við GRÍM.) Fyrirgefðu, en heldurðu að 100 milligrömm sé ekki einum of mikið af því góða?

GRÍMUR: Ha?

JÓN BORGAR: Helst myndi ég vilja gefa háni þúsund.

JÓRUNN: Þúsund milligrömm!?

JÓN BORGAR: Gefðu háni bara sprautuna! 100 milligrömm drepa hán ekki.

GRÍMUR: Guð, hán er alveg í sjokki, greyið.

SÚSANNA færir sig nær og blandar sér dramatísk í málin

SÚSANNA: (Við JÓRUNNI.) Móðir hans var sko S.V.Í. JÓRUNN: (Hnykkir við.) S.V.Í!?

JÓN BORGAR: (Springur.) Jááá! Hún varð fyrir strætisvagni Ísafjarðarbæjar! Gefðu háni bara andskotans sprautuna, gamla norn!

JÓRUNN hvessir augun á HANN, hverfur síðan inn á baðherbergið - og skilur eftir hálfopið

JÓN BORGAR: (frh. > Við GRÍM) Og ef það verður afgangur, rektu þá restina í afturstuðarann á Jórunni!

SÚSANNA: Jón Borgar!

JÓN tekur að hrekja GRÍM inn á baðherbergið

JÓN BORGAR: (Við SÚSÖNNU.) Viltu drífa þig upp á ráðstefnusal!

HANN nær að forða GRÍM inn á baðherbergið og SÚSÖNNU út áður en dyrnar opnast og LOFTUR birtist. HANN er miðaldra og alvörugefinn laganna vörður, þurrlega þver af gamla skólanum, klæddur hefðbundnum einkennisbúningi og heldur á kaskeitinu. HANN stansar rétt innan við gættina

LOFTUR: (Á leiðinni.) Fyrirgefðu ...

LOFTUR lokar á eftir sér. JÓN gengur til móts við HANN en stansar við skrifborðið. LOFTI verður starsýnt á skotthúfuna á höfði HANS

LOFTUR: Ég er að leita að ungmenni ...

JÓN BORGAR: Einhverju sérstöku ungmenni, eða bara hverju sem er?

LOFTUR: (*Purrlega.*) Tilteknu ungmenni. (*Reiprennandi.*) Viðkomandi er um það bil sautján ára, í meðallagi á hæð, með blátt hár, [bæta við lýsingu í samræmi við búning].

JÓN BORGAR: Ég skil. Og er ungmennið með einhver sérkenni?

LOFTUR: (*Forviða.*) Með einhver sérkenni?

JÓN BORGAR: (*Að bragði.*) Einkenni meina ég?

LOFTUR: Nú, viðkomandi er vægast sagt mjög trekt á taugum.

JÓN BORGAR: Og er *viðkomandi* sjúklingur hér á spítalanum?

LOFTUR: Nei, þetta er í tengslum við föður *viðkomandi*.

JÓN BORGAR: Er hann sjúklingur hér á spítalanum?

LOFTUR: Nei, en ungmennið er með kenningu um það að faðir viðkomandi sé læknir hér á spítalanum.

JÓN BORGAR: (*Yfirmáta hissa.*) Nei!

LOFTUR: Jú. Móðir viðkomandi bíður eftir ungmenninu hérna niðri í móttökunni.

JÓN BORGAR: (*Yfirmáta hissa.*) Nei!

LOFTUR: Jú. Viðkomandi afkomandi ætlar víst að hafa upp á föður sínum, hvað sem það kostar. En mér skilst að doktorinn sé ekkert hrifinn af því að láta hafa upp á sér.

JÓN BORGAR: (*Yfirvegað og reiprennandi.*) Nei, því miður þetta hefur verið rólegheita dagur so far en ef ég sé vanstillt ungmenni með blátt hár og [bæta við lýsingu] skal ég hafa samband strax.

LOFTUR: Ég mæli samt ekki með því að þú reynir að hafa „hendur í hári hans,” ef þú skilur hvað ég er að fara. Núna bara rétt áðan gerði hán sér lítið fyrir og sparkaði í ... uh

...

JÓN BORGAR: (*Vinsamlega áhugsamur.*) Já ... í ...?

LOFTUR: (*Ræskir sig.*) Punginn á mér.

JÓN BORGAR: (*Yfirmáta hissa.*) Nei? (*Síðan vinsamlega ófaraglaður.*) Og eitthvað fleira sem hægt er að gera fyrir þig?

LOFTUR: Nei, ég held ekki. Ætli sé ekki ráðlegast að ég komi mér aftur niður í móttöku. Kannski er konan búin að finna viðkomandi. Afkomanda.

JÓN BORGAR: Gotcha. Líst vel á það ...

HANN bendir LOFTI á dyrnar, er skarkali berst frá baðherberginu ásamt stunum og öskrum

JÓRUNN: (Útsviðs.) Viltu vera kyrr!

MARION: (Útsviðs.) Slepptu mér, helvítis beljan þín!

GRETTIR: (Útsviðs.) Svona, rólegur, vinur!

GRÍMUR: (Útsviðs.) Hey, allt í lagi, ég náði hán – sit á háni!

JÓRUNN: (Útsviðs.) Neeeei! Þetta er ég!

Dyr baðherbergisins opnast og GRETTIR birtist móður og mäsandi. HANN er búinn að losa sig við grænu hanskana, arkar inn og hallar, án þess að loka alveg

GRETTIR: (*Á leiðinni.*) Ég held að við þurfum að- ... Ó!

HANN kemur auga á LOFT og stansar. JÓN og LOFTUR virða HANN fyrir sér, báðir jafn undrandi, því í aðra nös HANS er nú kominn hæfilega áberandi bómullarhnoðri með blóðblettum

JÓN BORGAR: (*Loks hikandi.*) Þetta ... er kollegi minn. Hann ... hérna sko ... Grettir Sig.

LOFTUR: Grettir sig?

JÓN kinkar kolli. LOFTUR horfir rannsakandi, gott ef ekki svolítið ógnandi á GRETTI SIG,

sem frá rassblautu barnsbeini hefur mátt þola misskilning og sæta tilheyrandi aðkasti í tengslum við nafn sitt. Og nú, sem oft áður undir álagi, finnur HANN sig knúinn - og grettir sig. LOFTUR dokar og snýr sér svo að JÓNÍ

LOFTUR: (*Lækkar ögn róminn.*) Og af hverju gerir hann það?

JÓN BORGAR: Af því að hann er ... (*Ræskir sig og lækkar róminn.*) Skirillbomm.

LOFTUR: (*Hækkar róminn aftur.*) Ha? Er hann hvað?

JÓN BORGAR: Með túrett.

LOFTUR: Túrett? Ókei. (*Dokar. Síðan.*) En af hverju er hann blóðugur?

JÓN BORGAR: Það er af því að ... hann er að leika lík.

LOFTUR: Leika lík?

JÓN BORGAR: (*Blátt áfram.*) Já. Þau eru að gera glæpamyndband fyrir þorablótið.

LOFTUR: (*Blöskrar.*) Glæpa-myndband? Fyrir þorablótið?

JÓN BORGAR: (*Glaðlega við GRETTI.*) Og hvernig gengur svo æfingin þarna inni? GRETTIR: (*Eftir stutt dok.*) Æfingin?

JÓN BORGAR: Já! Eruð þið ekki að æfa ... þarna ... „Morðið á geðveiku hjúkrunarkonunni?“

HANN fær engin viðbrögð frá GRETTI önnur en samviskusamlega útfærða túrettkippi. Þá skyndilega ...

JÓRUNN: (*Öskrar útsviðs.*) Niður með brækur! (U.þ.b. hér byrjar JÓN að grípa fram í.) Leystu niður um hán, ég er tilbúin með sprautuna ... (Ad-lib.) ...

JÓN hraðar sér að baðherbergisdyrnum

JÓN BORGAR: (*Hrópar á leiðinni.*) Já, eruð þið komin svona langt? Algjör snilld!

HANN skellir hurðinni, snýr sér síðan glaðhlakkalegur að LOFTI og gefur HONUM sýnishorn

JÓN BORGAR: (*frh.*) Þau eru komin að Stuðmannaatriðinu. (*Syngur.*) „Upp með hendur, niður með brækur.“ (*Hlær.*)

Undir eftirfarandi kemst HANN yfir að kippa piparkökuskálinni af skrifborðinu, beina LOFTI alla leið að dyrunum, bjóða HONUM köku og opna dyrnar. HANN hlær.

JÓN BORGAR: (*frh. > Á leiðinni.*) ... sjúklingarnir elska þetta alveg. Jæja. Gangi þér vel.

Á leiðinni. Niður í móttöku sko. Fáðu þér eina. Mjög góðar. Hún Sóldís á kynsjúkdómadeildinni bakaði þær ...

LOFTUR: Nei, sama og þegið. (*Formlega.*) Nú, jæja, ég segi þá bara: Veriði sælir.

JÓN BORGAR: Já! Og það sagðirðu bara nokkuð snoturlega.

HANN hrekur LOFT vinsamlega út - og lokar dyrunum. Undir eftirfarandi skilar JÓN skálinni á skrifborðið og gengur síðan rakteitt

GRETTIR: Jón Borgar, ég er farinn að hafa áhyggjur af þér.

JÓN BORGAR: Þú ert ekki einn um það. Farðu nú og sjáðu til þess að barnið fái örugglega sprautuna.

HANN opnar dyrnar að baðherberginu, stuggar GRETTI inn - og lokar. Í sömu andrá opnast dyrnar DÍANA birtist og staldrar við milli vængjahurða. HÚN heldur á yfirhöfninni og töskunni

DÍANA: Jón Borgar!

JÓN BORGAR: Viltu vera niðri og sjá til þess að þessi löggá sé ekki alltaf að koma hingað upp!

DÍANA: Ég var bara með smá áhyggjur af Manna.

JÓN BORGAR: Það er allt í himnalagi með hán!

Dyrnar að baðherberginu opnast, GRETTIR gengur inn og skilur eftir hálfopið

GRETTIR: (*Andstuttur á leiðinni.*) Heldurðu að hán hafi ekki klifrað út um gluggann!

JÓN BORGAR: HA!

DÍANA: Hver?

GRETTIR: Nú, krakkinn, þessi sem missti móður sína.

DÍANA: Jesús minn! Á fjórðu hæð!

HÚN *hraðar sér inn - og dyrnar lokast. HÚN fleygir yfirhöfninni og töskunni á skrifborðsstólinn*

GRETTIR: Hán húkir úti á gluggasýllunni og hótar að láta sig gossa fram af, ef hán fær ekki að hitta þabba sinn strax!

JÓN BORGAR: Djís-!

DÍANA: Guð! (Við JÓN.) Veistu, við getum ekki lengur haldið þessu leyndu fyrir Manna.

GRETTIR: (Við DÍÖNU.) Eruð þið að leyna hundinn einhverju?

JÓN BORGAR: Grettir!

JÓRUNN *birtist í baðherbergisdýrunum, að baki GRETTIS - sem víkur úr vegi. Klæði*

HENNA *eru öll úr lagi gengin, HÚN heldur á sprautunni og styður sig við dyrastafinn*

JÓRUNN: Fyrirgefiði ... en vill einhver hringja á lögregluna?

JÓN BORGAR: Við þurfum enga lögreglu hér! Við ráðum alveg við einstakling í ójafnvægi.

JÓRUNN: Ójafnvægi? Hán bítur!

DÍÖNU *verður litið á GRETTI og kemur auga á blóðugan hnoðrann í nös HANS*

DÍANA: Ó, Guð! Beit hann þig?

JÓN BORGAR: Skiptir ekki máli!

DÍANA *tekur upp tólið af móðurstöðinni á skrifborðinu*

DÍANA: Heyrðu, ég veit! Við biðjum Loft um að koma hingað upp.

JÓN BORGAR: Nei, nei, nei! Ég vil ekki sjá hann hingað aftur!

DÍANA: En Manni er í lífshættu!

JÓN BORGAR: Ég held að Jórunn sé nú í meiri lífshættu.

DÍANA: (Í skrifborðssímann.) Já, get ég fengið samband við móttökuna?

GRETTIR: Lenti hundurinn hennar í slysi?

JÓN BORGAR: Þegiðu rétt á meðan! (Við DÍÖNU.) Ef hann kemur hingað, þá kemst allt upp!

DÍANA: (Í skrifborðssímann.) Augnablik. (Við JÓRUNNI.) Viltu fara þarna inn aftur og halda áfram að tala við barnið.

JÓRUNN: Og hver ert þú með leyfi?

DÍANA: Ég er móðir hans.

JÓRUNN: Móðir hans?

GRETTIR: Móðir hans!?

JÓN BORGAR: Ó, djísass kræst!

DÍANA: (Í skrifborðssímann.) Já, það er lögregluþjónn staddur þarna hjá ykkur. Viltu biðja hann um að koma strax upp í lækna-setur á sjöttu? - Já, það er neyðartilfelli.

Undir eftirfarandi leggur HÚN tólið á stöðina, verður síðan litið út um gluggann, hnykkir við og kippir yfirhöfninni af skrifborðsstólum

JÓRUNN: Já, en móðir hans var D.V.K?

DÍANA: (Hækkar róminn.) Nei! Móðir hans var D.T.S.

JÓRUNN: Dé-Té-Há?

DÍANA: Já. Díana Thors að sunnan!

HÚN *hraðar sér inn á baðherbergið, framhjá JÓRUNNI, sem fylgir á eftir - og skilur eftir hálf opið*

GRETTIR: Er Díana móðirin?

JÓN BORGAR: Grettir Sigurðsson ... ég held það sé tími til kominn ...

HANN *gengur röskum skrefum að baðherberginu, lokar og snýr sér síðan ábúðarfullur að*
GRETTI

GRETTIR: Tilkominn ...?

JÓN BORGAR: ... að tengja.

GRETTIR: Hvað?

JÓN BORGAR: Bræðralagsbogann. Milli okkar gömlu fóstbræðranna. Hlustaðu nú!

Undir eftirfarandi klæðir HANN *sig úr jakkanum og kemur honum fyrir á stólbakinu við*
skrifborðið

JÓN BORGAR: (*frh.*) Ég segi þetta bara einu sinni og ég kem til með að segja það mjög hratt, beint í æð. (*Á fullt skrið.*) Það er í sambandi við Díönu gömlu hjúkkuna okkar...

GRETTIR: (*Grípur fram í.*) Ertu að tala um Díönu gömlu hjúkkuna okkar eða Díönu eldgömlu hjúkkuna okkar sem var hérna- ...

JÓN BORGAR: (*Grípur fram í.*) Ekki grípa fram í!

GRETTIR: Fyrirgefðu.

JÓN BORGAR: Día Thors - er móðirin.

GRETTIR: En hún sagðist ekki eiga neina fjölskyldu?

JÓN BORGAR: Nei! Það var ég sem sagði það.

GRETTIR: Af hverju?

JÓN BORGAR: Af því að ég er lygari: Viðkomandi er afkomandi ... hennar, sem hún átti í lausaleik. Hún hefur aldrei verið gift.

GRETTIR: Nú? Þessi sem hrapaði á Vatnajökli?

JÓN BORGAR: Lygi! Ég bjó það til, af því að Día var búin að segja barninu, að pabbi hans hefði dáið þegar hán [óskýrt, næstum hann] var þriggja ára.

GRETTIR: (*Forviða.*) Var pabbi hans ekki nema þriggja ára þegar hann dó?

JÓN BORGAR: (*Öskupirraður.*) Grettir! Díana sagði Marion að hán hefði verið þriggja ára þegar pabbi hans dó.

GRETTIR: En hvað með seinni manninn hennar, þennan með þvagsýrugigtina?

JÓN BORGAR: Líka lygi! Díana hefur aldrei verið gift. Krakkinn er afleiðingin af stuttu sambandi hennar við ungan lækni hér á spítalanum, fyrir tæpum átján árum.

GRETTIR: Jaaaaa-hérna hér!

JÓN BORGAR: Það virðist koma þér á óvart?

GRETTIR: Þú getur rétt ímyndað þér.

JÓN BORGAR: Þá skaltu setjast og halda þér, því faðirinn er enginn annar en ...

GRETTIR: Já ...?

JÓN *horfir staðfastlega á* GRETTI

JÓN BORGAR: Þú.

GRETTIR *gefur sér svolítinn tíma til þess að meðtaka tíðindin*

GRETTIR: (*Allt að því blátt áfram.*) Ég?

JÓN BORGAR: Já, Grettir minn: Þú.

GRETTIR: (*Fattar. Æsir sig.*) Sko, Jón Borgar Eskildsen! Ég get svarið það, að við Díana gerðum aldrei neitt svoliðis- ...

JÓN BORGAR: (*Grípur fram í.*) Ég veit það! En ég get ekki farið að gangast við því núna! GRETTIR:

(*Æsir sig enn frekar.*) Ég get svo Guðsvarið það Jón Borgar, ég snerti aldrei- ... (*Dok. Síðan.*) Ha? Þú? Að gangast við því?

JÓN BORGAR: Já! Súsanna færi á taugum, fyrirlesturinn til fjandans og yfirlæknisstaðan til helvítis. Fattarðu?

GRETTIR: Ertu að segja mér að þú sért faðir þessa stálps sem er hérna fyrir utan gluggann?

JÓN BORGAR: Það fer bara ekkert fram hjá þér.

GRETTIR: Það var eins og hán þekkti þig ekki.

JÓN BORGAR: Nei. Eina sem hán veit, er að faðir hans var ungur læknir hér á spítalanum fyrir tæpum átján árum og vinnur hér enn, - og þú passar alveg inn í starfslýsinguna.

GRETTIR: Með einni undantekningu: Það var ekki ég sem svaf hjá Díönu!

JÓN BORGAR: Nei, en þú hefðir gert það ef þú hefðir haft tækifæri til.

GRETTIR: Það kemur málinu ekkert við.

JÓN BORGAR: Grettir! Ég er búinn að segja hani að ég sé kaþólskur prestur með þvagsýrugigt og gyllinæð.

GRETTIR: Nei, var það ekki pabbi hans?

JÓN BORGAR: Gerðu þetta fyrir mig, þú hefur engu að tapa!

GRETTIR: Engu að tapa!?

JÓN BORGAR: Nei, ekki ert þú að fara að flytja Hippókratesarfyrirlesturinn!?

GRETTIR: Nei, en það kemur málinu ekkert- ...

JÓN BORGAR: (*Grípur fram í.*) Og ekki ert þú líklegur til að fá yfirlæknisstöðuna hérna!? GRETTIR: Nei, en það kemur málinu ekkert- ...

JÓN BORGAR: Og síðast en ekki síst: Þú átt enga eiginkonu til að hafa áhyggjur af.

GRETTIR: En ég á aldraða móður sem ég hef áhyggjur af.

JÓN BORGAR: En konan mín er hérna - að gera allt vitlaust!

GRETTIR: Og móðir mín er heima - að súrsa hrútspunga!

JÓN BORGAR: Ef Súsanna kemst að þessu, verða súrsaðir aðrir og meiri pungar en hrútspungar heima hjá mér.

GRETTIR *tekur á rás undan JÓNI í áttina að dyrunum . JÓN eltir og stekkur í veg fyrir HANN*

GRETTIR: (*Á leiðinni.*) Það er samt ekki nógu góð ástæða til þess að ég fari að rangfeðra barnið þitt.

JÓN BORGAR: (*Á leiðinni.*) Þetta er bara spurning um klukkutíma, í mesta lagi. Eina sem þú þarft að gera, er að fara með Manna niður á lögreglustöð.

GRETTIR: Hvað á ég að gera með hundinn niður á lögreglustöð?

JÓN *snýr* GRETTI *og keyrir HANN niður í stólinn við skrifborðið*

JÓN BORGAR: Það er enginn hundur, Grettir! Drengurinn heitir Marion!

GRETTIR: Nú? Eins og þessi með þvagsýrugigtina?

JÓN BORGAR: Nema það er bara enginn sjúklingur sem heitir Marion! Taktu þá alveg út af dagskrá. Og líka Hálfán og hundinn þeirra og mömmu hans sem varð fyrir strætó. Eina sem þú þarft að gera, er að kynna þig fyrir stráknum sem föður hans, sem er nýkominn í leitirnar - og fylgja honum niður á lögreglustöð

GRETTIR: (*Blátt áfram.*) Lögreglustöð?

JÓN BORGAR: Smá umferðalagabrot.

GRETTIR: Ó, Guð minn góður!

Undir eftirfarandi fer JÓN að kaffivélinni, sækir kaffi í mál og færir GRETTI á viðeigandi augnabliki

JÓN BORGAR: Og um leið og ég er búinn með fyrirlesturinn, skal ég segja Marion allt!

GRETTIR: Í alvöru?

JÓN BORGAR: Já, auðvitað.

GRETTIR: Ja-hérna. Þetta er rosalegt sem þú ert að fara fram á.

JÓN BORGAR: Þú bjargar fyrirlestrinum mínum og hjónabandinu - og spítalastjórnin verður búin að fá tölvupóst í eftirmiðdaginn.

GRETTIR: Hvaða tölvupóst?

JÓN *tekur upp snjallsímann og pikkar*

JÓN BORGAR: Meðmæli með Gretti Sig í stöðu yfirlæknis á taugadeild, frá bráðum fráfarandi yfirlækni taugadeildar - og tilvonandi yfirlækni á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða.

GRETTIR: Í stöðu yfirlæknis ...?

JÓN BORGAR: Jebb.

GRETTIR: Þú veist að þetta eru mútur.

JÓN BORGAR: Grettir Sig: Þú veist að sjúkdómsgreiningar þínar hitta alltaf í mark.

(*Upp á háa-c-ið.*) Í alvöru talað, ég er kominn gjörsamlega út í horn!

GRETTIR *sprettur á fætur og hraðar sér*

GRETTIR: (*Á leiðinni.*) Það er ekkert víst að Díana samþykki þetta.

JÓN BORGAR: Hún á ekki annarra kosta vö.

GRETTIR *stansar og tyllir sér sem snöggvast á stólinn* . JÓN *eltir*.

GRETTIR: Nei, veistu það vinur, ég er vonlaus í öllum svona leikaraskap.

JÓN BORGAR: Hvaða vitleysa!

GRETTIR: Ég kæmist aldrei upp með þetta.

Undir eftirfarandi birtist MARION á syllunni utan við -horn gluggans. HÁN er óstöðugt, enda með vindinn í fangið og flughált úti. HÁN missir jafnvægið sem snöggvast og fletur andlitið út á rúðunni, uns HÁN nær sér aftur á strik og staulast yfir á -kantinn

JÓN BORGAR: Hvaða vitleysa.

GRETTIR *sprettur á fætur og hraðar sér* . JÓN *eltir*. *Meðan á eftirfarandi samtali stendur, má sjá JÓRUNNI birtast utan við gluggann og skríða á fjórum fótum á flughalli syllunnni, á eftir MARIONI, með sprautuna á lofti - og brátt takast ÞAU á*

GRETTIR: Þú hlýtur að geta fundið einhvern annan.

JÓN BORGAR: Við höfum engan tíma til þess! Það er enginn annar sem getur bjargað mér út úr þessu.

GRETTIR: Jú, víst ...

HANN *kemur nú auga á glímuna utan við gluggann*

GRETTIR: (frh. > *Sýpur hveljur.*) ... Guð almáttugur!

JÓN BORGAR: Já, góð hugmynd, ertu með símanúmerið hans?

Meðan á eftirfarandi samtali stendur, hraðar GRETTIR sér að glugganum og klifrar upp á bekkinn en JÓN heldur áfram að pikka meðmælapóst á snjallsímann

GRETTIR: (*Hrópar.*) Jórunn!

JÓN BORGAR: Láttu ekki eins og fifl. Hvernig ætti Jórunn að geta verið faðir Mar- ...

(*Flissar.*) Nei, í alvöru, Grettir ...

JÓN BORGAR: Eina sem þú þarft að segja við lögguna, er- ...

HANN *snýr sér, kemur auga á hildarleikinn utan við gluggann og grípur andann á lofti.*

GRETTIR *er búinn að opna gluggafagið : Það er tekið að snjóa, heyra má vindinn gnauða*

fyrir utan og snjó Korn fjúka inn

JÓN BORGAR: (frh.) ... Heitasta helvíti!

HANN seilist eftir MARIONI og JÓRUNNI gegnum gluggafagið . Raddir þeirra berast inn annað slagið, og eru einkum á öskurnótunum. JÓN klifrar upp á bekkinn og opnar gluggafagið . MARION grípur um handlegg JÓRUNNAR með annarri og sprautuna með hinni

GRETTIR: (frh.) Jórunn, haltu þér fast!

JÓRUNN: (Utan við gluggann.) Viltu sleppa ...

MARION kippir sprautunni af JÓRUNNI

JÓRUNN: (frh. > Utan við gluggann.) ... hán er búið að ná sprautunni!

ÞAU glíma - og GRETTIR reynir meira af vilja en mætti að skakka leikinn í gegnum gluggann

MARION: (Utan við gluggann.) Láttu mig vera beljan þín!

JÓRUNN: (Utan við gluggann.) Krakkaasni!

MARION: (Utan við gluggann.) Ég sagði slepptu mér!

JÓRUNN og MARION takast nú á með þeim árangri að sprautan rekst á kaf í rassinn á JÓRUNNI

JÓRUNN: (Utan við gluggann. Æpir.) Ahhhhhh!

HÚN þreifir um rassinn. JÓN og GRETTIR hörfa. GRÍMUR birtist utan við -horn gluggans. HONUM er ómótt og ekki bæta háu hælarnir, vindurinn og hálkan úr skák. MARION hörfar.

MARION: (Utan við gluggann við JÓRUNNI.) Ég var búinn að segja þér það: Fokkaðu þér!

GRÍMUR nær sprautunni af MARIONI og hverfur síðan með hana sömu leið og HANN kom -

JÓRUNN: (Utan við gluggann.) 100 millgrömm af Haldól! Hán sprautaði mig með ...

MARION treðst framhjá JÓRUNNI yfir á -kantinn. Dyr baðherbergisins opnast og GRÍMUR birtist í gættinni, utangátta og skjálfandi af kulda, heldur á sprautunni og er bersýnilega orðið flökurt. HANN lokar á eftir sér og gerir sig líklegan til að leggja í hann

JÓN BORGAR: Grímur minn, hvert ert þú að fara?

GRÍMUR hikar og horfir bjálfalega á JÓN

GRÍMUR: Til læknis.

HANN tekur á rás

JÓN BORGAR: (Kallar á eftir honum.) Já, en - þú ert læknir!

GRÍMUR stansar á miðri leið og sem snöggvast er eins og brái af honum. GRÍMUR tekur á rás að dyrunum og opnar, stansar í gættinni milli vængjahurða og snýr sér við

GRÍMUR: Ég þarf að fá uppáskriftaðan aukaskammt af Haldól.

HANN hraðar sér út - og dyrnar lokast. DÍANA birtist utan við -horn gluggans. HÚN er komin í kápuna. GRETTIR teygir sig út um gluggafagið og nær taki á HENNI, meðan JÓN fæst við

MARION gegnum fagið

JÓN BORGAR: Dána!

DÍANA: (Utan við gluggann.) Elsku barnið mitt! Mamma er að koma til Manna ...

MARION: (Utan við gluggann.) Mamma!

DÍANA: (Utan við gluggann.) Já, mamma er hérna. (Við JÓN.) Hvað fífl sagði honum að ég hefði orðið undir strætó?

JÓN BORGAR: (Við MARION.) Komdu þér hingað inn, krakkakjáni!

HANN teygir sig út um gluggann og er nálægt því að hremma MARION - er dyrnar opnast , ÁRNÝ MARGRÉT birtist, með tómt málið í höndunum - og dyrnar lokast á eftir henni

ÁRNÝ MARGRÉT: (Á leiðinni.) Jón Borgar ...!

GRETTIR *togar í gardínustöngina, gardínan fellur á augabragði og hylur gluggann, áður en ÁRNÝ nær að snúa sér. JÓN stekkur niður, tekur ofan skotthúfunu, fleygir henni á skrifborðið og hraðar sér til ÁRNÝJAR, en GRETTIR heldur kyrru fyrir uppi á bekknum*

JÓN BORGAR: (*Yfirdrifið elskulegur.*) Ah! Árný Margrét, þarna ertu þá.

ÁRNÝ MARGRÉT: (*Ságröm.*) Þú ræður alveg hvort þú þiggur liðsinni mitt við að lappa upp á fyrirlesturinn þinn eða ekki, og ég kæri- ...

JÓN BORGAR: (*Grípur fram í.*) Takk fyrir: Liðsinni afþakkað!

Undir eftirfarandi umstaflar HANN ræðunni á skrifborðinu, opnar tölvuna, tekur usb-lykilinn úr vasanum, veifar framan í ÁRNÝJU á viðeigandi augnabliki, stingur lyklinum síðan í tölvuna og þykist önnur kafinn

ÁRNÝ MARGRÉT: (*Við suðumörk.*) ... en hvað sem því líður...

ÁRNÝ MARGRÉT: ... og fyrstu ráðstefnugestirnir eru mættir í salinn til að hlusta á fyrirlesturinn þinn!

JÓN BORGAR: Og þeir mega svo sannarlega eiga von á góðu. Bara aðeins að leiðrétta

...

JÓRUNN: (*Útsviðs.*) Ég er að missa- ... ég er að renna fram af- ... !

GRETTIR: (*Endurtekur skrækum róm.*) Ég er að missa- ... ég er að renna fram af- ...!

ÁRNÝ snýr sér. GRETTIR gerir sér upp svima og lætur eins og hann sé að renna fram af bekknum

JÓN BORGAR: (*Við ÁRNÝJU.*) Sjúkleg lofthræðsla. Við erum að gera tilraunir með það hvað hann getur haldið lengi út í þessari hæð, án þess að missa jafnvægið.

ÁRNÝ færir sig nær og virðir fyrir sér frávikið í nös GRETTIS

JÓN BORGAR: Leyfðu mér að bæta aftur í glasið hjá þér.

HANN brosir við ÁRNÝJU, hrifsar af HENNI málið og undir eftirfarandi hraðar HANN sér að lyfjaborðinu, hellir áfengi í málið, þynnir með vatni úr sódasprautunni og færir ÁRNÝJU loks drykkinn

ÁRNÝ MARGRÉT: Ha? Nú? (*Ræskir sig.*) Þú veist vel að það er hefð fyrir því, að fyrirlesarinn taki á móti ráðstefnugestum við dýrnar ...

JÓN BORGAR: (*Á leiðinni.*) Nýjir tímar kalla á nýjar hefðir.

ÁRNÝ MARGRÉT: (*Hvæsir.*) Haaa!?

JÓN BORGAR: Ég er aðalnúmerið og ætti alls ekki að láta sjá mig fyrr en akkúrat um leið og ég birtist í sviðsljósinu. Í Kaupmannahöfn er það kallað „en storslået entré”.

JÓRUNN: Ahh GRETTIR: Ahh

ÁRNÝ MARGRÉT: (*Bullsýður á honum.*) Er það svo, já?

JÓN og ÁRNÝ snúa sér þar sem GRETTIR stendur enn á sama stað, uppi á bekknum.

HANN þykist hafa komið auga á pöddu á bekknum, sem hann miðar út og „drepur” síðan með hraustlegu stappi. GRETTIR kinkar kolli og brosir til ÁRNÝJAR, sem lítur andartak á HANN en snýr sér svo aftur að JÓNI

ÁRNÝ MARGRÉT: (*Ógnandi.*) Er það svo?

JÓN BORGAR: Já, bíddu bara þangað til þú sérð mig: Ég á eftir að rúlla þessu upp.

JÓN og ÁRNÝ líta aftur á GRETTI sem þykist vera að skamma „hálfdauda” pödduna. HANN stappar á „pöddunni.” ÁRNÝ snýr sér aftur að JÓNI

ÁRNÝ MARGRÉT: Er þetta ekki verkefni fyrir sálfræðiteymið? Og drífdú þig svo upp á ráðstefnusal!

HÚN sýpur úr málinu, hverfur síðan út með það - og dýrnar lokast sjálfkrafa. JÓN hraðar sér til GRETTIS, sem dregur upp gardínuna: Í ljós koma JÓRUNN og MARION á sama stað og

áður. Það snjóar enn og gengur á með vindhviðum

JÓN BORGAR: (Á leiðinni.) Ókei, nú skulum við ...

Dyrnar opnast og LOFTUR arkar inn, með kaskeitið í höndunum - og lokar á eftir sér

LOFTUR: (Á leiðinni.) Ókei, nú skulum við ...

GRETTIR lætur gardínuna falla, JÓN hoppar niður, kippir piparkökuskálinni af skrifborðinu ,
gengur til móts við LOFT með bros á vör, en GRETTIR verður eftir uppi á bekknum

JÓN BORGAR: Nú, þarna ertu þá aftur.

LOFTUR: Hvar er stálpið? Viðkomandi afkomandi? Hvað kom eiginlega fyrir?

JÓN BORGAR: Ekkert svo ég viti. Rólegheitadagur-só-far. Fáðu þér piparköku.

LOFTUR: Nú? Ég fékk skilaboð frá móður hans um að koma hingað upp í einum grænum: Hún sagði að það væri neyðartilfelli!

JÓN BORGAR: Já. Það var neyðartilfelli. En því var aflýst.

LOFTUR: Eitthvað í sambandi við viðkomandi afkomanda?

JÓN BORGAR: Já. En hún talaði hán til og fékk hán með sér niður á lögreglustöð.

LOFTUR: Flott. Þá er best að ég drifi mig þangað.

JÓN BORGAR: Og hafðu engar áhyggjur af afkomanda, viðkomandi er ljúfur eins og lamb.

LOFTUR snýst á hæl og gengur að dyrunum . JÓN ætlar að elta er skruðningar heyrast ÚT-S

JÓRUNN: (Æpir útsviðs.) Óóó ... Æææ ... ég hrasaði ... bíddu, bíddu!

GRETTIR: (Endurtekur skrækum róm.) Óóó ... Æææ ... ég hrasaði ... bíddu, bíddu!

JÓN og LOFTUR líta um öxl, á GRETTI

GRETTIR: (frh. > Syngur.) „Æ, ég hljóp svo hratt, að ég hrasaði og datt / bíddu pabbi, bíddu miiiiiiiiín!”

LOFTI verður litið á JÓN sem brosir og klappar pent fyrir GRETTI

JÓN BORGAR: Þakka þér fyrir vinur. (Við LOFT.) Þetta tónlistarmyndband verður alveg meiriháttar hjá þeim.

LOFTUR lítur aftur rannsakandi á GRETTI SIG sem man þá skyndilega eftir mikilvægum
þætti persónusköpunarinnar og grettir sig - uns JÓN þrífur í LOFT og tekur að fylgja HONUM
til dyra

MARION: (Útsviðs.) Mamma!

GRETTIR: (Endurtekur.) Mamma!

JÓN og LOFTUR stansa og snúa sér. GRETTIR hefur kippt niður skrautinu sem hékk í
glugganum, og bregst nú við með söng- og steppdansnúmeri - við eigin hörpuundirleik

GRETTIR: (frh. > Syngur.) „Mamma mía ... here I go again / My my, how can I resist you? /
Mamma mía, does it show again? / My my, just how much I've missed you!”

HANN lætur sig falla á gólfíð, niður á annað hnéð, og flytur niðurlagshendingar viðlagsins

GRETTIR: (frh.) „Mamma mía, now I really know / My my, I could never let you go!”

HANN endar með grand finale. JÓN klappar. GRETTIR SIG brosir og grettir sig síðan
samviskusamlega

JÓN BORGAR: Algjör snilld! (Við LOFT.) Ég hef engan séð sem nær honum svona vel.

LOFTUR: Hverjum?

JÓN BORGAR: Megasi.

LOFTUR gónir forviða á JÓN sem teymir HANN að dyrunum , enn með piparkökuskálina í
höndunum

JÓN BORGAR: (frh. > Á leiðinni.) Þetta er sko fyrir þorablótið. Ætlar þú ekki að mæta?

LOFTUR: (*Á leiðinni.*) Nei, það er allt brjálað að gera í kringum þorablótin.

JÓN BORGAR: Ókei, þú sérð það bara á jútjúb.

HANN *stingur tveimur kökum á LOFT, opnar dyrnar og LOFTUR hverfur hikandi út.* JÓN lokar

JÓRUNN: (*Útsviðs.*) Vahhhhgh!

JÓN og GRETTIR *hrökkva við. GRETTIR hífir upp gardínuna. JÓN fleygir kökuskálinni á skrifborðið og stekkur að glugganum.* DÍANA MARION og JÓRUNN *eru enn úti á syllunni, nötrandi af kulda. JÓRUNN hefur runnið fram af og aðeins höfuð HENNAR gægist upp fyrir ásamt handleggjunum, sem HÚN heldur dauðahaldi í MARION, sem krýpur og heldur dauðahaldi í gluggapóst á opna faginu*

DÍANA: (*Utan við gluggann.*) Almáttugur, hún hrasaði aftur ...

JÓN BORGAR: Grettir, farðu niður á hæðina hérna fyrir neðan í einum grænum, og gáðu hvort þú getur ekki tekið Jórinni í gegnum gluggann.

GRETTIR: Akkúrat!

HANN *skellir aftur gluggafaginu, gerir sig líklegan til að þjóta af stað en snarstansar og lítur á JÓN*

GRETTIR: (*frh.*) Þegar þú baðst mig um að gá hvort ég gæti „tekið Jórinni í gegnum gluggann“... meintirðu þá að ég ...

JÓN BORGAR: (*Æpir.*) Snöggur!

GRETTIR *hypjar sig út - og lokar á eftir sér en JÓN klífrar upp á bekkinn við gluggafagið*

JÓRUNN: (*Utan við gluggann.*) Ég er ekki viss um að ég geti haldið mér mikið lengur.

JÓN BORGAR: Ekki sleppa

JÓRUNN: (*Utan við gluggann.*) Mig svimar, ég er alveg að missa máttinn ...

Það er hætt að snjóá, og vindinn hefur lægt. JÓN *teygir sig út um gluggafagið*

JÓN BORGAR: Hvað er fíflíð hann Grettir eiginlega að drolla?

Dyrnar opnast og GRÍMUR birtist. HANN keyrir á undan sér hjólástól, stansar innan við gættina - og dyrnar lokast á eftir honum. Í stólnum situr fjörgamall SJÚKLINGUR á náttfötum, slopp, inniskóm og með teppi breitt yfir fótleggina. GRÍMUR er sem fyrr í kvengervinu að neðan (og borgaralega klæddur að ofan)

GRÍMUR: Hey, Jón Borgar ...

JÓN BORGAR: (*Grípur fram í.*) Þær á öldrunardeildinni

GRÍMUR: (*Grípur fram í.*) Báðu mig um að rúlla þessum sjúklingi hingað inn.

JÓN BORGAR: Ertu eitthvað verri? Fórstu ekki að sækja meira Haldol?

GRÍMUR: Jú, Jórunn hafi hringt og beðið spjaldskrá um að finna einhverja Marion

JÓN BORGAR: (*Utangátta.*) Marion ...?

HANN *stígur niður og gengur til móts við GRÍM, sem dregur sjúrnal úr hulstri aftan á hjólástólnum*

GRÍMUR: Já. (*Les.*) Manúela Marion. (*Við JÓN BORGAR (Gluggar í sjúrnalinn.)* Hún var hvorki lögð inn með þvagsýrugigt né gyllinæð, heldur einfaldlega vegna öldrunar.

JÓN BORGAR: (*Grípur fram í.*) Grímur, væri þér sama, hún Jórunn hangir hérna á fingurgómunum! (*Æpir.*) Náðu í kaðal, örvitinn þinn!

GRÍMUR *skilar sjúrnalnum, þýtur út - og dyrnar lokast á eftir honum. MANÚELA svipast um brosandi*

MANÚELA: Nú jæja, svo ég fékk þá loksins einkastofu.

JÓN BORGAR: Hvað segirðu?

MANÚELA *virðist ýmist með á nótunum eða alveg úti á þekju. HÚN kemur auga á lyfjaborðið*
MANÚELA: Nei, og míníbar! Heimabíó!

Undir eftirfarandi, hjólar HANN sér að lyfjaborðinu en JÓN BORGAR hraðar sér að glugganum. JÓRUNN heldur enn dauðahaldi í MARION sem heldur dauðahaldi í gluggafagið
JÓRUNN: (*Utan við gluggann.*) Ég held að ég sé að missa meðvitund.

JÓN BORGAR: Nei, ekki aldeilis!

HANN teygir sig út um gluggann og grípur svo harkalega um axlir JÓRUNNAR að HÚN er næstum dottin fram af syllunni

JÓRUNN: (*Æpir utan við gluggann.*) Ahhhagh!

JÓN og DÍANA grípa andann á lofti - uns JÓRUNN nær aftur jafnvægi

JÓN BORGAR: (*Við DÍÖNU.*) Dána, það hangir gömul brunaslanga við hliðina á lyftunni. Náðu í hana og farðu með hana út til Jórunnar.

DÍANA: (*Utan við gluggann.*) Til hvers? Viltu að ég sprauti á hana?

JÓN BORGAR: (*Stynur.*) Nei! Það er búið að sprauta Jórunni nóg í dag. Við bindum slönguna utan um hana og hífum hana svo upp.

DÍANA leggur af stað yfir á -kantinn

MARION: (*Utan við gluggann.*) Ætlarðu að skilja mig eftir eitt með prestinum?

DÍANA stansar sem snöggvast við -horn gluggans og snýr sér við

DÍANA: (*Utan við gluggann.*) Prestinum?

JÓN BORGAR: (*Stynur.*) Farðu bara og sæktu helvítis slönguna!

DÍANA hverfur úr sjónmáli við -hornið

MARION: (*Öskrar utan við gluggann.*) Mamma! Ekki fara!

MANÚELA, sem er að bauka við lyfjaborðið, uppgötvar nú að það hangir „sjónvarp“ yfir dyrunum. Dyrnar að baðherberginu opnast og DÍANA birtist í gættinni - og lokar á eftir sér.

MANÚELA spólar af stað í áttina, um leið og DÍANA hraðar sér þvert yfir stofuna, í áttina - og mætir MANÚELU. DÍANA hægir á sér og gónir á HANA. DÍANA gefur í, hverfur út – og lokar dyrunum á eftir sér. Undir eftirfarandi seilist JÓN eftir MARION gegnum gluggafagið meðan MANÚELA kemur sér notalega fyrir framan við eftirlitsskjáinn og fer að „horfa á sjónvarpið.“

MARION: (*Utan við gluggann.*) Mamma!

JÓN BORGAR: Steinþegiðu, krakkaasni!

HANN slær MARION flötum lófa í hnakkann með annarri og ætlar að hremma HÁN með hinni

MARION: (*Utan við gluggann.*) Á-i!

HÁN losar ósjálfrátt um takið á JÓRUNNI til að nudda hnakkann - og í sömu andrá hverfur JÓRUNN niður af syllunni, með skarkala - og alveg úr sjónmáli

JÓRUNN: (*Æpir utan við gluggann.*) Aaaaaaaaaaaaaagh!

JÓN teygir sig út um -gluggafagið, kíkir fram af syllunni og bíður í ofvæni. Eftir stutt dok berst fjarlægur dynkur að utan/neðan, ásamt álíka fjarlægum stunum í JÓRUNNI - og loks sársaukaöskri í GRETTI

JÓN BORGAR: (*Hrópar.*) Vel gripið, Grettir! Taktu hana svo inn um gluggann! Svona já! Tær snilld!

Dyrnar opnast og GRÍMUR birtist. HANN keyrir líkbörur á hjólum á undan sér, framhjá MANÚELU, staðnæmist með þær skammt undan stólnum - og dyrnar lokast á eftir honum.

JÓN bakkar inn um gluggann, stígur niður af bekknum og nálgast GRÍM. Undir eftirfarandi snýr GRÍMUR sér, bersýnilega orðið flökurt aftur. HANN ætlar að hlaupa en JÓN stöðvar HANN. GRÍMUR hrifsar skærin af skrifborðinu. HANN sýnir aftur á sér fararsnið en JÓN hrifsar skærin af HONUM og leggur þau á skrifborðið. HANN losar sig undan JÓNI, tekur á rás, hverfur út - og dyrnar lokast á eftir honum

JÓN BORGAR: (Hrópar.) (Við MARION.) Drífðu þig inn, krakki!

MARION: (Utan við gluggann.) Ég fer ekki fyrr en ég er búíð að fá að hitta pabba minn!

JÓN BORGAR: Pabbi þinn er upptekinn. Hann er að leika hetju!

MARION: (Utan við gluggann.) Hetju?

JÓN BORGAR: Já, það er hann sem var að enda við að bjarga lífi hjúkkunnar.

MARION meðtekur boðskapinn undrandi en glaður og hallar sér yfir brúnina til að virða hetjuna fyrir sér

MARION: (Utan við gluggann.) Er hann pabbi minn?

JÓN BORGAR: Já! Svo þú getur pillað þig inn núna!

MARION snýr sér að JÓNI

MARION: (Utan við gluggann.) Er þessi þarna pabbi minn?

JÓN BORGAR: Ég var að segja það!

MARION snýr sér aftur US og hallar sér enn meira fram yfir brún syllunnar

MARION: (Utan við gluggann. Kallar niður.) Pabbi!

JÓN BORGAR: Passaðu þig krakki ...

HANN sætir lagi, teygir sig út um -fagið, hífir MARION inn - og lokar glugganum. MARION gengur til MANÚELU sem situr í hjólastólnum við skjáinn og „horfir á sjónvarpið.” HÚN heldur á plastglas með áfengi sem HÚN skenkti sér af „mínibarnum” skömmu eftir að hún kom inn og er að þynna það út með vatni úr sódasprautunni. JÓN eltir MARION. MARION heilsar MANÚELU með handabandi

MARION: (Við MANÚELU.) Ég er búíð að finna pabba minn!

MANÚELA: Og á hvaða stofu er hann?

MARION ræður sér ekki fyrir kæti og heldur áfram að hrista hönd MANÚELU með þeim árangri að drykkurinn sem HÚN er með í glasinu í hinni höndinni, sullast út í loftið - og yfir JÓN. HANN hraðar sér að rúlluboxinu. MARION eltir og veit ekki hvort HÁN á að hlæja eða gráta. HÁN hristir hönd JÓNS sem er að draga þurrkublöð af rúllunni með hinni - með þeim árangri að HANN dregur margfalt fleiri eintök en hann ætlaði. HÁN hleypur til MANÚELU og tekur aftur í hönd HENNAR

JÓN BORGAR: (Við MARION.) Svona nú. Drífðu þig niður að hitta pabba þinn.

Dyrnar opnast og DÍANA birtist með slökkvitæki meðferðis - lokar á eftir sér og hraðar sér þvert yfir á

DÍANA: (Á leiðinni.) Ég sá hvergi þessa brunaslöngu.

JÓN BORGAR: Og ætlaðirðu að hífa Jórinni upp með slökkvitækinu?

MARION: (Brosir gegnum tárin.) Mamma, ég er búíð að finna pabba!

HANN knúsar MANÚELU. DÍANA stansar, leggur saman tvo og tvo, fær ranga útkomu og lítur á JÓN full grunsemda

DÍANA: Haa? Ekki ætlaðu að segja mér að- ...

MARION: (Grípur fram í.) Vá hvað ég er ótrúlega sátt með þetta!

HÁN brestur skyndilega í grát, sleppir MANÚELU og grípur „leitandi” í JÓN. Síðan eftir stutt

dok

MANÚELA: (Við MARION.) Ég er mjög líbó. Knúsaðu hann bara líka.

HÚN rekur út úr sér tunguna og 'trillar' henni. MARION faðmar JÓN. DÍANA dregur þá ályktun að JÓN hafi sagt MARIONI sannleikann, léttir ósegjanlega og leggur slökkvitækið frá sér við stólinn

DÍANA: Ó, hvað ég er hamingjusöm ... fyrir hönd ykkar beggja.

MARION: Finnst þér það ekki sjúklega?

HÁN hleypur til DÍÖNU og ÞAU fallast í faðma. Í sömu svifum opnast dyrnar og GRETTIR birtist. Það er af honum dregið eftir hetjudáðina. HANN er enn með hnoðrann í nösinni og kominn með sólgleraugu. Yfiringreiðslan á kolli hans er öll úr lagi gengin og fótspor JÓRUNNAR svo gott sem þrykkt í skyrtubríjóstið

GRETTIR: (Á leiðinni.) Jórunn er í meðhöndlun niðri á dagdeild. Smá skrámur og mar og svona ...

HANN lokar á eftir sér og hagræðir yfiringreiðslunni. MARION stígur skref í áttina til HANS, bendir á HANN og breiðir út faðminn

MARION: Heyrðu! Þú ert hetja lífs míns.

GRETTIR svipast um eftir „hetjunni.“ MARION nálgast HANN og faðmar, þyrlar HONUM síðan í kringum sig og kyssir. GRETTIR losar sig - og hörfar undan, alveg út á þekju

MARION: (frh.) Pabbi!

GRETTIR áttar sig loks og lítur á JÓN sem brosir vandræðalega en vongóður á móti.

GRETTIR snýr sér að MARIONI, hikar andartak, en breiðir loks út faðminn. MARION breiðir út faðminn á móti og gerir sig líklegt til að knúsa GRETTI á ný

Ljós fjara út

SÍÐARI ÞÁTTUR

Allt er með nákvæmlega sömu kjörum og við lok fyrri þáttar, að því frátöldu að klukkunni hefur verið seinkað sem nemur lengd hlés - upp á mínútu

GRETTIR og MARION standa andspænis hvort öðru, BÆÐI með útbreiddan faðminn

GRETTIR: Barnið mitt!

ÞAU fallast í faðma og knúsast

JÓN BORGAR: (*Ánægður, við sjálfan sig.*) Beint í æð.

MANÚELA virðir „feðginin“ fyrir sér andartak og snýr sér síðan að JÓNI

MANÚELA: Verður alltaf svona mikil traffík á stofunni minni?

„Feðginin“ losa um knúsið. MARION fer til DÍÖNU og JÓNS. GRETTIR andvarpar og drúpir höfði

MARION: Ég vissi að pabbi minn væri hetja, maður.

DÍANA: (*Við MARION.*) Pabbi þinn ...?

DÍANA: (*Við MARION.*) ... hann Grettir Sig!?

MARION: (*Við DÍÖNU.*) Nei, hann brosti til mín!

DÍANA *hvessir augun á JÓN, sem lítur ráðvilltur á HANA og MARION á víxl*

DÍANA: (*Við JÓN og gnístir tönnum.*) Hvað sagðirðu við hán?

HÁN lítur sem snöggvast um öxl á „pabba“ sinn, sem enn drúpir höfði. Undir eftirfarandi grípur DÍANA í JÓN og dregur HANN afsíðis til að eiga við HANN privat orð. GRETTIR lætur sig hafa það. MARION veltist um af hlátri, uns HÁN kemur auga á áverkana í andliti „pabba“ síns. DÍANA tekur JÓN í gegn.

JÓN BORGAR: (*Við DÍÖNU.*) Ég sagði bara það sem Grettir bað mig um að segja: Að hann sé pabbi Manna, sem var að koma í leitirnar eftir öll þessi ár.

MARION: Jess! Og okkur finnst það alveg ótrúlega næs! Er það ekki pabbi?

GRETTIR gerir sér upp ánægjuhlátur. DÍANA gengur þungbúin til HANS

JÓN BORGAR: (*Við HINA.*) Þá er það komið á hreint: (*Við MARION.*) Jæja, nú skalt þú skutlast niður á lögreglustöð. Hann bíður eftir þér þar, hann Loftur.

DÍANA: Grettir, við bara getum ekki látið þig taka- ...

JÓN BORGAR: (*Grípur fram í.*) Jú, víst! Sérðu ekki hvað barnið er sátt?

MARION: Alveg rugl-sátt!

MARION knúsar GRETTI. DÍANA virðir „feðginin“ fyrir sér andartak en tekur JÓN síðan aftur í augnaráðsgjörgæslu. Undir eftirfarandi tekur HANN snjallsímann af skrifborðinu og velur númer.

JÓN BORGAR: (*Við DÍÖNU.*) Ætlarðu virkilega að kippa stoðunum undan hamingju barnsins þíns? Sjáðu þau, horfðu á þau ...

DÍANA *hefur ekki augun af JÓNI - og það er ekki blíðlegt augnaráð. HANN dregur í land*

JÓN BORGAR: (*frh.*) ... ókei, horfðu allavega á Marion. (*Hranalega í snjallsímann.*) Halló?

Já, mig vantar bíl að spítalanum á Ísafirði aðaldyramegin fyrir Gretti Sig, alveg undir eins!

(*Við DÍÖNU.*) Eins og á stendur er þetta fyrir bestu, treystu mér.

DÍANA: Hverjum fyrir bestu?

JÓN BORGAR: Nú, Marion auðvitað! Ekki viltu að hán fái bakslag.

MARION: Bakslag?

JÓN BORGAR: (*Æsir sig í snjallsímann.*) Haaa!? Korter, tuttugu mínútur? Andsk-!

DÍANA: Góði slakaðu á, maður!

HANN *snýr sér US til að fá næði - og heldur áfram að tala ad-lib.* MANÚELA *hjólar sér að skjánum og fer aftur að „horfa á sjónvarpið.”* MARION *snýr sér að GRETTI*

MARION: Hvaða bakslag? Er eitthvað fleira sem þú átt eftir að segja mér?

GRETTIR: Nei, ég held að þetta dugi alveg fyrir næstu tvo mánuði.

MARION: Nei, ég meina, er það þarna milli þín og mömmu „in the old days?”

GRETTIR: Njaa, nei, það er meira svona milli mín og mömmu þinnar „in the new days.”

JÓN *snýr sér og undir eftirfarandi leggur HANN tólið á, hraðar sér að fatahenginu, sækir frakka og trefil* GRETTIS *og tekur að klæða HANN í*

JÓN BORGAR: (*Í skrifborðssímann.*) ... gotcha (*Við HINA.*) Hey, þið farið öll með Gretti niður í móttöku og bíðið þar, þangað til leigubíllinn kemur.

MARION: (*Við GRETTI.*) Vá, ég þarf að spyrja þig um svo margt. Mér líður eins og ég hafi verið að mæta á bíómynd eftir hlé!

JÓN BORGAR: Iss, það er aldrei neitt varið í bíómyndir fyrir hlé. Svona, drífa sig!

MARION: Nei, ég meina, alveg nýtt sett af afa og ömmu og allt ... og ... hey, á ég þá ekki líka fullt af skyldfólki út um allt?

JÓN BORGAR: Jú. En mjög fjarskylt. Pabbi þinn setur þig inn í það. Grettir minn, dríðu þig nú.

MARION *breiðir úr sér milli GRETTIS og DÍÖNU og leggur handleggina yfir axlir ÞEIRRA*

MARION: Ótrúlega næs. Vitið þið það, að ég er alveg rugl-sátt! Fattiði mig?

JÓN BORGAR: (*Við viðstadda.*) Við höfum það vottfest: Allir eru rugl-sáttir.

MANÚELA *sem enn situr við eftirlitsskjáinn og „horfir á sjónvarpið” blandar sér í málið*

MANÚELA: Ég fyrir mitt leyti er ekki rugl sáttur ... að þurfa að deila stofu með öllu þessu fólki.

JÓN *gengur rakleiðis til MANÚELU, tekur af HENNI skotthúfuna, þeytir hvort tveggja á skrifborðið, sviptir þvínæst teppinu af fótleggjum HENNI, breiðir það yfir höfuð HENNAR hratt og ákveðið og keyrir hjólastólinn með kerlinguna innanborðs og leggur harkalega við bekkinn*

JÓN BORGAR: (*Á leiðinni.*) Þú ert ekki einn um það. (*Við HINA.*) Jæja, af stað með ykkur.

Dyrnar opnast, SÚSANNA birtist - og dyrnar lokast á eftir henni. JÓN *snýr sér að HENNI og brosir.*

SÚSANNA: (*Á leiðinni.*) Hvað er eiginlega í gangi hérna niðri?

JÓN BORGAR: (*Kæruleysislega.*) Mest lítið. Rólegheita dagur, so-far.

SÚSANNA: (*Ofboðið.*) Hún Jórunn datt hérna út um gluggann!

JÓN BORGAR: Já. Það.

SÚSANNA: Og fyrirlesturinn byrjar eftir korter.

JÓN BORGAR: (*Hýrlega.*) Ég er á leiðinni. (*Við GRETTI.*) Þið ratið - góða ferð.

MARION: (*Við JÓN.*) Hey, gaur, ég vona að þeir geti læknað þessa sýrunæðagigt.

SÚSANNA: Við hvern ert þú að tala?

MARION: Prestinn.

SÚSANNA *lítur á JÓN sem brosir hýrlega, svipast um eftir „prestinum” og sama gerir HÚN eitt andartak*

SÚSANNA: (*Síðan við MARION.*) En ... voru þau ekki búin að finna pabba þinn?

MARION: Jú-hú! Klárlega.

SÚSANNA: Það er nú aldeilis léttir. Og hvar er hann?

JÓN BORGAR: Að svo stöddu er ekki hægt að skýra frá því. Jæja, drífu þig nú!

SÚSANNA: (*Gáttuð.*) Er ekki hægt að skýra frá því?

JÓN BORGAR: Nebb!

MANÚELA, *sem í millitíðinni hefur snúið hjólastólnum*, gægist undan teppinu

MANÚELA: Jú, jú. Díana getur það.

HÚN ætlar að benda á DÍÖNU en JÓN gómar hönd HENNAR í tæka tíð og hristir með virktum

SÚSANNA: Díana?

JÓN BORGAR: Nei, DNA! Það veit enginn hver faðirinn er, fyrr en úr því hefur fengist skorið með DNA. Rannsókn, sko.

SÚSANNA: Og hvenær liggur niðurstaðan fyrir?

MANÚELA: Hún liggur fyrir. Það er hann.

HANN bendir á GRETTI. SÚSANNA gónir á GRETTI. MANÚELA hallar sér samsærislega að JÓNI

MANÚELA: (*frh.*) Jæja, fæ ég núna að vera privat?

JÓN BORGAR: (*Gnistir tönnum.*) Ó, já, alveg privat!

HANN fleygir teppinu aftur yfir höfuð MANÚELU og undir eftirfarandi snýr HANN hjólastólnum harkalega í hring og skilur MANÚELU eftir þannig. SÚSANNA snýst ráðvillt í kringum sjálfa sig

SÚSANNA: Augnablik. (*Við MARION.*) Er faðir þinn ... uh ...?

MARION: (*Sjálfumglaður.*) Ég ætla ekki að segja neitt, en sjáðu prófílinn:

HÁN setur upp sólgleraugu og stillir sér upp við hlið GRETTIS: ÞAU eru makalaust ólík (*ef frá eru talin sólgleraugun*). SÚSANNA lítur á JÓN

JÓN BORGAR: (*Við SÚSÖNNU.*) Ég útskýri þetta seinna! (*Við DÍÖNU.*) Viltu gjöra svo vel og fara með mannskapinn niður á lögreglustöð, í öllum bænum?

SÚSANNA: Niður á lögreglu- ...?

JÓN BORGAR: (*Grípur fram í.*) Ekki einu sinni spyrja! Glæpamenn upp til hópa!

SÚSANNA: Ókei. (*Við DÍÖNU.*) Gleymdu ekki að taka litla kvikindið með þér.

DÍANA: Fyrirgefðu, hvað sagðirðu?

MARION: Hey, þú mátt ekkert tala svona við mömmu mína!

SÚSANNA: Ég tala bara við hana - ... (*Hún þagnar. Síðan.*) Mömmu þína? Ég hélt að hún hefði orðið fyrir strætó!

Þögn slær á HÓPINN

SÚSANNA: (*frh.*) Manstu ekki? Holtahverfisvagninn (*Dok.*) Inn í fjörð? (*Dok. Síðan við JÓN.*)

Sagðirðu ekki að mamma hans hefði verið L.S.D?

JÓN er kjaftstopp uns móðurstöðin á skrifborðinu kemur HONUM til bjargar - og hringir.

HANN lyftir tólinu, en í millitíðinni hefur MANÚELA snúið hjólastólnum, nappað hörpunni - og gægist undan teppinu

JÓN BORGAR: (*Við SÚSÖNNU.*) Augnablik! (*Í skrifborðssímann.*) Halló! Halló ...

MANÚELA: (*Syngur.*) „ ... Halló, ha-hallóóó ... ”

JÓN BORGAR: (*Í skrifborðssímann.*) Halló- ... (*Hlustar.*)

MANÚELA: (Syngur.) „ ... -halló / Geturðu komið í kvöld? ...”

JÓN BORGAR: (Í skrifborðssímann.) Já, tær snilld!

JÓN *skellir á stöðina, breiðir teppið yfir höfuð MANÚELU og snýr sér að VIÐSTÖDDUM*

JÓN BORGAR: (frh.) Þið farið með sjúkrabíl!

MARION: Kúl! (Við GRETTI.) Ókei, pabbi, við skulum koma okkur.

GRETTIR: Allt í lagi. (Við DÍÖNU.) Nú jæja, ertu tilbúin?

DÍANA: Þú ert alveg viss ...?

GRETTIR: (Hugprýðin uppmáluð.) Nú, löggan bíður eftir okkur.

DÍANA: Ókei. Þá skulum við koma okkur.

SÚSANNA: (Ringluð.) Hvað gerðist eiginlega hérna, rétt á meðan ég skrapp frá?

DÍANA: Ekki spyrja mig, spurðu prestinn. Hann hefur skýringar á öllu!

HÚN *hvesir augun á JÓN og hverfur síðan út um dyrnar - án þess að loka*

SÚSANNA: Prestinn?

GRETTIR *hneppir að sér og sýnir á sér fararsnið. HANN „slær” MARION gáskafullur í hnakkann og spilar sig „kúl” um efni fram.*

GRETTIR: (frh.) Jæja, Manni. Við skulum bánsa!

MARION: Bánsa? (Hlær.) *How do you do, fellow kids?*

ÞAU *hverfa út - og loka á eftir sér. MANÚELA sem hefur hjólað sér, gægist undan teppinu*

SÚSANNA: Ég hélt að Manni væri hundurinn hennar.

MANÚELA: Fyndið, því ég er nefnilega líka kölluð Manní.

JÓN BORGAR: (Við SÚSÖNNU.) Röð af sturluðum tilviljunum. Drífa sig!

SÚSANNA: Manni? (Við MANÚELA.) Bíddu ... þú ert þó ekki ... Marion?

MANÚELA: Ég hefði nú haldið það. Manúela Marion, kölluð Manní.

JÓN BORGAR: Ókei, drífa sig!

SÚSANNA: (Við JÓN.) Augnablik. Ekki er hún, þarna Díana, konan ... *hennar?*

JÓN BORGAR: Jú, það passar.

Undir eftirfarandi stjakar HANN SÚSÖNNU á undan sér. MANÚELA hjólar sér á eftir ÞEIM

MANÚELA: Hvaða kona?

SÚSANNA: Konan þín. Sú sem var að fara.

MANÚELA: Krullhærða skutlan? Var það konan mín?

SÚSANNA: Já, manstu ekki, hún heimsótti þig í morgun?

MANÚELA: Er það!? Hún sem stakk mig af fyrir þrjátíu árum!

JÓN BORGAR: Já, og nú er hún komin aftur og sér eftir öllu.

MANÚELA: Helvíti sem hún hefur elst vel.

JÓN *sendir MANÚELA morðaugnaráð, sem er fyrri til að þessu sinni og breiðir teppið sjálfur yfir höfuðið. ÞAU standa við dyrnar*

SÚSANNA: En ... hvernig passar Grettir Sig inn í þetta allt saman?

JÓN BORGAR: Frekar illa, myndi ég segja.

Dyrnar opnast, GRETTIR hraðar sér inn - og lokar. HANN er kófsveittur, enn með hnoðrann í nösinni og sólgleraugun. HANN gengur upp og niður af mæði. JÓN og SÚSANNA góna á HANN

JÓN BORGAR: (frh) Hvað í fjandanum ertu að vilja hingað aftur?

GRETTIR *getur ekki talað fyrir mæði*

JÓN BORGAR: (frh) Ókei, ókei. Slæmar fréttir?

GRETTIR *kinkar kolli*

JÓN BORGAR: (*frh.*) Eitthvað í sambandi við „afkomandann?”

GRETTIR *kinkar kolli*

JÓN BORGAR: (*frh.* > *Við SÚSÖNNU.*) Það er best að þú farir og segir Árnýju Margréti að ég tefjist um aðrar þrjár mínútur í viðbót.

SÚSANNA: Ertu ekki að grínast!?

JÓN BORGAR: (*Helgislepjulegur.*) Þú hlýtur að skilja það Súsi mín - Grettir er minn nánasti vinur og kollegi: Og hann er í klandri.

SÚSANNA: Jón Borgar! Það býður heill salur af áhorfendum eftir þér!

MANÚELA *kíkir undan teppinu.* JÓN *hvesir á HANA augun og tekur handtösku* SÚSÖNNU *af fatahenginu og réttir HENNI töskuna yfir hjólastólinn*

JÓN BORGAR: (*Við SÚSÖNNU.*) Svona drífðu þig! Hérna. Súsi!

SÚSANNA *tekur við henni.* JÓN *breiðir teppið yfir höfuð* MANÚELU, *ruslar* SÚSÖNNU *síðan út - og dymar lokast á eftir henni.* Þá snýr HANN sér að GRETTI *sem er rétt að ná andanum*

JÓN BORGAR: Af hverju ert þú ekki farinn niður á lögreglustöð?

GRETTIR *tekur niður sólgleraugun.* Í ljós kemur glóðarauga - öðrum megin. JÓN! *krossbregður*

JÓN BORGAR: (*frh.*) Djís-! Hvað kom fyrir!?

GRETTIR: Vundu fréttirnar eru að Loftur hirti Marion.

JÓN BORGAR: Ókei. En af hverju var Loftur ekki farinn niður á lögreglustöð?

GRETTIR: Hann var að stíga inn í lögreglubílinn, þegar honum varð fyrir tilviljun litið hingað upp á fjórðu hæð - og hvað heldurðu að hann hafi séð: Nema Marion og Jórunni að glíma á syllunni hérna fyrir utan gluggann.

JÓN BORGAR: Ó-Mæ-God!

GRETTIR: Og nú er þetta ekki lengur „hugsanlegur“ ölvunarakstur, heldur eru líkur á að barnið verði ákært fyrir tilraun til sjálfsvígs - eða morðs - eða hvort tveggja.

JÓN BORGAR: Ókei, ókei, aðalmálið er að við losna við hann og koma honum niður á lögreglustöð.

GRETTIR: Því miður vinur: Öryggisverðirnir eru með hann í haldi niðri í móttöku, þangað til Loftur er búinn að taka skýrslu af Jórunni.

JÓN BORGAR: Skýrslu af Jórunni?

GRETTIR: Já, hann er að bíða eftir því að hún verði útskrifuð af dagdeild, svo hann geti yfirheyrt hana.

JÓN BORGAR: Heitasta helvíti!

HANN *tekur að æða um gólf og brýtur heilann*

GRETTIR: Hún fékk ansi slæmt höfuðhögg og er enn illa dösuð eftir sprautuna, þarf að vera með handlegginn í fatla, fyrir utan- ...

JÓN BORGAR: (*Brýtur heilann.*) ... er að hún kemur ekki til með að gefa Marion jákvæðan vitnisburð í yfirheyrslu.

GRETTIR: Hvað með mig, barnið er á fullu þarna niðri að segja öllum að ég sé langþráður pabbi hans - og Íslandsmeistari í andlitsgrettum.

JÓN BORGAR: Æi, góði, þegiðu augnablik! Það snýst ekki allt um þig.

GRETTIR: Bráðum verður það komið út um allan spítala að ég hafi eignast son í lausaleik.

JÓN BORGAR: Þakkaðu fyrir að einhver skuli halda að þú hafir eignast eitthvað - annað en notaðan Jaris!

JÓN BORGAR: (*Með þungri áherslu.*) Aðalatriðið er að koma í veg fyrir að Loftur yfirheyri Jórinni!

GRETTIR: Og hvernig förum við að því?

JÓN BORGAR: (*Annars hugar.*) Við verðum að finna einhvern sem vill taka að sér að vera Jórinn í yfirheyrslunni.

GRETTIR: Og hvernig förum við að því?

JÓN BORGAR: Slakaðu á, ég er að biða eftir að andinn komi yfir mig ...

Dynar opnast, GRÍMUR gengur inn - og dynar lokast á eftir honum

GRÍMUR: (*Pirraður á leiðinni.*) Hey, eigum við ekki að drífa þessa æfingu af?

JÓN BORGAR: Hann kom yfir mig.

GRÍMUR er nú alklæddur fyrstaflokks kvengervi frá toppi til táar og heldur á

myndavélarflassi. Djöfullegt glott færist yfir varir JÓNS er HANN gaumgæfir útganginn á

GRÍMI. JÓN lítur íbygginn á GRETTI sem nær ekki samhenginu

GRETTIR: (*Við JÓN.*) Hver?

JÓN BORGAR: Andinn.

GRÍMUR kemur auga á glóðaraugað á GRETTI

GRÍMUR: Guð! Hvað kom fyrir þig?

JÓN BORGAR: Skiptir ekki máli!

GRETTIR setur upp sólgleraugun og undir eftirfarandi gengur GRÍMUR og festir flassið á vídeótökuvélina

GRÍMUR: (*Á leiðinni.*) Þetta vesen á Jórinni er búið að setja allt á hvolf hjá mér.

MANÚELA er búin að taka teppið af höfðinu og bendir óttaslegin á GRÍM

GRÍMUR: ... Jórinn átti að leika kvenhetjuna, þið vitið ... svo ég þurfti að hlaupa í skarðið fyrir hana - en nú vantar mig lík!

MANÚELA: Er þetta konan mín?

JÓN bendir á MANÚELU

JÓN BORGAR: Nei. (*Allt í einu afar vinsamlega.*) Heyrðu Grímur minn, elsku kallinn: Hvernig litist þér á að gera honum Gretti vini okkar gríðarstóran greiða ...

GRÍMUR: Ég er rosalega tímabundinn.

JÓN BORGAR: ... og vinna þér inn mánaðarlaun yfirlæknis?

GRÍMUR: (*Að bragði.*) Ég er ekki svo rosalega tímabundinn.

JÓN BORGAR: Þú hefur gaman af því að dressa þig upp og fara í búninga og svoleiðis

...

GRETTIR: (*Óttasleginn.*) Jón Borgar: Nei!

GRÍMUR: Þótt ég segi sjálfur frá, held ég að ég hafi vissa hæfileika á því sviði.

JÓN BORGAR: Vissa hæfileika? Þú ert snillingur. Og sérstaklega í kvenhlutverkum, eins og í helgileiknum fyrir jól ...

GRÍMUR: Sumir héldu að ég væri María mey endurborin.

JÓN BORGAR: Þú varst eins og kelling.

MANÚELA: Ertu ekki kelling?

GRETTIR: (*Andstuttur.*) Jón Borgar, þetta á aldrei eftir að ganga upp!

JÓN BORGAR: Þú lumar víst ekki á hjúkkubúningi í safninu þínu?

GRÍMUR: Nei, því miður. (*Skyndilega.*) Hey! En inni á líni. Aukasloppa inni á líni.

JÓN BORGAR: Glimrandi!

GRÍMUR: Varstu að þæla í að fá mig til að leika hjúkku á þorablótinu? Og ætlaðu borga mér

yfirlæknislaun fyrir það?

JÓN BORGAR: Já, og prósentur ef þú gerir það almennilega. Ókei, við sjáumst þá inni á líni, eftir nákvæmlega hálfa mínútu.

GRÍMUR: Frábært.

GRETTIR: Þú getur ekki látið hann Grím leika yfirdeildarhjúkrunarfræðinginn okkar!

JÓN BORGAR: Þú getur ekki neitað því að hann Grímur hefur ákveðin svona kvenleg einkenni ...

JÓN og GRETTIR „taka út vöxtinn“ og MANÚELA fylgist með

GRETTIR: (*Gefst ekki upp.*) ... en ... mér finnast karlmannlegu einkennin samt miklu miklu meira áberandi hjá honum.

HANN ýtir GRÍMI út - og dyrnar lokast. Þá hraðar HANN sér að skrifborðinu og tekur tólið af móðurstöðinni meðan GRETTIR tekur niður sólgleraugunum og tvístigur óstyrkur

JÓN BORGAR: (*Í skrifborðssímann.*) Halló! Get ég fengið samband við öryggisverðina?

MANÚELA: (*Syngur.*) „... ha-halló-halló / geturðu komið í kvöld ...“

JÓN *hvessir augun á MANÚELU sem breiðir teppið yfir höfuðið*

JÓN BORGAR: (*Í skrifborðssímann.*) Já, sæll. Mér skilst að hjá ykkur sé staddur lögregluþjónn. -

Akkúrat. Getirðu beðið hann um að koma hingað upp á A.L.-sex í einum grænum?

GRETTIR: Í öllum bænum, við erum í nógum vandræðum nú þegar.

JÓN BORGAR: (*Í skrifborðssímann.*) Já, við erum hérna með yfirdeildarhjúkrunarfræðinginn sem hann ætlaði að yfirheyra. - Ókei. Gotcha!

Undir eftirfarandi leggur JÓN tólið á stöðina, færir GRETTI úr frakka og trefli og hengir við fatahengið

JÓN BORGAR: (*frh.*) Reyndu svo að mýkja hann upp og gera smá stemningu úr þessu. Þjóddu honum brennivínsstaup eða eitthvað.

GRETTIR: Brennivín!?

JÓN BORGAR: Já, þeir eru oft mjög lús á því hjá löggunni í kringum þorablótin. Hringdu svo í þá niðri á dagdeild og biðu þá um að halda Jórinni þar eins lengi og þeir geta.

GRETTIR: Ef hún móðir mín kæmist að þessu, myndi það ganga af henni dauðri!

JÓN BORGAR: Já, ekkert að þakka. Ég set svo Grím inn í málið og sendi hann hingað. Gangi þér vel, Grettir minn.

GRETTIR: Takk. (*Hrekkur við.*) Hvað meinarðu „gangi þér vel?“

GRETTIR: Ég verð ekkert hér!

JÓN BORGAR: Auðvitað verðurðu hér. Þú ert faðirinn! Mundu bara, að þegar Grímur segist hafa verið úti á gluggasýllunni í þeim tilgangi að leika í myndabandinu, skaltu taka heilshugar undir það.

GRETTIR: Grímur?

JÓN BORGAR: Já. Hann verður Jórunn! Og ef eitthvað kemur upp á, sendirðu bara út neyðarkall.

Dynnar opnast, ÁRNÝ MARGRÉT birtist - og dyrnar lokast á eftir honum. GRETTIR riggar upp sólgleraugunum og heldur sig afsíðis. MANÚELA gægist svo varfærnislega undan teppinu að ÁRNÝ verður HENNAR ekki var

ÁRNÝ MARGRÉT: (*Bálreið.*) Jón Borgar!

JÓN BORGAR: (*Sallarólegur á yfirborðinu.*) Já, hvað var það minn kæri?

ÁRNÝ MARGRÉT: Ég bíð eftir að kynna þig!

JÓN BORGAR: Já, ég þarf að koma aðeins við inni á lín- ... á lí- ... inni á líkhúsi.

HANN hverfur út um dyrnar, vængjahurðin vingsast í kjölfar hans og ÁRNÝ fylgir skammt á eftir

ÁRNÝ MARGRÉT: (*Á leiðinni.*) Ef þetta heldur svona áfram, verðum við öll komin í líkhúsið áður en dagurinn er á enda ...

Vængjahurðin sem vék fyrir JÓNI gengur nú til baka og skellur beint framan í ÁRNÝJU sem hrökklast undan, grípur bölvandi um andlitið, en strunsar svo út - og dyrnar lokast.

MANÚELA klappar

GRETTIR: (*Í skrifborðssímann.*) Halló. Grettir Sig hérna. Er hún Jórunn enn hjá ykkur? - Meiriháttar. - Nei, ekki útskrifa hana strax! Ég vil að hún fái allar hugsanlegar rannsóknir sem eru í boði: Hjartað, blóðið, þvagið, meltingarfærin og bara allt heila dótið. - Af hverju? Þetta er svona ... árskoðun. Og gefið ykkur góðan tíma. Ókei, bleee.

HANN leggur tólið á stöðina. Þá er barið þrívegis taktvisst á hurðina. Dyrnar opnast, LOFTUR gengur inn. HANN er með kaskeitið á höfðinu og heldur á snjallsíma.. GRETTIR hrífsar sólgleraugun af MANÚELU og setur þau upp

LOFTUR: Mér var sagt að yfirdeildarhjúkrunarfræðingurinn væri hérna.

GRETTIR: Hún er á leiðinni. Fáðu þér bara sæti.

MANÚELA: Þakka þér fyrir vinur, ég var sestur.

Undir eftirfarandi hjólar HANN sér að skjánum . LOFTUR tekur ofan, leggur kaskeitið á skrifborðið, tyllir sér á stólinn og punktar hjá sér í snjallsímann. Annað slagið, en þó óreglubundið og í hóflegum skömmtum, viðheldur GRETTIR 'goðsögninni' um túrettið, sem ætíð veldur LOFTI jafnmiklum heilabrotum

LOFTUR: Ég held að það væri ráðlegast að þú færir niður og talaðir við viðkomandi afkomanda. Móðir hans er að gera sitt besta, en þetta gæti orðið hið versta mál sem hán er búinn að koma sér.

GRETTIR: Ég er viss um að þetta er allt saman einhver misskilningur.

LOFTUR: (*Þurrlega.*) Við skulum sjá hvað hjúkrunarkonan hefur um það að segja.

GRETTIR: Já, nei, blessaður vertu vinur, þú þarft engar áhyggjur að hafa af henni

LOFTUR og GRETTIR líta á MANÚELU, sem brosir blítt

GRETTIR: (*Við MANÚELA.*) Viltu ekki fara að koma þér aftur inn á stofuna þína vinur? MANÚELA:

Nei, ég vil frekar vera á þessari stofu. (*Við LOFT.*) Ég þarf að vera privat sko, því konan mín er komin. Og hvað heldurðu: Hún er varla mætt, þegar hún er farin að fjolla í öðrum! Körlum!

GRETTIR: Hafðu engar áhyggjur af því vina.

MANÚELA: Hún sem stakk af með þér rétt áðan.

GRETTIR: Ha? (*Áttar sig.*) Já, hún! Akkúrat....

LOFTUR rís á fætur og tekur GRETTI afsíðis

LOFTUR: Fyrirgefðu ... ekki ætlarðu að segja mér að konan niðri, sé konan hennar?

GRETTIR: Jú. Mér skilst það.

LOFTUR: Ég hélt að þið væruð foreldrarnir. Þú ert faðir hans, er það ekki?

GRETTIR: Jú. Frá fyrra hjónabandi.

LOFTUR: Nú? Svo hún er þá stjúpfaðir hans? Eða stjúpmóðir, meina ég.

GRETTIR: (*Smeðjulega á nálum.*) Ég myndi ekkert vera að íþyngja gömlu konunni með því að rifja það upp núna. Líklega ekkert grín að eiga helmingi yngri konu.

LOFTUR: Líklega ekki. (*Skyndilega háðskur.*) En - er það samt ekki mögnuð tilviljun að konan hans, móðirin, skuli vera fyrrverandi konan þín, hán skuli vera barn þitt af fyrra hjónabandi - og stjúpbarn eins af sjúklingunum þínum?

GRETTIR: (*Nervös.*) Það er nú engin ástæða til að gera of mikið úr tilviljanakenndum fjölskyldutengslum á sjúkrahúsum.

LOFTUR: Hér á landi eru allir skyldir öllum.

LOFTUR: Ég á meira að segja náfrænda hér á spítalanum.

GRETTIR: (*Áhugalítill en vinsamlegur.*) Já, er það tilfellið?

LOFTUR: Já, þú kannast nú sennilega við kauða: Hann heitir Grímur Briem.

GRETTI *fallast hendur.* HANN *horfir tómlega á LOFT, brýtur heilann og hleypir síðan út nervösu flissi*

GRETTIR: Grímur ...?

LOFTUR: Já.

GRETTIR: Briem ...?

HANN *réttir fram höndina.* GRETTIR *hefur ekki rænu á að taka í hönd LOFTS en heldur bara áfram að stara á HANN*

LOFTUR: Já. Hann er bróðursonur minn. Dálítið svona sérstakur.

LOFTUR: Og sífellt með einhver uppátæki.

GRETTIR: (*Rámur.*) Fyrirgefðu vinur, augnablik. Neyðarkall.

Undir eftirfarandi, sprettir HANN úr spori að skrifborðinu . Á leiðinni tekur HANN fram ævagamlan gemsahlunk, pikkar, hlustar, fær ekki samband, en lætur hringja meðan HANN stillir móðurstöðina

LOFTUR: Hvað er að?

GRETTIR: Ekkert. Ég þarf bara að koma smá skilaboðum til hans Jóns Borgars.

Óttasleginn og andstuttur reynir HANN að láta eftirfarandi hljóma blátt áfram og flugfreyjulega

GRETTIR: (frh. > *Í stöðina.*) Neyðarkall! Gjöra svo vel að hafa tafarlaust samband við A.L.-sex! Neyðarkall!

LOFTUR: Hvað er að?

GRETTIR: (*Yfirborðsslakur á nálum.*) Algjört smáræði. Það rifjaðist upp fyrir mér, að ég hafði fyrirskipað þeim niðri á dagdeild „ranga“ meðferð.

LOFTUR: Ranga meðferð?

GRETTIR: Já. Á yfirhjúkrunarkonunni. Sko vegna einkennanna.

MANÚELA: (*Víð LOFT.*) Er hún í einhverri hættu?

Undir eftirfarandi gerir GRETTIR enn tilraun með gemsannn.

GRETTIR: Hættu? (*Hýrlega.*) Nei, nei! Þetta er svona innanhússdulumál. Til að valda öðrum í læknaðiðinu ekki óþarfa áhyggjum. (*Hlær. Síðan í áttina að stöðinni.*) Neyðarkall! (*Brosir til LOFTS.*) Já! Meðan ég man, fáðu þér endilega eitthvað að drekka vinur, það er nóg til.

HANN *bendir LOFTI á lyfjaborðið*

LOFTUR: Já, nei, ég er á vakt. Það væri þá í mesta lagi smá pilsner ...

GRETTIR: (*Annars hugar.*) Pilsner ...?

Dymar opnast, GRÍMUR birtist og staldrar við milli vængjahurða. LOFTUR snýr baki, virðir fyrir sér áfengisúrvalið á lyfjaborðinu og verður GRÍMS ekki var. HANN er kominn í fullkomið hjúkkugervi sem byggir að einhverju leyti á fyrra kvengervi og er að auki með annan handlegginn í fatla

GRETTIR: (frh. > *Æpir upp yfir sig.*) Neeeeei!

HANN *krækir í LOFT, togar HANN, GRÍMUR snýst á hæl, hverfur út - og dymnar lokast án þess að LOFTUR verði HANS var. Þá losar GRETTIR takið á LOFTI sem gónir á HANN*

GRETTIR: (frh. > *Stendur á öndinni.*) Ekki fá þér pilsner!

LOFTUR: Ha?

GRETTIR: (*Andstuttur.*) Þú ert á vakt!

LOFTUR: (*Yfirvegaður.*) Ég var að segja það.

HANN *hallar sér að móðurstöðinni og styður á takka. Dyrnar opnast, JÓN BORGAR birtist í gættinni, arkar inn - og dyrnar lokast á eftir honum*

JÓN BORGAR: Hvað í andskotnum er eiginlega í gangi hérna? (*Önugur.*) Árný er rétt hálfnuð að kynna mig, þegar vælið í þér glymur um allt: Neyðarkall, neyðarkall ... (*Vinsamlega við LOFT.*) Hæ. Fer ekki vel um þig? (*Önugur við GRETTI.*) ...

GRETTIR: Já, ég var einmitt að enda við að útskýra neyðarkallið fyrir honum Lofti Briem. Var það ekki - Loftur Briem?

JÓN *gónir á GRETTI og LOFT á víxl*

JÓN BORGAR: (*Við GRETTI.*) Hvað? Ætlaðir þú ekki að vera huggulegur og bjóða manninum upp á drykk?

GRETTIR: Því ég var að fara að bjóða lögreglu-manninum - Lofti Briem - upp á pilsner.

JÓN BORGAR: Góði, gefðu honum frekar eitthvað almennilegt.

HANN *virðir fyrir sér áfengisúrvalið á lyfjaborðinu*

JÓN BORGAR: (*frh. > Við LOFT.*) Líkkjör? Grand Marnier, Brenniví- ...

LOFTUR: (*Grípur fram í.*) Nei, nei, nei! Ég get ómögulega þegið það, ég er á vakt.

MANÚELA: En ég er ekki á vakt: Þrefaldan Móhító.

JÓN *ekur hjólastólnum með MANÚELU á fleygiferð að dyrunum*

JÓN BORGAR: (*Á leiðinni.*) Barinn er hérna frammi. Þar færðu Móhító - beint í gyllin- æð!

HANN *keyrir stólinn milli vængjahurða, lætur hann hvína fram - og dyrnar lokast sjálfkrafa, jafnskjótt og MANÚELA er úr augsýn. Litlu síðar berast háreysti frá ÚT-S. JÓN snýr sér að LOFTI og brosir*

JÓN BORGAR: (*frh.*) Æi, hann er svo mikið rassgat. (*Við GRETTI.*) Ókei, út með það, um hvað snerist þetta neyðarkall? Já - og hvar er yfirdeildarhjúkrunarfræðingurinn?

GRETTIR: Það var neyðarkallið.

HANN *smellir fingrum með kynlegri handasveiflu sem endar í „hring” í geirvörtuhæð og bendir svo*

JÓN BORGAR: Grettir minn, er ekki allt í lagi?

LOFTUR: Hann fyrirskipaði ranga meðferð!

GRETTIR *endurtekur rútínuna með fingrasmellum og sveiflu í brjósthæð - og bendir svo*

GRETTIR: (*Hækkar róminn.*) Já og kolranga meðhöndlun á „útvortis” tilfelli samkvæmt „genetískum” einkennum. Alveg hárrétt hjá þér, Loftur Briem!

HANN *áréttar rútínuna, og sveiflan verður æ kynlegri. JÓN gónir á HANN*

JÓN BORGAR: Hættu að æpa, Grettir!

GRETTIR: (*Hárri raust.*) Ég er ekkert að æpa „Grettir” - ég er að æpa „Loftur Briem!”

Dyrnar opnast, MANÚELA hjólar sér inn - og dyrnar lokast. HANN heldur á gamaldags blóðþrýstingsmæli með gúmmislöngu og belgtúðu

MANÚELA: (*Á leiðinni.*) Þeir voru búnir loka barnum.

HANN *hjólar sér að eftirlitsskjánum og beinir „fjarstýringunni” að skjánum. LOFTUR sest*

LOFTUR: Kannski að ég fái bara smá sódavatn. GRETTIR: Einmitt.

JÓN BORGAR: Ókei. Og ég þarf að fara að byrja á fyrirlestrinum.

GRETTIR: Nei! Þú þarft að vera hér og gefa Lofti Briem - smá sódavatn.

HANN *tekur glas af lyfjaborðinu, réttir LOFTI, tekur sódasprautuna og treður henni í*

hendurnar á JÓNI, sem lætur segjast og gerir sig líklegan til að dæla í glas LOFTS
JÓN BORGAR: (*Ergilega við GRETTI.*) Ókei, ókei! (*Vinsamlega við LOFT.*) Þú segir bara „stopp,” Loftur minn.

GRETTIR: (*Hækkar róminn.*) Nei. Þú segir bara „stopp” - Loftur Briem!

JÓN BORGAR: (*Ergilega við GRETTI.*) Ókei! (*Vinsamlega við LOFT.*) Þú segir bara „stopp” Loftur ... (*Áttar sig.*) ... Bríííííííííííí!

HANN keyrir pinna sprautunnar ósjálfrátt í botn og dælir beint í kjöltuna á LOFTI - sem sprettur á fætur

LOFTUR: (*Æpir.*) Ahhhg!

JÓN BORGAR: Æi, fyrirgefðu.

LOFTUR: (*Sýður á honum.*) Allt í lagi, allt í lagi, ókei, ókei!

JÓN BORGAR: Grettir, náðu í tusku.

LOFTUR sest. GRETTIR hraðar sér að rúlluboxinu, sækir purkublöð og þerrar buxur LOFTS

GRETTIR: (*Við LOFT.*) Ja-hérna. Bið þig innilega afsökunar. LOFTUR: Allt í lagi!

GRETTIR: Hneyksli að fara svona með föðurbróður hans Gríms!

JÓN BORGAR: Föðurbróður hans ... Grííííííííííííms?

HANN endurtekur leikinn, óvart - og dælir á sama stað og fyrr, í kjöltu LOFTS - sem sprettur aftur á fætur

LOFTUR: Andskotinn hafi það!

JÓN BORGAR: Fyrirgefðu.

GRETTIR: (*Við JÓN.*) Ég held þú ættir að láta mig hafa þetta, vinur.

JÓN BORGAR: Góð hugmynd.

GRETTIR tekur sprautuna af JÓNI. LOFTUR sest. MANÚELA flettir teppinu frá kjöltunni á sér

MANÚELA: Get ég líka fengið eina bunu?

JÓN hvessir augun á MANÚELA sem breiðir teppið yfir höfuðið. JÓN þerrar buxur LOFTS

JÓN BORGAR: Ég er alveg miður mín. Þú fyrirgefur.

GRETTIR: (*Við JÓN.*) Ja-hérna, minnstu ekki á það! (*Við LOFT.*) Hann skar upp fjóra, fyrir klukkan átta í morgun.

LOFTUR: (*Kaldhæðnislega.*) Og lifðu allir af?

GRETTIR: Góð-ur! „Lifðu allir af!” (*Gerir sér upp hlátur.*) Ókei, þú segir bara „stopp.”

Dyrnar opnast, GRÍMUR birtist aftur í hjúkkugervinu í von um að „tæmingin” sé nú rétt - og dokar milli vængjahurða

JÓN BORGAR: (*Hrópar til GRÍMS.*) Ekki núna!

GRETTIR: (*Hrekkur við.*) Agh!

HANN keyrir sprautuna ósjálfrátt í botn og dælir beint í kjöltu LOFTS - sem sprettur enn á fætur. GRÍMUR snýst á hæl, án þess að LOFTUR verði HANS var, hverfur út sömu leið og

HANN kom, - og dyrnar lokast á eftir honum. MANÚELA gægist framundan teppinu

GRETTIR: (*Við LOFT.*) Æi, fyrirgefðu!

LOFTUR: (*Sjóðandi.*) Andskotinn sjálfur!

JÓN BORGAR: (*Við GRETTI; sviðsett fyrir LOFT.*) Ég sagði „ekki núna!”

HANN hrifsar sprautuna af GRETTI. Undir eftirfarandi reynir HANN að koma henni undan, finnur engan stað og lætur hana að lokum í hugsunarleysi í hendurnar á MANÚELU.

LOFTUR *sest og* GRETTIR *og* JÓN *taka að þerra* HANN.

GRETTIR: Fyrirgefðu!

LOFTUR: (*Enn á suðu.*) Þetta er allt í lagi! Ekkert mál.

JÓN BORGAR: Hann Grettir hefur unnið alltof mikið upp á síðkastið.

LOFTUR: (*Eitraður.*) Og hvað er hann búinn að skera marga í dag?

JÓN BORGAR: Góð-ur! (*Þínir upp hlátur.*) „Hvað er hann búinn að skera upp marga í dag!”

LOFTUR: Ókei! Hvað á ég eiginlega að þurfa að bíða lengi eftir þessari yfirhjúkku!?

JÓN BORGAR: Já, hvað er hún að drolla?

JÓN *lítur á armbandsúrið og veggklukkuna og með augngotum og bendingum gefur* HANN

GRETTI *merki um að setja stefnuna á dyrnar*

JÓN BORGAR: (frh. > *Við* GRETTI.) Ég vona í það minnsta að þeir niðri á dagdeild sendi hana alls ekki upp, fyrr en hún er orðin eins og allt önnur manneskja.

GRETTIR *nálgast er dyrnar opnast og* GRÍMUR *gengur inn, enn í hjúkkugervinu, sannfærður um að nú sé „komið að því” - og dyrnar lokast á eftir honum*

JÓN BORGAR: (frh. > *Hárri raust.*) Nei, ekki núna!

HANN *bendir ósjálfrátt á* GRÍM *en í leiðinni slæmir* HANN *höndinni óvart í* MANÚELU, *sem hrekkur við, æpir og* dælir *óvart úr* sódasprautunni, *sem fyrr, beint á lægra miðsvæði* LOFTS, *missir síðan stjórn á „stefnu” bununnar - upp á við og* sprautar *framan í* HANN, *með þeim árangri að* HANN *blindast um hríð. LOFTUR sprettur á fætur. Meðan óhappið á sér stað, stjakar* JÓN GRETTI, HANN *snýr* GRÍMI *hálfhring á punktinum og í einni samhæfðri hreyfingu hverfa* ÞEIR *út - og dyrnar lokast á eftir þeim*

LOFTUR: Andskotinn sjálfur!

JÓN BORGAR: Fyrirgefðu! (*Hækkar róminn við* MANÚELU.) Hvernig dettur þér þetta í hug?

MANÚELA: (*Hávær.*) Ég veit það ekki, þetta er bara einhver náðargáfa.

LOFTUR: (*Óþolinmóður.*) Ef yfirhjúkkan fer ekki að láta sjá sig, þá er eins gott að ég fari bara sjálfur niður á dagdeild og hitti hana þar!

JÓN BORGAR: Nei, nei, nei! Hún er alveg að koma!

LOFTUR: (*Afundinn.*) Alveg - hvenær!?

JÓN BORGAR: Alveg hvenær? Þetta var góð spurning.

LOFTUR: Ha?

JÓN BORGAR: (*Skyndilega óðamála.*) Ég held það sé best að sækja hana sjálfur.

HANN *tekur á rás að dyrunum*

LOFTUR: (*Kallar á eftir honum.*) Já, þakka þér fyrir.

Dyrnar opnast, SÚSANNA birtist, hraðar sér inn - og dyrnar lokast á eftir henni.

SÚSANNA: (*Á leiðinni.*) Hefur einhver séð Jón Borgar?

MANÚELA: Ætli hann hafi ekki farið að undirbúa næsta atriði.

LOFTUR: Hann fór að sækja yfirdeildarhjúkrunarkonuna.

MANÚELA: Nú, er hún næsta atriði?

HANN *hjólar sér að skjánum, beinir* blóðbrýstingsmælinum *að veggskjánum og bíður eftir næsta atriði. SÚSANNA virðir* LOFT *fyrir sér, sem hulinn er* teppi *upp í háls, svo ekkert sést af einkennisbúningnum* Áður *en* LOFTUR *kemst að, opnast dyrnar, ÁRNÝ MARGRÉT strunsar öskureið inn - og dyrnar lokast á eftir henni. Í öðru glerinu í* gleraugum HENNAR *hefur myndast djúp og margþætt sprunga*

ÁRNÝ MARGRÉT: (*Á leiðinni.*) Hvað er eiginlega í gangi hérna?

ÁRNÝ *svipast um. SÚSANNA freistar þess að ná sambandi við HANA, en MANÚELA er ítrekað fyrri til ÁRNÝ virðir LOFT og MANÚELA undrandi fyrir sér á víxl*

SÚSANNA: (*Gripur fram í.*) Það er eitthvert „neyðarástand“ í gangi.

ÁRNÝ MARGRÉT: Það er það svo sannarlega! Ég er nú þegar búinn að flytja þrjár mismunandi útgáfur af kynningunni á manninum þínum.

SÚSANNA: Ó, Guð! Ég skal fara upp Árný og reyna að halda heilbrigðisráðherra góðum.

SÚSANNA *hraðar sér út - og dyrnar lokast á eftir henni. ÁRNÝ snýr sér að MANÚELA. HÚN fleygir nafnspjaldi í MANÚELU, hraðar sér svo út - og dyrnar lokast á eftir henni.*

MANÚELA: (*Les.*) Árný Margrét? (*Krossbregður.*) Var þetta hún? Voðalega hefur hún elst illa.

LOFTUR: Nú er nóg komið af þessari vitleysu.

HANN *sprettur á fætur og fleygir teppinu í MANÚELU. HANN réttir LOFTI sódasprautuna.*

LOFTUR *tekur við sprautunni, gengur með hana að skrifborðinu og gerir sig líklegan til að*

dæla í glasið sitt. MANÚELA eltir. Dyrnar opnast: Í gættinni stendur GRETTIR og bak við

HANN GRÍMUR á borgaralegum klæðum, en GRETTIR er kominn í hjúkkubúninginn. HANN

er búinn að losa sig við hnoðrann úr nösinni, taka niður sólgleraugin, varalita sig og

tilheyrandi, en hefur ekki náð að farða yfir glóðaraugað. Gervið er þó með vandaðasta móti:

Tröllaukin brjóst, hárkolla, annar handleggurinn í fatla og HANN minnir, þegar flest er talið,

óneitanlega á Jórinni. GRÍMUR ýtir HONUM inn, hörfar síðan út - og dyrnar lokast. Í fyrstu

virðist sem GRETTIR sé vansæll í gervinu, en nær sér furðu fljótt á strik. LOFTUR er að

skenkja sér sódavatn úr sprautunni og missir af innkomunni. MANÚELA hjólar sér nær til að

sjá „hjúkkuna“ í návígi. GRETTIR reynir að hrekja HANA frá en HÚN situr sem fastast og

brosir. GRETTIR framkallar hósta. LOFTUR snýr sér við

LOFTUR: Ó, já. Þú ert yfirdeildarhjúkrunarfræðingurinn?

HANN *leggur sódavatnsprautuna á skrifborðið. MANÚELA tekur sprautuna tafarlaust til handargagns.*

LOFTUR: Já, sæl vertu. Ég er ...

HANN *ætlar að ganga og heilsa GRETTI sem hrópar varnaðarorð. LOFTUR stansar í sporunum*

GRETTIR: Nei! Ekki koma nálægt mér! Það er einhver drepssótt að ganga á spítalanum og ég gleymdi að þvo mér um hendurnar.

Dyrnar opnast, JÓN BORGAR birtist, gengur inn fyrir - og dyrnar lokast sjálfkrafa. HANN er líka kominn í hjúkkugervi með hárkollu handlegg í fatla, (sömu megin og GRETTIR) og svipar í flestu til hjúkku GRETTIS en hefur ekki unnist tími til að útbúa brjóst á sína - sem HANN hefur á hinn bóginn afraðið að hafa danska

JÓN BORGAR: (*Á leiðinni.*) Jösses, hvor fanden er politimanden?

„Hjúkkurnar“ koma auga hvor á aðra - og krossbregður

GRETTIR:

Einum rómi

} Ahhgh!

JÓN BORGAR:

MANÚELU bregður ekki síður og dælir óvart á LOFT úr sódasprautunni. HANN bölvvar og þerrar sig. Andartak stara JÓN og GRETTIR hvor á annan, uns JÓN tekur af skarið og gengur, en gætir þess, rétt eins og GRETTIR, að halda hæfilegri fjarlægð milli sín og LOFTS

JÓN BORGAR: (*frh. > Við LOFT.*) Æ, undskyld mig. Við blev bare hissa að sjá hvor öðrum.

LOFTUR *hvessir augun á JÓN sem vandræðast, fálmar í líkkjörslösku á lyfjaborðinu og*

virðir fyrir sér

LOFTUR: Eru tveir yfirhjúkrunarfræðingar á sömu deildinni?

GRETTIR: Ha ...?

JÓN BORGAR: Nej, nej. Hún er sko neurologisk og jeg er øre næse hals. (*Með vandlætingartón.*)

Og hvað hefur neurologisk so verið að snakke med dig, egentliga?

GRETTIR: (*Hýrlega.*) Ekki svo mikið.

JÓN BORGAR: (*Ýsmeygilega.*) Bara vara með den unge menneske, fyrir utan vinduet? Úllala.

GRETTIR: Já. (*Við LOFT.*) Við vorum nú bara að gantast soldið. Mest kossar og knús. En það var nú frekar pent.

LOFTUR: (*Pungbúinn.*) Ég varð vitni að þessu atviki, og það fór ekkert á milli mála, að þið voruð að slást.

JÓN BORGAR: Netop! En helt sanseløs graður alkoholiker!

LOFTUR: Ég skil.

MANÚELA *hefur um hríð virt „Háls-, nef- og eyrna“ fyrir sér í návígi og skilar nú niðurstöðu.*

Undir eftirfarandi hrífsar HANN teppið af MANÚELA, breiðir yfir höfuð HANS, ýtir stólnum og forðar sér svo aftur yfir á

LOFTUR: Ef þú fullyrðir að þetta hafi ekki verið líkamsárás, held ég að sé ráðlegast að ég segi orð við prestinn og fái hans sjónarhorn.

GRETTIR og JÓN *horfast áhyggjufullir í augu.* MANÚELA *er enn undir teppinu og meðan á eftirfarandi samtali stendur, teygir HÚN sig „blindandi“ svo lítið ber á í skærin á skrifborðinu og dregur þau til sín undir teppið*

GRETTIR: Prestinn?

LOFTUR: Já. Drengurinn sagði að það hefði verið prestur viðstaddur alla upptakomuna!

GRETTIR: (*Brytur heilann.*) Nei. Það held ég ekki. (*Við JÓN.*) Háls-, nef- og eyrna, hefur þú eitthvað lent í prestinum í dag?

JÓN BORGAR: Nej. Slet ikke set honum.

GRETTIR:

Nei - enginn prestur.

Einróma

}

JÓN BORGAR:

Nej - ingen præstur.

Skæri brjóta sér leið og klippa gat í gegnum teppið á höfði MANÚELU: HÚN rekur höfuðið upp úr gatinu, eins og skjaldbaka undan skel - og lítur út eins og hún sé kominn í ponsjó

MANÚELA: Víst! Hann var herna áðan: Kapólskur skratti, með þvagsýrugigt og gyllinæð.

ÞEIR stara á MANÚELA, sem lætur höfuðið síga ofan í gatið á teppinu. LOFTUR hvessir augun á JÓN

JÓN BORGAR: (*Þykist muna.*) Jo, hann!

LOFTUR: Jóhann?

JÓN BORGAR: Nej! Hann.

MANÚELA *hjólar sér blindandi, rekur höfuðið upp úr gatinu á teppinu og fer að horfa á „sjónvarpið“*

JÓN BORGAR: Neurologisk: Du heimter honum!

HANN *hraðar sér til GRETTIS yfir á og tekur að toga HANN*

GRETTIR: (*Á leiðinni.*) Andskotinn hafi það, er virkilega þörf á því?

LOFTUR: Þeim mun fyrr sem ég næ tali honum, þeim mun fyrr losnið þið við mig. GRETTIR: (*Á leiðinni.*) Það er nú fínt.

JÓN BORGAR: (*Glaðlega.*) ÓkeiÓkei. Gå så med det samme og útrétta með præsten!

GRETTIR: (*Við LOFT.*) Við sjáumst þá.

HANN *lætur sig hverfa ofan í gatið á teppinu. GRETTIR fer út - og dyrnar lokast á eftir honum*

JÓN BORGAR: Er vi så klar?

LOFTUR: Ég býst við því. En það er eitt sem ég skil ekki ...

HANN *tekur að nálgast JÓN , en snarstansar er „Háls-nef og eyrna“ æpir skyndilega*

JÓN BORGAR: Nej, nej, kom ikke så tæt på, góði! Jeg var koma frá kønsygdommerdeildin!

LOFTUR: Kynsjúkdómadeild? (*Tortrygginn.*) Sagðist þú ekki vera Háls-nef og eyrna?

JÓN BORGAR: Jú. (*Híkar.*) En visse kønsygdomme sprejða úr sér vía næse og hals..

LOFTUR: Er það?

JÓN BORGAR: Jojo. Og um øre líka.

LOFTUR: Ókei, ókei! (*Ógnandi.*) En það er eitt sem ég fæ engan botn í - og það er það - hvers vegna í andskotunum þið eruð báðar með handlegg í fatla!?

Dyrnar opnast. GRÍMUR stuggar GRETTI inn, lætur sig síðan hverfa - og dyrnar lokast.

GRETTIR er kominn í gervi „kapólsks prests“ klæddur einhvers konar sloppgarmi. Menn hafa þó unnið heimavinnuna að öðru leyti: HANN er með ósvikinn prestskraga, sjóræningjalepp yfir glóðarauganu, hárkollu og voldugt yfirvaraskegg. Þá hafa þeir ekki getað stillt sig um að splæsa gífsi á annan fótlegg HANS. JÓN virðir GRETTI fyrir sér og lygnir aftur augunum.

LOFTUR snýr baki og missir af innkomunni. Á leiðinni inn kippir GRETTIR krossi af veggnum og beitir fyrir sig. Undir lok eftirfarandi ávarps, snýr LOFTUR sér við og verður nokkuð um, er HANN kemur auga á þennan svipríka „kapólska prest“ sem auðheyranlega er af þýsku bergi brotinn, eins og fara gerir með slíka hérlandis

GRETTIR: (*Á leiðinni.*) Dominus tecum et benedictus fructus sancta Maria gloria patri et filio et spiritui sancto amen. Guten tag allerseits!

LOFTUR: Uh ... gúdden ... já ... blessaður.

GRETTIR: Hér sé Gott! Danke schön. Jawohl alles klar, bitte.

MANÚELA *gægist upp úr teppinu, hjólar sér og virðir nýja „skemmtikraftinn“ fyrir. LOFTUR nálgast GRETTI en stansar í sporunum er „presturinn“ æpir á HANN*

GRETTIR: (*frh.*) Nein! Aufhalten! Vil ekki koma nálægt nænum! Danke, bitte. Die þvagsäuregicht er farin að smitast über alles í diesem Sjúkrahaus. ③

LOFTUR: Andskotans smitsjúkdómar eru á þessum spítala!

JÓN BORGAR: Jó. (*Kammó við GRETTI.*) En hvordan gengur livet, pastor ... uh

GRETTIR: Schwarzenegger aus der Johanneskapelle, bitte. Hvað willst du, sonur minn ... dóttir mín?

LOFTUR: (*Grípur fram í.*) Getur þú vitnað um það að viðkomandi afkomandi hafi hvorki haft í frammi glæpsamlega né árásarkennda háttsemi meðan á atburðinum stóð, sem þú varðst vitni að hér utan við gluggann?

GRETTIR: Ich bin ein vitni Gotts. Nichts glæpsamlegt, nichts árásarkennt.

GRETTIR lyftir krossinum og signir sig. HANN klappar, steinsofnar síðan og tekur að hrjóta.

LOFTUR punktar í snjallsímann

JÓN BORGAR: Nú, så er det færdigt.

LOFTUR: Akkúrat! (*Við GRETTI.*) Þakka þér fyrir. Flott, þetta er komið. Og ég segi þessari rannsókn hér á spítalanum þá lokið og get farið með viðkomandi afkomanda niður á lögreglustöð.

GRETTIR: - Vielen dank.

Einum rómi - }

JÓN BORGAR: Mange tak.

LOFTUR: (*Við GRETTI.*) Fyrirgefið ef þið sjáið Gretti, föður píltsins, og biðja hann um að hitta okkur sem allra fyrst niðri í móttöku.

GRETTIR: Jawohl, mein Herr.

GRETTIR *blessar* LOFT, *sem leggur af stað en stansar snöggvast hjá* MANÚELU *sem hrýtur JÓN hnippir í* MANÚELU *um leið og* LOFTUR *gengur hægum skrefum, í átt að dyrunum.* MANÚELA *hrekkur upp með andfælum, dælir óafvitandi úr sprautunni - aftan á LOFT og fleygir henni síðan ósjálfrátt í fang GRETTIS, sem neyðist til að grípa.* LOFTUR *stansar, snýr sér við og „stendur“ GRETTI „að verki.“* GRETTIR *fitlar vandræðalega við sprautuna og lygnir aftur augunum.* LOFTUR *grípur kasketið sitt og stormar út - og lokar á eftir sér.* GRETTIR *leggur sprautuna og krossinn á skrifborðið og undir eftirfarandi tekur HANN niður yfirskeggið og flettir sjóræningjaleppnum frá glóðarauganu*

GRETTIR: (frh. > *Við JÓN.*) Ég fyrirgef þér aldrei það sem þú hefur látið mig ganga í gegnum hér í dag!

Dynnar opnast hægt, GRÍMUR gægist óöruggur milli vængjahurða, gengur síðan inn fyrir - og dynnar lokast

GRÍMUR: (*Á leiðinni.*) Hey, frændi farinn?

JÓN BORGAR: Grímur! Hvers vegna í andskotanum hefurðu aldrei sagt okkur að þú eigir frænda í lögreglunni, sem heitir Loftur?

GRÍMUR: Ég vissi ekki að þið vilduð vita það.

JÓN BORGAR: Þú ert nú meiri snillinn!

Dynnar opnast, SÚSANNA birtist í gættinni, gengur inn - og dynnar lokast á eftir henni

SÚSANNA: (*Á leiðinni.*) Jón Borgar! Gestirnir eru orðnir alveg rosalega órólegir ...

Jafn skjótt og JÓN (enn í fullu hjúkkugervi) heyrir róm SÚSÖNNU, fleygir HANN sér á hnén, nælir sér í purkublað af skrifborðinu og tekur að skrúbba gólfið, álútur mjög. SÚSANNA *kemur auga á HANN*

SÚSANNA: (frh.) Jórunn ...?

JÓN *skrúbbar allt hvað af tekur.* SÚSANNA *nálgast „Jórunni“*

SÚSANNA: (frh.) Jórunn! Hvað ert þú að gera hérna?

„Jórunn“ svarar engu, en snýr sér undan á fjórum fótum, og er engu líkara en „hún“ hafi komið auga á öreindasmáan skítablett afsíðis á gólfdukknum, sem „hún“ nuddar af nákvæmni og djöfulmóð, með nefið í gólfinu

SÚSANNA: (frh. > *Hækkar róminn.*) Jórunn! (*Gefst upp. Við GRÍM.*) Hefur þú eitthvað séð Jón Borgar?

GRÍMUR: (*Híkar. Síðan.*) Veistu: Síðast þegar ég sá hann, var hann svo önnum kafinn að hann gaf sér ekki tíma til að líta upp.

SÚSANNA: Ókei, ef þú sérð hann, viltu þá segja honum að ráðstefnugestirnir séu orðnir mjög órólegir.

HÚN gengur að dyrunum er GRETTIR birtist í sömu DYRUM, gengur rakleiðis inn, framhá HENNI - og dynnar lokast. HANN hraðar sér til JÓNS sem enn er álútur á gólfinu og nuddar. GRETTIR hefur losað sig við prestsgervið (næstum) eins og það leggur sig, búinn að setja upp sólgleraugun, kominn í jakkafötin, en með buxnaskálmarnar rúllaðar upp að hnjám og

enn með yfirskeggið á hökunni. Skyndilega áttar HANN sig á því hverjum HANN mætti og snarsnýr sér við. SÚSANNA virðir undrandi og hneyksluð fyrir sér útganginn á HONUM. MANÚELA gefur GRETTI vísbendingu með því að strjúka sér SÉR um hökuna. GRETTIR þreifir um hökuna, finnur fyrir skegginu, en ákveður að láta það eiga sig, brosir til SÚSÖNNU og gengur að dyrunum. GRETTIR hraðar sér út - og dyrnar lokast á eftir honum. SÚSANNA gónir á HANN, hraðar sér síðan á eftir GRETTI - og dyrnar lokast. JÓN sprettur á fætur

JÓN BORGAR: (Við GRÍM.) Viltu rúlla þessum manni út!

Undir eftirfarandi tekur HANN að færa sig úr dressinu. Í ljós kemur að HANN hefur líka rúllað skálmunum upp að hnjám. GRÍMUR stillir sér upp fyrir aftan hjólastólinn og gefur í.

GRÍMUR: Jæja, þá er það gamla stofan.

MANÚELA: (Á leiðinni.) Nei, en hér er svo friðsælt!

Á leiðinni framhjá skrifborðinu kippir HANN sódasprautunni með, án þess að GRÍMUR verði þess var GRÍMUR og MANÚELA hverfa út - og dyrnar lokast í sömu andrá og dyrnar opnast og JÓRUNN birtist. HÚN er enn undir „áhrifum“ með glóðarauga (sömu megin og GRETTIR) og handlegg í fatla (sömu megin og Tauga- og rannsókna og Háls- nef- og eyrna). HENNI bregður í brún að sjá JÓN með hárkolluna og stansar í dyragættinni

JÓRUNN: (Veiklulega.) Guð minn almáttugur ...

JÓN BORGAR: Þetta er ég, Jórunn mín, þorablótið þú skilur.

JÓRUNN: (Þvoglumælt.) Mér var sagt að löggan biði eftir mér hérna, til að taka skýrslu.

Undir eftirfarandi þurrkar JÓN af sér farðann og JÓRUNN skjögrar inn úr dyrunum sem lokast á eftir henni.

JÓN BORGAR: Já, það stóð til, en því var aflýst. Svo þú getur farið aftur á vaktina.

JÓRUNN: Fyrirgefðu, en ég er nú ekki beinlínis í standi til þess. Mig hálf svimar enn.

HÚN sest á stólinn

JÓN BORGAR: Ekki er ég hissa á því - fimmtíu milligrömm af Haldóli.

JÓRUNN: Ég hélt það hefðu verið hundrað.

JÓN BORGAR: Whatever. Hvíldu þig bara þarna í smá stund.

Dyrnar opnast og ÁRNÝ MARGRÉT birtist, eins og eldhnöttur í framan, og enn með málið

ÁRNÝ MARGRÉT: (Á leiðinni.) Í almáttugs bænum, Jón Borgar!

JÓN BORGAR: Árný Margrét! Þarna ertu þá! Og ekki veitir af.

Dyrnar lokast og ÁRNÝ hraðar sér inn. JÓN neyðist til að hætta „afsminkun“ í miðjum klíðum og undir eftirfarandi hraðar HANN sér til móts við ÁRNÝJU, hrifsar af henni málið, fer að lyfjaborðinu, bætir áfengi í málið og hellir einum ofan í sjálfan sig í leiðinni, beint úr flöskunni. ÁRNÝ gónir á útganginn á JÓN sem er laus við hjúkkugervið, orðinn borgaralega klæddur, en er enn með kolluna og skálmarnar rúllaðar upp að hnjám. JÓN hraðar sér, réttir ÁRNÝJU drykkinn og undir eftirfarandi kippir HANN usb-lyklinum úr tölvunni, stingur í vasann, fer í jakkann, tekur ræðubunkann af borðinu, gluggar í efsta blaðið, dregur djúpt andann - og leggur af stað

JÓN BORGAR: „Kæru kollegar, góðir ráðstefnugestir, ég býð ykkur ... (Ad-lib.) ...”

HANN hverfur út (með skálmarnar upprúllaðar og kolluna á höfðinu) - og dyrnar lokast.

ÁRNÝ ætlar að elta en rekur í rogastans er HANN kemur auga á JÓRUNNI

ÁRNÝ MARGRÉT: Jórunn! Hvað í ósköpunum kom eiginlega fyrir þig?

JÓRUNN: (Þvoglumælt.) Hugsaðu þér, ég fékk það beint í rassinn ...

ÁRNÝ MARGRÉT: (Nær orðlaus.) Hvurs slags ...?

JÓRUNN: ... og þetta eiga að heita ábyrgir læknar ...

ÁRNÝ MARGRÉT: Læknar ...?

JÓRUNN: ... já og ekki fimmtíu eins og vanalega, heldur hundrað!

ÁRNÝ *starir þrumu lostinn á JÓRUNNI og stormar svo út um dyrnar - sem lokast á eftir henni*

JÓRUNN: (frh. > Þvoglumælt.) Ég held ég þrúfi að fá mér ferskt loft.

HÚN *rís á fætur, riðar, hallar sér fram á stólbakið og snýr því baki í dyrnar er GRETTIR svífur inn - og dyrnar lokast á eftir honum. HANN er mjög annars hugar og mikill asi á HONUM*

GRETTIR: (Á leiðinni.) Ertu ekki komin úr? Svona, drífa sig úr gallanum, í einum grænum!

Undir eftirfarandi eintali slær HANN JÓRUNNI létt í rassinn, skoðar sjálfan sig úr fjarlægð í speglinum, hagræðir yfirgreiðslunni og snyrtir sig. JÓRUNNI hnykkir við og grípur um rassinn steinhissa

GRETTIR: (frh.) ... svona úr, úr alveg undir eins, ef ég á að gera þetta fyrir þig, við megum engan tíma missa, það er bókstaflega allt komið upp í loft hérna niðri. Úr dressinu! Úr, úr, toga toga- ...

HANN *fálmar í JÓRUNNI og reynir að fá HANA úr, enn með annað augað á speglinum uns HÚN snýr sér við og slær á handarbak HANS. Andlit HANS frýs í skelfingu lostinni störu er HANN verður þess áskynja hver á í hlut. HANN grípur andann á lofti, hleypur að móðurstöðinni á skrifborðinu, styður á takka og ljós taka að blikka*

JÓRUNN: Grettir ... fyrirgefðu, en ég held að ég eigi inni hjá þér skýringu á þessu!

GRETTIR: Halló, Jón Borgar!

JÓRUNN: (Grípur fram í.) Þú leitaðir á mig!

GRETTIR: (Í stöðina.) Jón Borgar, neyðarkall!

JÓRUNN: Og þú sagðir að það væri bókstaflega allt komið upp í loft, hérna niðri.

GRETTIR: Já, það passar. Það er bókstaflega allt komið upp í loft ... hérna niðri ... hjá mér sko.

Þess vegna leitaði ég á þig.

JÓRUNN: (Ánægjulega steinhissa.) Ó-Mæ-Gaaaaaad!

JÓRUNN *tekur nú að elta GRETTI hægt en ákveðið kringum skrifborðið. HANN hörfar hægt en óákveðið undan og gerir í leiðinni nokkrar tilraunir til að nálgast 'kalltakkann' á stöðinni, en eftirförin hamlar aðgerðum. GRETTIR er nú kominn hringinn í kringum borðið, hallar sér að stöðinni og styður á takka.*

GRETTIR: (frh. > Andstuttur.) Neyðarkall, neyðarkall! JÓRUNN: (Yfirkomin.) Elsku Grettir...

GRETTIR: (Hrópar.) Neyðarkelling!

JÓRUNN *nálgast GRETTI en stansar skyndilega er HÚN kemur auga á hjúkkudressið í kuðli á gólfinu (þar sem JÓN skildi við það). HÚN tekur það upp*

JÓRUNN: Fyrirgefðu, en hvað er sloppur af mér að gera hér á gólfinu?

GRETTIR: Ég ætlaði að taka hann með mér heim og knúsa hann.

JÓRUNN: Knúsa ... sloppinn minn?

GRETTIR: Já. Nema að þér finnist það óviðeigandi ...?

JÓRUNN: Nei, mér finnst það alls ekki.

GRETTIR: (Undrandi.) Ja-hérna!

JÓRUNN: Nei. (Geispar.) Mér finnst það mjög sætt.

GRETTIR: (Rámur.) Sætt!? (Í stöðina.) Hjálp!

JÓRUNN: (Geispar meira.) Æi, nú held ég að ég verði að fara og fá mér eina kríu.

GRETTIR: Fáðu þér bara eins margar og þú vilt! Það er enginn inni á stofu tólf.

JÓRUNN: (*Það smá dregur af henni.*) Ókei. Viltu koma og breiða yfir mig sængina?

GRETTIR: (*Hás.*) Ókei. Þú ferð upp í - og svo kem ég upp í á eftir ...

JÓRUNN *glennir upp eyru og augu*

GRETTIR: (*frh. > Á hundrað.*) ... tilaðbreiðayfirþigogathugahvernigþúhefurþað!

JÓRUNN: (*Alsæl.*) Ó, aldrei hefði ég trúað því að þetta ætti eftir að gerast!

GRETTIR: (*Rámur á leiðinni.*) Ekki ég heldur.

HANN *yfir* JÓRUNNI *út - lokar dyrunum og hraðar sér að stöðinni á skrifborðinu*

GRETTIR: (*frh. > Í stöðina.*) Jón Borgar, gjöra svo vel og koma strax á A.L-sex ...

Dynnar opnast, JÓN BORGAR gengur inn - og dynnar lokast. HANN er kollulaus og skálmarnar niðri.

JÓN BORGAR: Grettir!

GRETTIR: Ó, Guði sér lof!

JÓN BORGAR: Hvað er að gerast hérna!? Og af hverju ert þú ekki farinn niður á lögreglustöð með Marion og mömmu hans? Ég var í miðjum fyrirlestri þegar skrækirnir í þér byrjuðu aftur að glymjá um allt ...

GRETTIR: Skítt með þennan fyrirlestur, það er bókstaflega allt komið upp í loft niðri hjá öryggisvörðunum!

JÓN BORGAR: ... og heldurðu að ég hafi svo ekki mætt í ræðupúltið með skálmarnar rúllaðar upp að hnjám og hárkolluna á höfðinu ...

GRETTIR: Það er skandall.

JÓN BORGAR: ... og Árný Margrét er búinn að yfirtaka fyrirlesturinn í ráðstefnusalnum. GRETTIR: Og mamma er búin að yfirtaka öryggisverðina í móttökunni.

JÓN BORGAR: Nei, í alvöru, hann er að flytja ræðuna mína sem ég skrifaði sjálf- ... (*Þagnar. Síðan.*) Mamma þín?

GRETTIR: Loftur var í þann veginn að fara með okkur Marion niður á lögreglustöð, þegar mamma dúkkaði allt í einu upp með hrútsþungana ...

JÓN BORGAR: (*Grípur fram í.*) Reyndu að koma henni heim!

GRETTIR: Hún er búin að kynna sig fyrir Marioni, sem finnst alveg geðveikt að vera búin að finna ömmu sína!

JÓN BORGAR: Ég verð að klára fyrirlesturinn! Þú verður að redda þessu.

GRETTIR: Redda þessu? Með Marion hlæjandi og grátandi til skiptis, lögguna öskrandi og mömmu í yfirliði.

Dynnar opnast, MANÚELA birtist á hjólastólnum, rúllar sér að skrifborðinu - og dynnar lokast

MANÚELA: (*Syngur á leiðinni.*) „Sendu nú líkvagninn að sækja mig ...”

JÓN BORGAR: Farðu aftur inn á stofuna þína.

MANÚELA: Ég held nú síður, hún er full af gömlum kellingum!

GRETTIR: Hafðu ekki áhyggur af henni. Þú verður að fara og segja mömmu sannleikann.

JÓN BORGAR: Ég verð að fara og segja eitthvað við Árnýju Margréti!

Dynnar opnast, DÍANA birtist, hraðar sér inn - og lokar á eftir sér

DÍANA: Grettir ...

MANÚELA: Nei, kemur ekki konan mín!

DÍANA: (*Við GRETTI.*) Loftur sagði að ef þú yrðir ekki komin eftir tvær mínútur, myndi hann handtaka ykkur báða, þig og Marion.

GRETTIR: En hvernig er mamma?

DÍANA: Hún er niðri hjá öryggisvörðunum að fá sér kaffi.

GRETTIR: Kaffi?

MANÚELA: Já, takk, ég gæti alveg þegið tíu dropa.

HANN rís upp úr hjólastólnum. JÓN keyrir HANN aftur ofan í stólinn

JÓN BORGAR: Viltu gjöra svo vel og fara inn á bað!

MANÚELA: Ég fór í bað í morgun.

JÓN rúllar MANÚELU af stað og í leiðinni kippir MANÚELA krossinum af skrifborðinu

JÓN BORGAR: (*Á leiðinni.*) Farðu þá aftur núna. Það er fýla af þér!

MANÚELA: (*Á leiðinni.*) Þú ert nú svo sem ekkert ilmkeri heldur ...

HÚN hverfur út um dyrnar - og JÓN skellir á eftir henni.

GRETTIR: (*Við DÍÖNU.*) Er allt í lagi með mömmu?

DÍANA: Já, já, já. Þau Marion eru orðin mjög nán!

JÓN BORGAR: Snilld. Ég get þá haldið áfram með fyrirlesturinn ...

GRETTIR: Nei! Þú verður að fara og segja mömmu og Marioni hver faðir hans er.

JÓN BORGAR: Þau vita nú þegar hver faðir hans er: Það ert þú.

GRETTIR: Nei! Ég get ekki haldið þessu til streitu.

DÍANA: Það stendur ekki beint vel á núna, að fara að segja Marioni alla sólar söguna!

GRETTIR: Já, en nú er löggan komin í spilið - og mamma!

DÍANA: (*Innilega.*) Grettir - ekki halda að ég sé vanþakklát fyrir það sem þú ert búinn að gera. Þú hefur verið alveg einstakur ...

GRETTIR: (*Fer hjá sér.*) Ég gerði bara það sem nauðsyn krafði.

DÍANA: (*Hjartanlega.*) ... og óeigingirni þín er með ólíkindum: Ég er djúpt snortin.

JÓN BORGAR: (*Ergilegur.*) Viljið þið ekki bara fá ykkur herbergi.

Dyrnar opnast, MARION stekkur inn fyrir - og skellir á eftir sér

MARION: (*Á leiðinni.*) Hey! Fokk! Passið ykkur ...

DÍANA: Marion!?

JÓN BORGAR: Hvað ert þú að gera hérna?

MARION: ... löggan er að elta mig ... og hjúkkan er með honum.

JÓN BORGAR: (*Bregður í brún.*) Jórunn?

GRETTIR: Það getur ekki verið, hún ætlaði að bíða eftir mér uppi í rúmi inni á stofu tólf.

JÓN gengur til MARIONS en áttar sig svo á því hvað fólst í orðum GRETTIS - og snarstansar

JÓN BORGAR: (*Við GRETTI.*) Menn hafa aldeilis nýtt tímann meðan ég brá mér frá.

GRETTIR: Neeei, það var ekki ... oh! (*Við MARION.*) Og hvað gerðist?

MARION: Sko, í fyrsta lagi, þá birtist hjúkkan allt í einu niðri hjá öryggisvörðunum ...

GRETTIR: Ja-hérna ...

JÓN BORGAR: Og hvað gerðist í öðru lagi?

MARION: ... þegar hún sagði löggunni að það væri hún sem hefði dottið út um gluggann, varð hann alveg brjálaður.

GRETTIR: Nú, er hann farinn?

MARION: Sagðist ætla að koma hingað upp og yfirheyra hinar hjúkrunarkonurnar aftur.

JÓN BORGAR: Neeei!

MARION: Og svo sagði hann að ég yrði sennilega handtekið fyrir morðtilraun.

DÍANA: Æi, elsku krúttið mitt.

JÓN BORGAR: (*Við MARION.*) Heyrðu, farðu inn á stofu tólf og feldu þig inni í ...krúttið mitt? Hán er grunað um morð.

HANN *þagnar er dyrnar opnast og GRÓA móðir GRETTIS birtist. HÚN er nálægt áttæðu, lágvaxin og lotin en fjarska fjörmikil, kynlega létt á fæti og að sjálfsgöðu klædd í takt við veður. HÚN lokar á eftir sér og er brátt orðin miðpunktur allrar athygli*

GRÓA: (*Við JÓN.*) Hvar er Gretti?

JÓN BORGAR: (*frh.*) ... nei, Gróa ...?

GRETTIR: Mamma!

GRÓA: (*Við GRETTI.*) Hvað segirðu?

MARION: Amma!

GRÓA: (*Við MARION.*) Hvað segirðu?

GRETTIR: Þú átt ekki að vera að þvælast hérna uppi ...

GRÓA: Hvaða vitleysa er þetta. Ef Manni á eitthvað óuppgerið við lögregluna, þarf hán á ömmu sinni að halda.

GRETTIR: Mamma, það er ekki allt sem sýnist ...

GRÓA: Hvað segirðu?

GRETTIR: Það er ekki allt sem sýnist!

GRÓA: Ég geri víst það sem mér sýnist!

GRETTIR: Það er ýmislegt öðruvísi en þú heldur ...

GRÓA: Já, það segirðu satt. Ekki datt mér í hug að þú ættir þetta til ...

GRETTIR: Mamma!

GRÓA: (*Við viðstadda.*) ... drengur sem pissaði undir fram yfir fermingu - og hefur aldrei verið við kvenmann kenndur svo vitað sé: Við vorum farin að halda að hann væri hómópati.

GRETTIR: Mamma!

GRÓA: Hvað segirðu?

JÓN BORGAR: (*Hækkar róminn, vinsamlega.*) Fyrirgefðu, mér finnst leiðinlegt að þurfa að trufla þessa heyrnarmælingu ...

HANN *stendur við dyrnar, opnar ofur gætilega og kíkir fram milli stafs og hurðar.*

JÓN BORGAR: (*frh.*) ... en ef Jórunn og Loftur sjá Marion hérna, þá ... Heitasta helv- ...!

HANN *sýpur hveljur - og skellir hurðinni.*

JÓN BORGAR: (*frh.*) Þau eru að koma út úr lyftunni.

GRETTIR: Ó, Guð minn góður!

Dyrnar að baðherberginu opnast og MANÚELA birtist. HÚN er í hjólastólnum (með höfuðið upp úr gatinu), heldur á krossinum í annarri og klósettrúlluhólk, með aðeins einu snífsi, í hinni. GRETTIR og JÓN hrökkva við og líta báðir á MANÚELU, sem beinir rúlluhólknum að JÓN

MANÚELA: (*frh.*) Pappírinn er búinn.

JÓN BORGAR: Farðu aftur inn! Manúela: Nei, ég er ekki búinn.

MANÚELA *kemur auga á GRÓU og ber rúlluhólkinn upp að auga sér, eins og sjónauka. JÓN fórnar höndum. GRÓU verður starsýnt á MANÚELU í „ponsjóinu“ með krossinn. HÚN gengur nær*

GRÓA: (*Blíðlega.*) Fyrirgefðu vinur, ert þú í einhverjum sértrúarflokki?

MANÚELA: (*Einlægur.*) Já, ég er í Framsóknarflokknum.

Þá er barið að dyrum . ALLIR fara í viðbragðsstöðu. JÓN grípur í húninn og heldur hurðinni
JÓN BORGAR: (*Kallar.*) Augnablik! (*Lækkar róminn.*) Díana, viltu fara með Manúela inn á það?

GRETTIR: Já, og taktu mömmu með þér!

GRÓA: Hvað segirðu?

Undir eftirfarandi opnar HÚN dyrnar að baðherberginu og í sameiningu taka HÚN og

GRETTIR að mjaka GRÓU og MANÚELA að dyrunum

GRETTIR: (*Við GRÓU.*) Inn á það með þig! GRÓA: (*Við GRETTI.*) Ég þarf ekkert í það núna.

MANÚELA: (*Við GRÓU.*) Hugsaðu þér, að reka gamlan kall á klósettið!

GRÓA: (*Við MANÚELU.*) Er þetta kallklósettið?!

GRETTIR: (*Við MANÚELU.*) Svona, inn með þig!

ÞAU rusla MANÚELA og GRÓU inn á baðherbergið - og loka. Þá er barið aftur

JÓN BORGAR: (*Kallar.*) Augnablik.

LOFTUR: (*Útsviðs.*) Jón Borgar!

JÓN BORGAR hika andartak og svipast um í örvæntingu eftir undankomuleið fyrir MARION

JÓN BORGAR: (*Við GRETTI.*) Við verðum að losna við Marion. Hérna!

HANN sleppir húninum, stekkur að óhreinatauskörfunni , lyftir lokinu og gefur GRETTI bendingu um að sækja MARION en - það er um seinan, því ekki er MARION einungis of langt undan, heldur opnast dyrnar skyndilega og LOFTUR skundar inn með fyrirgangi, ásamt JÓRUNNI. GRETTIR og DÍANA eru á hinn bóginn í námunda við MARION og áður en LOFTUR nær yfirsýn, taka ÞAU höndum saman, vippa MARION upp á líkböurnar (þar sem Grímur skildi við þær í fyrri þættinum) og breiða lakið yfir HÁN. LOFTUR lokar dyrunum og kemur JÓRUNNI (sem enn er vönkuð en veitir hetjulegt viðnám) fyrir í skrifborðsstólnum

LOFTUR: (*Á leiðinni.*) Við verðum ekki lengi að komast til botns í þessu máli!

JÓRUNN: (*Á leiðinni.*) Ég get svo svarið það, góði minn. Það eru engir aðrir yfirdeildarhjúkrunarfræðingar á þessari hæð.

LOFTUR: (*Á leiðinni við GRETTI.*) Jæja, og hvar er hán þá, þessi svokallaði viðkomandi afkomandi?

DÍANA: Hán bara var að fara aftur niður til öryggisvarðanna.

JÓRUNN *kemur auga á „líkið“ á börunum*

JÓRUNN: Hver var að deyja?

JÓN BORGAR: (*Dregur djúpt andann. Síðan.*) Grettir, hver var að deyja?

GRETTIR: (*Stutt dok. Síðan.*) Manúela gamla.

DÍANA: (*Þykist harmi slegin.*) Já, Ahhhhhhhh!

GRETTI verður sem snöggvast litið á „líkið“ á börunum, alveg að kikna

LOFTUR: Ertu að tala um Manni gömlu?

HANN teygir sig í börunar og gerir sig líklegan til að ýta þeim í burtu - en LOFTUR stöðvar
HANN

GRETTIR: Sú er konan ... Var konan! (*Ræskir sig.*) Fyrirgefiði aðeins ...

HANN gerir sig enn líklegan til að ýta börunum út - en LOFTUR stöðvar hann aftur

LOFTUR: Augnablik! Það eru ekki nema fimm mínútur síðan hún var hér skoppandi um allt eins og fitnessdrottning!

JÓN BORGAR: Já, það var það sem olli hjartastoppinu.

DÍANA: (*Grætur hátt og snjallt.*) Ohhhhhh!

GRETTIR: Svona, svona

LOFTUR: Kellingaranginn.

DÍANA: (*Grætur.*) Ahhhhh!

LOFTUR *lyftir lakinu við höfðalagið á börunum til að sjá framan í hinn „látna“ - en DÍANA æpir í tæka tíð, HANN hrekkur við, lítur á HANA - og á meðan dregur GRETTIR lakið yfir aftur*

DÍANA: (*frh.*) Oooohhhhh!

LOFTUR: Hvað?

JÓN BORGAR: (*Við LOFT.*) Frúin hefur tekið þetta mjög nærri sér. (*Við GRETTI.*)

Ha, er það ekki Grettir?

GRETTIR: Ja-hérna hér! Konan er send hingað í rannsókn með þvagsýrugigt, skorin upp við gyllinæð og deyr svo úr hjartastoppi.

DÍANA: (*Grætur.*) Ohhhhóóhhhæææ ...

Undir framangengnu hefur JÓRUNN dottað, en hrekkur nú upp við vælið í DÍÖNU og tekur ósjálfrátt upp tólið af móðurstöðinni á skrifborðinu

JÓRUNN: (*Í skrifborðssímann.*) Já, halló, Jórunn hér!

JÓRUNN: (*Í skrifborðssímann.*) Já. Hver er það með leyfi?

LOFTUR *dregur upp snjallsímann, gengur hugsi til JÓRUNNAR og eitt andartak er engu líkara en ÞAU séu að tala saman í síma, HÚN á tólinu og HANN á 'speaker' - uns HÚN sofna aftur með tólið í höndunum*

LOFTUR: (*Á leiðinni.*) Segðu mér ...Jórunn

JÓN BORGAR: (*Við GRETTI.*) Ég hugsa að ekkjan vilji fá að fara með þér niður í líkhús.

LOFTUR *tekur tólið ergilegur úr höndum JÓRUNNAR og skilar því á stöðina. Á meðan rís MARION skyndilega upp á börunum (undir lakinu) uns JÓN þrýstir HÁN niður aftur*

JÓN BORGAR:

Einum rómi - um leið og JÓN þrýstir } Niður með þig!

GRETTIR:

LOFTUR *snarsnýr sér við, í áttina . JÓN bendir skipandi á DÍÖNU*

JÓN BORGAR: (*frh.*) Niður í líkhús með þig!

JÓN *ætlar með DÍÖNU til dyra , LOFTUR hyggst elta og GRETTIR gerir sig líklegan til að aka börunum*

LOFTUR: Augnablik! Það hlýtur að vera hægt að fá einhvern annan lækni til að fara niður í líkhús.

Þið þurfið að svara nokkrum spurningum viðvíkjandi Jórunni og syni Grettis.

Baðherbergisdýrnar opnast, MANÚELA birtist á fæti, án stólsins, og gengur inn, mjög blátt áfram. GRETTIR snýr HENNI á punktinum, sendir HANA sömu leið til baka - og skellir hurðinni. Þá hallar HANN bakinu kæruleysislega upp að hurðinni, í sömu andrá og LOFTUR bregst við skellinum, snýr sér og virðir GRETTI rannsakandi fyrir sér. Þá berst runa brothljóða frá baðherberginu. Hljóðin deyja út. GRETTIR horfir á VIÐSTADDA, opnar þá örlitla rifu á baðherbergisdýrnar og gægist ÚT-S

GRETTIR: (*Kallar útsviðs.*) Uss! Geturðu ekki gert við klósettið þegjandi og hljóðalaust!

HANN *skellir baðherbergishurðinni aftur - hallar sér síðan upp að henni, sem fyrr - og hristir höfuðið*

GRETTIR: (*frh. > Við LOFT.*) Þessir píparar ...

LOFTUR *starir á GRETTI um stund, uns HANN snýr sér að JÓNI. Baðherbergishurðinni er ýtt harkalega, þetta einu sinni eða tvisvar (MANÚELA að verki) með þeim árangri að húninn*

skerst í mjöðmina á GRETTI og kitlar HANN

GRETTIR: (Veinar.) Ah-haha!

LOFTUR *snýr sér snögg að GRETTI sem gefur til kynna að „veinið” hafi verið kynningaráfangi stuttrar karateglímu. HANN stekkur skref frá baðherbergisdyrnum, stansar - og saxar loftið með handarjöðrunum*

GRETTIR: (frh.) Aha!

HANN *gefur til kynna að glíman sé afstaðin og hneigir sig fyrir LOFTI að hætti austurlenskra bardagalistamanna. LOFTUR virðir GRETTI rannsakandi fyrir sér og HANN horfir staðfastlega á móti. Þá man GRETTIR eftir túrettinu og gefur smá sýnishorn. Loks gerist það, án þess að GRETTIR verði þess var, að baðherbergisdyrnar opnast að baki HANS - og GRÓA rúllar sér inn í hjólastól MANÚELU, lokar og rúllar sér síðan, uns HÚN nemur staðar fyrir aftan GRETTI. LOFTUR tekur lúshægt að nálgast GRETTI sem hörfar eitt skref aftur á bak, nemur þá snögglega staðar, brosir við LOFTI, í sömu andrá og GRÓA, sem staðin er upp úr stólnum, bankar létt á öxl GRETTIS. HANN hikar, snýr sér þá ofurhægt við, uns HANN er augliti til auglitis við MÓÐUR sína. Þar dokar HANN andartak, snýr sér svo ofurhægt til baka uns HANN er aftur augliti til auglitis við LOFT*

GRETTIR: (frh. > Vinsamlega.) Varst þú nokkuð búinn að hitta píparann okkar?

LOFTUR *horfir kuldalega á GRETTI sem tekur að þoka GRÓU framhjá LOFTI*

GRETTIR: (frh. > Á leiðinni, við GRÓU.) Jæja, þú getur þá haldið áfram að gera við klósettin á deild-B.

GRÓA: Hvað segirðu?

LOFTUR *snýr sér og fylgist með GRETTI fylgja GRÓU til dyra. Á meðan mjakar DÍANA sér, til að taka varðstöðu við baðherbergisdyrnar og hallar bakinu að hurðinni, líkt og GRETTIR gerði áður. Þá gerir MANÚELA aðra tilraun til að opna dyrnar að baki DÍÖNU og húninn skerst í mjöðmina á HENNI*

DÍANA: (Æpir.) Ahhgh!

HÚN skellir hurðinni á MANÚELU. LOFTUR *snýr sér að DÍÖNU, sem bregður sér í karate-rúttinu. LOFTUR snýr sér að GRETTI - og horfir síðan og á víxl á GRETTI og DÍÖNU, sem hneigja sig hvort fyrir öðru að hætti karatekappa uns JÓN tekur af skarið*

JÓN BORGAR: Þakka ykkur fyrir. Þið eigið alveg eftir að rúlla þessu upp! Æfingunni er þá lokið í dag. (Við LOFT.) (Við GRETTI.) Heyrðu Grettir ...

HANN *bendir á líkbörunar. MANÚELA birtist á syllunni við gluggann og staulast stjórnlaust af stað*

JÓN BORGAR: (frh.) ... vilt þú ekki?

MANÚELA *stansar við -gluggafagið. Undir eftirfarandi opnar HÚN gluggann upp á gátt, gerir sig líklega til að klifra inn og kemst þ.a.l. ekki hjá því að heyra samtal JÓNS og GRETTIS*

JÓN BORGAR: Nú, að skutlast með hana Manúelu gömlu niður í líkhús.

MANÚELA *sýpur hveljur, hættir við, snýr sér undan, tekur að staulast í áttina að -horni gluggans og skilur gluggafagið eftir opið upp á gátt*

LOFTUR: Fyrirgefið, ég þarf að leggja fyrir ykkur nokkrar spurningar.

JÓN og GRETTIR *koma auga á MANÚELU utan við gluggann og hrökkva samtaka í kút*

JÓN BORGAR:

Æpa einróma

} Adam átti syni 7....

GRETTIR:

LOFTUR lítur snögg á JÓN og GRETTI - sem bregða sér tafarlaust í örstutta karate-rútinu, sín á milli

GRETTIR: Ég er alveg gjörsamlega að- ...

HANN gefur til kynna að honum sé illilega mál, hraðar sér að baðherberginu og opnar.

LOFTUR lítur á eftir GRETTI, í sömu andrá og MANÚELA hverfur fyrir hornið á glugganum ... en GRETTIR er horfinn inn á baðherbergið - og skellir á eftir sér. LOFTUR snýr sér að HINUM

LOFTUR: (frh.) Jæja. Allt í lagi. Hvernig væri nú að reyna að fá eitthvað af viti upp úr einhverjum hérna. Jórunn!

JÓRUNN sefur. LOFTUR gengur fram á svið. Undir eftirfarandi gefur JÓN DÍÖNU bendingu og fyrr en varir er HÚN horfin með börunar út. JÓN ruslar GRÓU út á eftir HENNI - og dyrnar lokast sjálfkrafa, jafnskjótt og JÓN er sloppinn aftur innfyrir

LOFTUR: (frh.) Jórunn!

JÓRUNN: (Er að koma til sjálfrar sín.) Já, ég er fín núna, fín.

JÓN BORGAR: Og verður jafnvel enn fínni á morgun.

MANÚELA birtist aftur utan við -horn gluggans. HANN heldur nú dauðahaldi í og sveiflast með ryðgaðri vatnsrennu, sem hefur hálflosað af festingum sínum á útvegnum

LOFTUR: (Skipandi raust.) Jórunn! Gæti ég fengið athygli þína óskipta?

JÓRUNN: Alveg sjálfsagt.

LOFTUR: Þakka þér fyrir.

GRETTIR birtist á syllunni utan við -horn gluggans. Undir eftirfarandi teygir HANN sig eftir MANÚELU - en er höndum seinni, því MANÚELA sveiflast aftur til baka yfir á -kantinn og hverfur loks fyrir hornið. GRETTIR bíður átekta.

LOFTUR: (frh) Jórunn. (Hækkar róminn.) Jórunn!

JÓRUNN sem er í þann veginn að detta út aftur, hrekkur upp. LOFTUR gengur hugsí hringinn í kringum skrifborðið aftur fyrir JÓRUNNI, punktar hjá sér í snjallsímann á leiðinni, og missir þ.a.l. af því, sem fyrr, er HÚN grípur tólið af stöðinni og svarar

JÓRUNN: (Í skrifborðssímann.) Já halló, Jórunn hér!

JÓN BORGAR: Hún er ekki í neinu ástandi til að láta yfirheyra sig.

LOFTUR: (Við JÓRUNNI.) ... getur þú staðfest, formlega, að þú sért eini yfirdeildar-hjúkrunarfræðingurinn á þessari hæð spítalans?

HANN staðnæmist og lítur upp: JÓRUNN er sofnuð með tólið í höndinni

LOFTUR: (frh) Jórunn!

JÓRUNN hrýtur. HANN tekur tólið af JÓRUNNI og skilar því aftur á stöðina

LOFTUR: (frh.) Þvílíkur mannskapur!

JÓN BORGAR: (Vinsamlega.) Jæja Loftur, það lítur út fyrir að þið tvö verið bara að taka upp þráðinn aftur í næstu viku.

LOFTUR: Jórunn!

JÓRUNN: Já!

HÚN hrekkur upp, ætlar að svara í símann, en LOFTUR er fyrri til og styður fingri á tólið á stöðinni

LOFTUR: Jæja, Jórunn! Nú skulum við ræða aðeins saman ...

MANÚELA birtist aftur utan við gluggann frá, hangir enn á rennunni, sveiflast í áttina (þar sem GRETTIR bíður eftir að hremma HANA) - en á miðri leið losnar rennan endanlega af

festingum sínum, MANÚELA svífur inn um gluggafagið (opið frá því að HÚN opnaði það) með rennuna í fanginu, steypist ofan í óhreinatauskörfuna (opin frá því að JÓN opnaði hana) og lokið skellist á eftir HENNI. Sekúndubroti síðar sveiflar GRETTIR sér inn um sama fag, lendir standandi á bekknum og lokar glugganum, í sömu andrá og LOFTUR bregst við skellinum og snýr sér. GRETTIR bregður sér tafarlaust í fyrsta flokks stepp-dansrútinu af söngleikjaskólanum, en aðeins með örstutt sýnishorn að þessu sinni. GRETTIR hneigir sig. JÓN klappar

JÓN BORGAR: Frábært! Fattaði það strax: Logi Bergmann!

LOFTUR snýr sér aftur að JÓRUNNI - sem hrýtur hástöfum og hristir HANA

LOFTUR: Andskotinn sjálfur ... Jórunn!

JÓRUNN tekur báðum höndum um hönd HANS með háflukt augun

JÓRUNN: (Þvoglumælt.) Ég er þín ástin mín.

LOFTUR: Gressi? (Við HINA.) Hver í andskotanum er Gressi?

JÓN BORGAR: (Að bragði.) Páfagaukurinn hennar. Ég er smeykur um að þú fái ekki mikið af viti upp úr henni Jórunni í dag.

LOFTUR: Ég hef nú ekki fengið mikið af viti upp úr einum einasta manni hér í dag ...

JÓN BORGAR: (Þykist móðgaður.) Nei, Loftur, þetta særir.

MANÚELA er nú komin upp úr körfunni, gónir andartak á VIÐSTADDA og skellir lokinu síðan á eftir sér. LOFTUR bregst við skellinum, lítur um öxl og kemur auga á MANÚELU. LOFTUR slekkur á símanum og nálgast MANÚELU, sem dokar andartak, en tekur þá á rás út - og dymnar lokast á eftir henni. LOFTUR stansar og hvessir augun á JÓN og GRETTI, sem báðir brosa sínu blíðasta

LOFTUR: (frh. > Stillilega á suðupunkti.) Ég býst við því að næst muni gamla konan ganga á vatni! (Hrópar á eftir MANÚELU.) Þú þarna, gamla herfa!

Dymnar opnast og ÁRNÝ MARGRÉT birtist. HÚN er með ræðu JÓNS og usb-lykilinn í höndunum, en snarstansar í gættinni er HÚN glöggvar sig á því hvernig hún hefur verið ávörpuð

ÁRNÝ MARGRÉT: Hvurs slags eiginlega ...?

HÚN ryðst framhjá PÁLI, hverfur út - og dymnar lokast. Sjússarnir eru teknir að segja til sín hjá yfirlækninum, sem orðinn er ívið mildari en vanalega. Svo er að sjá sem allur vindur sé hins vegar úr GRETTI sem liðast ofan í hjólastólinn, tekur ofan sóglæraugun, rúllar sér og staðnæmist við hlið JÓRUNNAR sem enn sefur í skrifborðsstólnum og hrýtur

ÁRNÝ MARGRÉT: Hvað í andskotanum er eiginlega um að vera hérna?

JÓN BORGAR: Jórunn fékk flog út af yfirvinnu á taugadeildinni.

PÁLL lítur á GRETTI sem situr eins og örvilnaður í hjólastólnum við hlið JÓRUNNAR. Glóðaraugu PEIRRA eru alveg „í stíl”

ÁRNÝ MARGRÉT: Og fékk Grettir líka flog?

GRETTIR: Já, út af yfirlækninum á taugadeildinni.

ÁRNÝ MARGRÉT: En þér þætti kannski fróðlegt að vita það, að meðan á fjarveru þinni stóð, lauk ég fyrirlestrinum. (Hann ljómar.) Og ég verð að játa að ég naut hvernar sekúndu til hins ýtrasta.

JÓN BORGAR: Ég veit bara ekki hvernig ég get afsakað- ... (Þagnar.) Var það?

ÁRNÝ MARGRÉT: Já. Alveg framúrskarandi fyrirlestur hjá þér, Jón Borgar Eskildsen - tilvonandi yfirlæknir Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða!

HANN réttir JÓNI ræðubunkann og usb-tengið afar formlega

JÓN BORGAR: (*Ánægður.*) Má færa yður eðaldrykk, æruverðuga frú?

HANN *tekur málið afar formlega af ÁRNÝJU, gengur að lyfjaborðinu og bætir á*
ÁRNÝ MARGRÉT: Því ekki það? Og nú skil ég hvað þú áttir við þegar þú sagðist eiga eftir að rúlla
þessu upp. Ráðstefnugestir sátu alveg agndofa þegar þú birtist með upp-rúllaðar skálmarnar og
þessa spaugilegu hárkollu. HÚN *dregur hárkolluna upp úr vasanum og réttir* JÓNI

JÓN BORGAR: Gömul hefð í Kaupmannahöfn.

ÁRNÝ MARGRÉT: Er það tilfellið já? Heyrðu, ég held að ég prófi þetta sjálf, þegar ég flyt lokaávarpið
á eftir!

Undir eftirfarandi vangaveltum rúllar HANN buxnaskálmunum upp að hnjám og setur upp
hárkolluna. JÓN *réttir ÁRNÝJU áfyllt málið*

ÁRNÝ MARGRÉT: (*frh.*) Þakka þér fyrir. Skál! Fyrsti sjússinn minn í dag.

JÓN BORGAR: Ein-mitt.

ÁRNÝ *lýkur úr málinu í einum teyg, réttir JÓNI það, hraðar sér að dyrunum en stansar þar*
og snýr sér við.

ÁRNÝ MARGRÉT: Og ég ætla að ávarpa þá á ensku, ég er nú ekki með BA í ensku fyrir ekki neitt!
(*Gefur sýnishorn grafalvarleg.*) „Dear colleagues, I would like to thank you for your participation, and
I say it from the heart of my bottom.”

HÚN *snýst á hæl, mjög upphafinn, opnar, svífur út - og dyrnar lokast á eftir henni.*

JÓN BORGAR: Jæja, Grettir, þá er það lokahnykkurinn!

Dyrnar opnast, MANÚELA birtist á hlaupum - og stansar í gættinni milli vængjahurða, móð
og mäsandi. HÚN er enn í fullu Harley Quinn-gervi. Í þeim töluðum orðum skellur
vængjahurðin í bakið á HENNI, efri tanngarðurinn yfirgefur heimkynni sín, tekst á loft og
nauðlendir á gólfinu. Undir eftirfarandi, sprettur GRETTIR á fætur og réttir MANÚELU
tanngarðinn, sem setur hann þó ekki upp í sig, því henni er mikið niðri fyrir. JÓN teymir
HANA að baðherbergisdýrunum

MANÚELA: (*frh. > Tannlaus.*) Þessi grefilsins lögregluþjónn er alltaf á hælunum á mér.

JÓN BORGAR: Já, þú áttir að vera dauð!

MANÚELA: (*Tannlaus.*) Ég verð það fljótlega með þessu áframhaldi.

HANN *kemur auga á JÓRUNNI*

JÓN BORGAR: Farðu nú aftur inn á klósettið.

MANÚELA: (*Tannlaus.*) Ég bað um að fá að vera ein á stofu, ekki ein á klósettinu!

JÓN *stjakar MANÚELU inn á baðherbergið - og lokar á eftir henni. Þá grípur HANN andann*
á

lofti

JÓN BORGAR: Oh! Jórunn! Grettir!

GRETTIR *bregst skjótt við, setur upp sólgleraugun og saman reyna þeir að koma*
JÓRUNNI fyrir í stólnum, en eiga í basli því skrokkurinn er umfangsmikill og limirnir láta svo
illa að stjórn að á „viðkvæmu” stigi málsins „hangir” HÚN „öfug” í stólnum, með fótleggina yfir
stólbakið, höfuðið á fótaskemlinum - og hrýtur

JÓN BORGAR: (*frh.*) Við verðum að koma henni út áður en Loftur nær að yfirheyra hana.

GRETTIR: (*Stynur.*) Ég veit ...

JÓN: (*Stynur.*) Já, hvert eigum við að fara með hana, láttu þér detta eitthvað í hug!

GRETTIR: (*Stynur.*) Já, ég er á fullu! Ókei, ég gefst upp. Hvert getum við farið með hana?

JÓN BORGAR: (*Stynur.*) Bara ... inn í þvottahús, áhaldahús, líkhús ... bara eitthvert....

Dyrnar opnast og SÚSANNA birtist þegar JÓN og GRETTIR eru á hvað „viðkvæmustu” stigi ferlisins við að koma JÓRUNNI fyrir í hjólastólnum. SÚSANNA arkar inn - og dyrnar lokast sjálfkrafa

SÚSANNA: (*Á leiðinni.*) Jón Borgar! Árný Margrét var ekkert lítið ánægð með- ...

HÚN *stansar* er hún sér aðfarir ÞEIRRA og stellingarnar á JÓRUNNI -

SÚSANNA: (*frh.*) Jesús minn! Hvað eruð þið að gera við hana Jórunni?

JÓN BORGAR: Engar flóknar spurningar núna!

Dyrnar opnast og MARION og GRÓA birtast. ÞAU hraða sér inn - og MARION lokar á eftir þeim

MARION: (*Á leiðinni.*) Heyrðu, pabbi ...

JÓN BORGAR: Getur þú ómögulega látið þig gufa upp í meira en tvær mínútur?

GRETTIR: Mamma, vilt þú gjöra svo vel og fara heim undir eins!

GRÓA: Hvað segirðu?

Meðan eftirfarandi orðaskipti eiga sér stað, klára JÓN og GRETTIR að „raða” JÓRUNNI í hjólastólinn

SÚSANNA: (*Yfir sig alúðleg.*) Nei, Gróa? En gaman að sjá þig.

GRÓA: Hvað segirðu?

SÚSANNA: Hvað ert þú að gera hér á stofnuninni? (*Ad-lib.*) Langt síðan við- ...

JÓN BORGAR: (*Grípur fram í.*) Getum við haldið okkur við „En gaman að sjá þig?”

GRETTIR: Mamma, þú verður að drífa þig, þú ert að verða of sein í súmbatíma.

GRÓA: Hán Marion skiptir miklu meira máli en súmba.

MARION: Hey, pabbi, ég ætlaði bara að segja þér að þú þarft ekki að koma með mér niður á lögreglustöð.

GRETTIR: Af hverju ekki?

MARION: Amma ætlar að koma.

GRETTIR: Mamma! Þú mátt alls ekki blanda þér í þetta!

GRÓA: Hvað segirðu?

Dyrnar opnast, GRÍMUR birtist, ábúðarfullur á svip, gengur inn fyrir - og dyrnar lokast á eftir honum

GRÍMUR: Eigi veit ég svo gjörla hver veit hvað - og hver veit ekki neitt - en hitt veit ég, að þið ættuð öll að að vita, að er á leiðinni hingað ...

Undir eftirfarandi snýr JÓN hjólastólnum með JÓRUNNI og gefur GRÍMI merki. HANN bregst við.

GRÓA: Hvað segirðu?

JÓN BORGAR: (*Við GRÍM*) Feldu Jórunni inn á Krufningu. Það er styst!

GRÍMUR hjólar JÓRUNNI út - og dyrnar lokast á eftir þeim. Dyrnar opnast. LOFTUR birtist bak við JÓN sem hikar, snýr sér síðan við, uns HANN stendur andspænis LOFTI og brosir sínu blíðasta.

LOFTUR: (*Gnistir tönnum, baneitraður.*) Jæja! Hvar-er-Man-ú-e-la?

LOFTUR snýr sér að HONUM og hvessir á HANN augun andartak. GRETTIR bregður ekki svip á meðan en horfir staðfastur á móti. Dyrnar opnast, DÍANA birtist, hraðar sér inn - og lokar á eftir sér

DÍANA: (*Á leiðinni.*) Varið ykkur, Loftur stormar hér um alla ganga að leita að Manúe-

...

HÚN þagnar og stansar er hún kemur auga á LOFT

LOFTUR: Já, síðastliðnar fimm mínútur hef ég verið að elta eiginkonu þína hér upp og niður alla stiga - og er ekki að ýkja þegar ég segi að hann hafi sett nýtt norðurlandamet í spretthlaupi framliðinna!

DÍANA: Ó, það er kraftaverk!

LOFTUR: Vert þú ekki með nein látalæti við mig, góða mín!

SÚSANNA: Já, en fyrirgefðu góði, að elta aldraða konu svona um alla ganga! Hún hefði getað fengið hjartaslag.

LOFTUR: Hún fékk eitt áðan, svo hann munar varla um annað í viðbót.

GRÓA: (*Við SÚSÖNNU.*) Hann er sko í Framsóknarflokknum.

GRETTIR: Mamma! Bíddu niðri!

GRÓA: Hvað segirðu?

JÓN BORGAR: (*Við GRÓU.*) Og taktu „barnabarnið“ með þér!

GRÓA: Hvað segirðu?

JÓN BORGAR: Skirilíbomm.

SÚSANNA: Mér finnst alveg einstakt, Gróa mín, að þú skulir ekki hafa látið fréttirnar um Marion slá þig út af laginu.

GRÓA: Hvað segirðu?

MARION: Nei, hún er alveg kúl á þessu. Eina manneskjan sem verður erfitt að segja frá því, er konan hans pabba.

ALLIR *líta á* MARION

GRÓA: (*Forvið.*) Konan hans pabba þíns?

MARION: Þetta er allt í lagi. Mamma var búin að segja mér að pabbi væri giftur.

SÚSANNA: (*Hneyksluð en vantrúuð.*) Grettir!

GRETTIR og JÓN *loka augunum í angist*

GRÓA: Þú hefur þó ekki verið að halda eiginkonu leyndri fyrir okkur líka?

GRETTIR: Veistu ég man bara ekki lengur hverju ég hef haldið leyndu.

MARION: Pabbi, þú þarft ekkert að vera feiminn við að kynna mig fyrir konunni þinni.

GRETTIR: (*Afdráttarlaust.*) Það er alveg óþarfi að kynna þig fyrir henni!

JÓN BORGAR: (*Hótunartónn.*) Grettir!

MARION: Pabbi, láttu ekki svona.

GRETTIR: (*Harðákveðinn.*) Nei, Marion, það er algjör óþarfi!

MARION: Af hverju?

JÓN BORGAR: (*Tekur af skarið.*) Af því þau eru skilin!

MARION: Skilin?

GRETTIR *lítur á* JÓN, *missir móðinn og sekkur sér ofan í skrifborðsstólinn*

GRÓA: Hvernig skilin?

JÓN BORGAR: Nú, bara - skiliníbomm.

GRÓA: Hvað segirðu?

JÓN BORGAR: Allt ágætt. Ókei, þar sem ekkert af þessu kemur Súsönnu við, held ég að hljóti að vera óhætt að leyfa henni að fara heim.

LOFTUR: (*Á suðupunkti.*) Súsanna getur farið heim mín vegna - þegar ég er búinn að fá svör við fáeinum spurningum!

JÓN BORGAR: Ókei ...

HANN *tyllir sér skammt undan vídeótökuvélinni. LOFTUR flytur eftirfarandi samantekt jafnt og þétt (nánast) án þess að draga andann og snýr sér jafnóðum að þeim sem HANN nefnir hverju sinni*

LOFTUR: Eins og til dæmis hvernig á því stendur að sex tommu róandi sprautu var stungið í bakhlutann á Jórunni á Vökudeild, af einhverjum Halldóri, hvers vegna Háls- nef-og eyrna og Tauga- og rannsókna eru báðar horfnar eins og jörðin hafi gleypst þær, af hverju Grettir Sig grettir sig bara í annað hvert skipti sem ég hitti hann og gengur ævinlega með sólgleraugu innandyrna um hávetur, af hverju hann á eiginkonu sem hann hafði ekki hugmynd um að hann ætti, viðhald sem heitir eftir hentugleikum Díana Thors og Díana Marion - og móður sem er pípari ...

GRÓA: Hvað segirðu?

LOFTUR: ... og hvernig stendur á því að læknar hér á spítalanum geta látið vissa sjúklinga rísa upp frá dauðum en hafa samt ekki hugmynd um hvort aðrir sjúklingar hafa orðið DV DVD eða undir strætó frá S.V.Í. - hvers vegna það er hvíldarlaus æfing og upptaka á myndbandi fyrir þorablótið á meðan kaþólskur prestur fer með maríubænin á latínu þótt hann sé að drepast úr gyllinæð, hvers vegna gælunafnið Manni virðist ná yfir allar skepnur jarðar, allt frá hálfsturluðum unglingi upp í taugaveiklaðan hund - og allir nánustu ættingjar þeirra sem eru Marion eða Thors hafa geispað golunni á Vatnajökli, hvers vegna þekkt tónlistarkona er orðinn yfirlæknir á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða - og hvers vegna ég er farinn að halda að þessi spítali sé ekki venjulegur spítali, heldur útibú frá Kleppi!

Það er andartaks dok ... uns JÓN réttir upp hönd

JÓN BORGAR: (*Blátt áfram.*) Fyrirgefðu Loftur, hvernig var aftur fyrsta spurningin? MANÚELA: Er lögreglan farin-ég er farinn

LOFTUR *starblínir nær svipbrigðalaus á JÓN um stund. Þá verður HONUM litið á annan eftirlitsskjáinn, þar sem við blasir upprétt hönd JÓNS (og e.t.v. andlit hans líka), síðan á vídeótökuvélina á þrífætinum - og tekur loks að leggja saman tvo og tvo*

LOFTUR: Heyrðu kallinn minn.

HANN *hraðar sér ófaraglaður inn um baðherbergisdyrnar - en er tæpast sloppinn inn fyrir, er JÓN skellir hurðinni aftur og skorðar stól, sem GRETTIR hefur af snarræði sótt í tæka tíð, undir hurðarhúninn. JÓN snýr sér að SÚSÖNNU og hefur hraðann á*

JÓN BORGAR: (*frh.*) Ókei, Súsanna. Ég skal vera snöggur - en ég held að það sé tími til kominn að ég segi þér sannleikann um Marion ...

DÍANA: Jón Borgar!

GRÓA: Hvað er hann að segja?

JÓN BORGAR: (*Við DÍÖNU.*) ... við getum ekki haldið þessu svona áfram. (*Við SÚSÖNNU.*) Sús mín, búðu þig undir vægt sjökk.

SÚSANNA: Hvað!? Út með það!

JÓN BORGAR: Þetta unga stálp hérna ...

Áður en HANN kemst lengra, heyrir skrölt í hurðarhúni baðherbergisins - og loks er barið

LOFTUR: (*Útsviðs.*) Halló! Viljið þið gjöra svo vel og opna!

JÓN BORGAR: (*Kallar.*) Hurðin stendur eitthvað á sér! Bíddu augnablik. (*Við SÚSÖNNU.*) Faðir þessa unga stálps er- ...

MARION: (*Grípur fram í.*) Einhver nettasti pabbi í heimi!

HANN *faðmar GRETTI að sér*

JÓN BORGAR: Þetta unga stálp ...

SÚSANNA: Já!?

JÓN BORGAR: ... er barnið mitt.

SÚSANNA: (*Úti að aka.*) Barnið þitt?

GRÓA: (*Við SÚSÖNNU.*) Hvað er hann að segja?

Enn er barið á hurðina að baðherberginu

LOFTUR: (*Útsviðs.*) Hvað er eiginlega að gerast þarna?

JÓN BORGAR: (*Kallar.*) Við erum að bíða eftir viðgerðarmanni!

SÚSANNA: (*Eins og í leiðslu.*) Ertu að reyna að segja að viðkomandi sé afkomandi ...

JÓN BORGAR: ... minn og Díönu.

SÚSANNA: (*Eins og í leiðslu.*) Ertu að reyna að segja að Díana ...

JÓN BORGAR: ... hafi ekki getað staðist mig, það er rétt, en ekki nota það gegn henni: Ég var ungur og ómótstæðilegur nýútskrifaður læknir.

SÚSANNA: (*Eins og í leiðslu.*) Og ertu að segja mér að ...

JÓN BORGAR: ... að hún hafði bara enga stjórn á sér, aumingja konan.

SÚSANNA: (*Meinlega.*) En þú fórst létt með það?

Og aftur er barið á baðherbergishurðina

LOFTUR: (*Útsviðs.*) Viljiði gjöra svo vel og opna undir eins!

JÓN BORGAR: (*Kallar.*) Viðgerðarmaðurinn er á leiðinni!

MARION: (*Við JÓN.*) Hvað ertu að reyna að púlla?

JÓN BORGAR: Púlla?

MARION: Mamma myndi aldrei deita prest ...

SÚSANNA *gónir á* MARION *og* JÓN *á víxl*

SÚSANNA: (*Gáttuð.*) Deita prest!?

JÓN BORGAR: (*Pirraður.*) Þetta var fyrir tuttugu árum!

MARION: Mamma Grettir er pabbi minn?

DÍANA: Marion ...

MARION: Ég meina, Grettir Sig sko, ótrúlega næs gaur og ótrúlega supportive, ekkert smá næmur á tilfinningar annarra og er bara ... algjör hetja, sko!

HÁN tekur utan um GRETTI og snýr sér síðan að JÓNI.

MARION: (*frh.*) Þú ert bara hrokafullur fáviti.

JÓN BORGAR: Er ég hvað!?

MARION: Ég er ekki einu sinni líkt þér!

JÓN BORGAR: Nei, sem betur fer!

MARION: Þú gætir ekki verið pabbi minn!

JÓN BORGAR: Jú, því er nú andskotans ver ...

SÚSANNA ætlar að krefjast skýringa, en þá er barið aftur á hurðina að baðherberginu.

LOFTUR: (*Útsviðs.*) Opniði dyrnar, segi ég!

MARION: Ohhhh ...

HÁN brestur í grát. Nánustu „skyldmennir“ hlúa að HÁN með huggunarorðum, í belg og biðu.

GRÓA: Svona, svona, elsku Marion ...

DÍANA: Elsku Manni minn ...

GRÓA: Góða Manni, ekki gráta ...

GRETTIR: Marion, í öllum bænum, hættu að gráta, vinur. Ja-hérna ...

JÓN BORGAR: (*Grípur fram í þegar hentar.*) Ég hef aldrei á ævi minni séð hálffulloröna manneskju

taka svona tveggjaáráköst.

SÚSANNA: Jæja? (*Gefur ýmislegt í skyn.*) Það hef ég séð.

Enn er barið á baðherbergishurðina

LOFTUR: (*Útsviðs.*) Halló! Þið þarna!

JÓN BORGAR: (*Kallar.*) Það eru allir í mat!

MARION: Mamma, er hann ekki bara að ljúga þessu?

DÍANA: Marion ...

MARION: Hann er að ljúga þessu, er þakki? Grettir er pabbi minn, er þakki? Ha?

DÍANA: Marion minn ...

GRETTIR: (*Tekur af skarið.*) Jú, það er rétt hjá þér Marion ...

DÍANA: Grettir!

GRETTIR: ... ég er pabbi þinn - og enginn annar!

VIÐSTADDIR stara á GRETTI. HANN virðist undrandi á sjálfum sér, en heldur hugprúður áfram

GRETTIR: (frh. > *Við DÍÖNU.*) Miklu betra að halda sig við „sannleikann“ væna mín. DÍANA: Ha?

GRETTIR: (*Við JÓN.*) Ég kann vel að meta það sem þú gerðir vinur, en það er alveg óþarfi að þú sért að axla mína ábyrgð.

JÓN BORGAR: (*Forviða.*) Finnst þér það, já?

GRETTIR: Já, mér finnst það.

MARION: Ég vissi það! GRÓA: Hvað segirðu?

MARION faðmar GRETTI. JÓN gerir sig breiðan og „telur“ ósýnilega seðla

JÓN BORGAR: Tjaa, mér fannst ég bara í þéanlegri aðstöðu en Grettir ... sko til að sjá fyrir krakkanum.

MARION: (*Við DÍÖNU.*) Hey, við þurfum ekkert að láta prestinn bjarga okkur!

SÚSANNA: Hvaða prest er hann alltaf að- ...

GRETTIR: (*Grípur vinsamlega fram í.*) Jaa, lítilsháttar „meðlag“ myndi náttúrliga engan drepa.

HANN glottir til JÓNS sem brosir vandræðalega á móti. Enn er barið á baðherbergishurðina . Undir eftirfarandi draga MARION og GRÓA upp sinn snjallsímann hvort, gera samanburð og mynda hvort annað

LOFTUR: (*Útsviðs.*) Ef þið opnið ekki, brýt ég upp hurðina!

GRETTIR: (*Kallar.*) Augnablik, við erum að ræða hvernig best sé að standa að viðgerðum hérna!

Um leið og HANN nefnir „viðgerðir,“ glottir HANN til JÓNS og dokar andartak eftir viðbrögðum

JÓN BORGAR: (*Ræskir sig.*) Nú, ef í harðbakkann slær, er auðvitað sjálfsagt að barnið fái smá ... framlag ... úr „safnaðarsjóðnum.“

SÚSANNA: Úr safnaðarsjóðnum- ...?

GRETTIR: (*Grípur vinsamlega fram í.*) Ég get verið eins og guðfaðir hans (*Við DÍÖNU og MARION.*)

Jæja, nú skulum við demba okkur niður á lögreglustöð og síðan förum við öll heim til okkar mömmu í hrútspunga og einn kaldan. (*Við GRÓU.*) Ekki satt?

GRÓA: Hvað segirðu?

Undir eftirfarandi sækir GRETTIR frakka og tilheyrandi í fatahengið SH. AÐRIR sýna einnig á sér fararsnið

MARION: (*Við GRETTI.*) Hey, pabbi, við skulum bánsa. (*Hlær sig máttlausan.*)

GRETTIR: (*Flissar. Síðan við JÓN BORGAR.*) Takk, (*Við DÍÖNU.*) Má ekki bjóða barnsmóður minni

að ganga á undan?

HANN *býður* DÍÖNU *arminn og setur upp sólgleraugun*

DÍANA: Er þetta bónorð?

GRETTIR: Jaa ... ég missti kannski af vagninum fyrir átján árum ... ég væri asni að gera sömu mistökin tvisvar.

HANN *hverfur út ásamt* DÍÖNU. *Þá býður* MARION GRÓU *arminn og ÞAU hverfa út sömu leið - og loka á eftir sér. Það er aftur tekið að snjóa utan við gluggann.* JÓN BORGAR og SÚSANNA *eru ein eftir.* HÚN *mælir* HANN *út og glottir.* HANN *býr sig undir hið versta*

SÚSANNA: Jæja. Það er svona eitt og annað sem þú gætir þurft að útskýra - séra Jón.

JÓN BORGAR: Mhm. (*Eins kæruleysislega og honum er unnt.*) Eigum við samt ekki að fara og blanda geði við gestina fyrst?

SÚSANNA: Jón Borgar ... Marion er með brún augu.

JÓN BORGAR: (*Þykist annars hugar.*) Nú ...

SÚSANNA: Grettir er með blá.

JÓN BORGAR: (*Þykist annars hugar.*) Ókei ...

SÚSANNA: Og Díana líka. Það er útilokað að þau hafi eignast barn með brún augu.

JÓN *reynir að hylja augun - og undir eftirfarandi gerist* HANN *önnum kafinn mjög við að gera upp og pakka tölvusnúrum í fartölvutösku*

JÓN BORGAR: Ég hef nú heyrt að það séu til erfðafræðilegar undantekningar.

SÚSANNA: Og tókstu eftir því hvað hann er munnstór...

JÓN BORGAR: (*Herpir saman varimar*) Nei, ég tók nú ekki eftir því.

SÚSANNA: ...og sláandi myndarlegur?

JÓN BORGAR: (*Ánægður*) Fannst þér það?

SÚSANNA: (*Á leiðinni*) Veistu Jón Borgar... mér fannst sérlega notalegt að fá að sjá þig mannlegan einu sinni, til tilbreytingar...

JÓN BORGAR: (*Meðtekur þetta og veltir fyrir sér. Síðan.*) Hvað meinarðu einu sinni til tilbreytingar?

SÚSANNA: Þú hefur satt að segja verið ansi hreint döll upp á síðkastið.

JÓN BORGAR: Döll? Ég?

SÚSANNA: Já. Þú varst að minnsta kosti ekki nærri eins dauflegur hér í den, þegar þú varst enn í þessum hliðarsporum þínum.

JÓN BORGAR: Hvernig geturu sagt þetta Súsanna?

SÚSANNA: En...þú hættir því nú fyrir svona sirka... tíu árum...ekki satt?

JÓN BORGAR: (*Ætlað að æsa sig upp en verður lítið úr því verki.*) Nú... uh...ég er bara ekki alveg klár á því.

SÚSANNA: Ég er alveg klár á því. Hættir líka að sýna áhuga heima fyrir... þú veist...

JÓN BORGAR: Áhuga? Heima fyrir!?

SÚSANNA: Ekki það, ég er síður en svo að stinga upp á því að þú farir aftur að taka upp gömlu venjurnar á bak við svæfingavélina á skurðstofunni.

JÓN BORGAR: Súsanna Ósk!

Súsanna *kyssir* HANN, *honum til talsverðar undrunar.*

SÚSANNA: Jæja, förum og blöndum geði við gestina.

JÓN BORGAR: (*Brosir*) Ég sé núna hvað ég hef verið mikill lukkunar pamfíll.

SÚSANNA: Það hef ég nú líka verið elskan.

JÓN BORGAR: (*Brosir enn.*) Nei... ég myndi nú ekki segja það...

SÚSANNA: Jú. Ég meina, hvað heldurðu að ég og Grettir Sig höfum verið að gera hér í den...

JÓN BORGAR: Ha...?

SÚSANNA: ...þegar þú varst á öllum þessum löngu næturvöktum?.

JÓN *hættir við að pakka tölvunni og bíður með öndina í hálsinum.*

JÓN BORGAR: Já? Hvað ...?

SÚSANNA: (*Eftir stutt dok.*) Shit happens.

HÚN *glottir og hverfur út um dyrnar - sem lokast á eftir henni. Bros JÓNS fjarar út er boðskapurinn tekur að síast inn. HANN er djúpt hugsi um stund, með tölvuna í höndunum, þ.e. meðan eftirfarandi á sér stað: MANÚELA birtist á syllunni utan við gluggann, án þess að JÓN verði þess var. MANÚELA er enn í Harley Quinn-gervinu, en búin að taka niður hárkolluna og kominn með kaskeiti LOFTS á höfuðið. Það herðir enn á snjókomunni og gengur á með vinðhviðum. Blákaldur sannleikurinn rennur upp fyrir JÓNI sem sprettur á fætur og leggur tölvuna „opna“ á skrifborðið*

JÓN BORGAR: (*Kallar.*) Súsi!

HANN *tekur skyndilega á rás, hverfur út um dyrnar - sem lokast á eftir honum*

Tjaldið

BIL25-0133
BIL25-0133